

Stjórnartíðindi

1987 - A-deild - 1. hluti

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 38 og 548.

Gallar á bls. 6, 24, 436, 513, 591, 609, og 636.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1987

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1987
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
3	23. sept. '86	Lög um fjáröflun til vegagerðar	9—13
1	12. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhalds- fundar	1
6	5. febr.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóða- stofnunum og sendiráðisskrifstofur	15—16
4	19. febr.	Lög um Próunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland . .	14
10	26. febr.	Lög um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986	22
8	27. febr.	Lög um leigunám gistihverbergja o. fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna	21
9	27. febr.	Lög um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Banda- ríkja Ameríku og Sovétríkjanna	21—22
5	2. mars	Lög um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum	15
2	5. mars	Lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum	2—9
18	11. mars	Lög um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981	32
7	18. mars	Lög um stofnun hlutfélagsbanka um Útvegsbanka Íslands	17—20
15	19. mars	Forsetabréf um þinglausnir	30
16	19. mars	Lög um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	31
12	20. mars	Lög um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949	25—27
13	20. mars	Lög um umboðsmann Alþingis	27—29
14	23. mars	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.	30
11	24. mars	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	23—25
17	24. mars	Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 94 16. október 1985, samanber breyting á forsetaúrskurði nr. 2 frá 24. janúar 1986, um skipun og skipting starfa ráðherra	31
19	24. mars	Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafli	33—34
21	24. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skipta- verðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins	35—36

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
23	24. mars	Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	37—38
22	25. mars	Lög um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks	37
20	26. mars	Lög um sjómannadag	34—35
24	26. mars	Lög um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973	38
26	26. mars	Lög um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum	43
25	27. mars	Vaxtalög	39—42
27	27. mars	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986	43—46
28	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslána-sjóð	46
29	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	47
30	27. mars	Lög um orlof	48—50
31	27. mars	Lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum	50—53
32	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum	53
33	27. mars	Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti	54—55
34	27. mars	Lög um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977	55—56
35	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum . . .	56
36	27. mars	Lög um listmunauppböð o. fl.	57—58
37	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands	58
38	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum	59—61
39	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986	62
40	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhöfðu	62
48	27. mars	Lög um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	87—92
41	30. mars	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	63
42	30. mars	Lög um vísitölu byggingarkostnaðar	63—64
43	30. mars	Lög um lögskráningu sjómanna	64—67
44	30. mars	Lög um veitingu prestakalla	68—71
45	30. mars	Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda	72—84
46	30. mars	Lög um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda . .	84—86

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
47	30. mars	Lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna	86
49	30. mars	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	93—99
50	30. mars	Umferðarlög	100—130
51	30. mars	Lög um eftirlit með skipum	131—140
52	30. mars	Lög um opinber innkaup	140—141
53	30. mars	Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum	142—144
55	30. mars	Tollalög	146—183
56	30. mars	Jarðræktarlög	184—189
54	31. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum	145
57	31. mars	Lög um fæðingarorlof	190—191
59	31. mars	Lög um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	192—194
58	5. apríl	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	191
60	14. apríl	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	194
61	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum	195
69	3. júlí	Auglýsing um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987—1990	209—237
62	4. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	196
63	8. júlí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	196
64	8. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands	196—197
65	8. júlí	Auglýsing um skipting starfa ráðherra	198
70	8. júlí	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	238
71	8. júlí	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	239
66	10. júlí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi	199—200
67	10. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	201

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
68	10. júlí	Bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum	202—208
76	19. ágúst	Lög um Iðnlánasjóð	241—246
72	3. sept.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	239
73	7. sept.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	240
74	10. sept.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	240
75	14. sept.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1987 ..	240—241
77	26. sept.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	247
78	5. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	248
79	9. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	248
81	9. okt.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	279
82	15. okt.	Auglýsing um tollskrá	280—670
80	16. okt.	Lög um kosningar til Alþingis	249—279
94	26. nóv.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	691
95	9. des.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	692
93	21. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum	691
83	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál	671
85	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda	673
86	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda	673—674
87	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum	674—675
88	28. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	675—676
90	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda	679—682
92	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988	685—691

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
84	29. des.	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987	672
89	29. des.	Lög um breyting á lögum um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963	677—678
91	29. des.	Lög um sóknargjöld	683—685
98	30. des.	Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	1034
99	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	1034
96	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 55 30. mars 1987, tollalögum	693—1029
97	31. des.	Lög um vörugjald	1030—1033
100	31. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	1035—1036
101	31. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum	1035
102	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1988	1037—1251

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Bladsíðutal
Afréttamálefni, sjá Landbúnaður.			
Almannatryggingar.			
23	24. mars	Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	37—38
54	31. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum	145
59	31. mars	Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	192—194
98	30. des.	Lög um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	1034
Alþingi.			
1	12. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar	1
2	5. mars	Lög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum	2—9
13	20. mars	Lög um umboðsmann Alþingis	27—29
15	19. mars	Forsetabréf um þinglausnir	30
75	14. sept.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1987 ..	240—241
80	9. okt.	Lög um kosningar til Alþingis	249—279
Alþjóðasamningar.			
47	30. mars	Lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna	86
Alþjóðastofnanir.			
6	5. febr.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	15—16
Atvinnuleysistryggingar, sjá Félagsmál.			
Atvinnuréttindi.			
10	26. febr.	Lög um breytingu á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/5. maí 1986	22

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Atvinnuvegir, sjá Iðnaður; Landbúnaður; Sjávarútvegur.			
Ábyrgðarheimildir, sjá Ríkisábyrgðir.			
Bankamál.			
7	18. mars	Lög um stofnun hlutafélagabanka um Útvegsbanka Íslands	17—20
25	27. mars	Vaxtalög	39—42
35	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum . . .	56
93	21. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum	691
Bifreiðar.			
50	30. mars	Umferðarlög	100—130
53	30. mars	Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum	142—144
68	10. júlí	Bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum	202—208
Bókasöfn, sjá Menntamál; Söfn.			
Bráðabirgðalög.			
60	14. apríl	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	194
61	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skodun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum	195
66	10. júlí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi	199—200
67	10. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	201
68	10. júlí	Bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum	202—208
Brunamál.			
83	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál	671
Byggingarmál.			
22	25. mars	Lög um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks	37
42	30. mars	Lög um vísitölu byggingarkostnaðar	63—64
40	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhöfðu	62

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Dómsmál.			
12	20. mars	Lög um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949	25—27
25	27. mars	Vaxtalög	39—42
33	27. mars	Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti	54—55
Efnahagsmál.			
66	10. júlí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi	199—200
68	10. júlí	Bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum	202—208
Fasteignir.			
10	26. febr.	Lög um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986	22
88	28. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	675—676
Ferðamál.			
53	30. mars	Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum	142—144
Félagsmál.			
22	25. mars	Lög um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks	37
27	27. mars	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986	43—46
30	27. mars	Lög um orlof	48—50
32	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum	53
57	31. mars	Lög um fæðingarorlof	190—191
84	29. des.	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987	672
86	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda	673—674
92	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988	685—691
Fjárlög, ríkisreikningur.			
102	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1988	1037—1251
Flugmál.			
31	27. mars	Lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum	50—53

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
-----	------------	-----------	-------------

Flutningar.

53	30. mars	Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum	142—144
----	----------	--	---------

Forseti Íslands.

41	30. mars	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	63
58	5. apríl	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	191
62	4. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	196
63	8. júlí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	196
72	3. sept.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	239
73	7. sept.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	240
74	10. sept.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	240
77	26. sept.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	247
78	5. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	248
79	9. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	248
94	26. nóv.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	691
95	9. des.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	692

Gjaldeyrismál.

35	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum ...	56
----	----------	--	----

Gjöld, sjá Skattar, gjöld.

Happdrætti.

24	26. mars	Lög um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973	38
----	----------	---	----

Háskóli Íslands.

70	8. júlí	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	238
----	---------	---	-----

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
81	9. okt.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	279
Húsnæðismál.			
22	25. mars	Lög um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks	37
27	27. mars	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986	43—46
42	30. mars	Lög um vísitölu byggingarkostnaðar	63—64
84	29. des.	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987	672
92	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988	685—691
Iðnaður.			
76	19. ágúst	Lög um Iðnlánasjóð	241—246
Innkaup.			
52	30. mars	Lög um opinber innkaup	140—141
Jarðir.			
16	19. mars	Lög um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kaupfélga	31
Kennarar, sjá Menntamál.			
Kirkjumál.			
44	30. mars	Lög um veitingu prestakalla	68—71
89	29. des.	Lög um breyting á lögum um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963	677—678
91	29. des.	Lög um sóknargjöld	683—685
Landbúnaður.			
29	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	47
56	30. mars	Jarðræktarlög	184—189
61	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum	195
67	10. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	201

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Leigunám.			
8	27. febr.	Lög um leigunám gistihverbergja o. fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna	21
9	27. febr.	Lög um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna	21—22
Listir, sjá Menntamál.			
Lífeyrissjóðir.			
86	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda	673—674
Lögreglumál.			
26	26. mars	Lög um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum	43
Lögskráning.			
43	30. mars	Lög um lögskráningu sjómanna	64—67
Matvælaeftirlit.			
61	16. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum	195
Menntamál.			
36	27. mars	Lög um listmunauppboð o. fl.	57—58
37	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands	58
40	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu	62
101	31. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum	1035
Milliríkjasamningar, sjá Alþjóðasamningar; Alþjóðastofnanir; Norræn samvinna.			
Nauðungaruppboð.			
12	20. mars	Lög um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949	25—27
Norræn samvinna.			
4	19. febr.	Lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland	14
93	21. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum	691

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Orlof.			
30	27. mars	Lög um orlof	48—50
57	31. mars	Lög um fæðingarorlof	190—191
59	31. mars	Lög um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	192—194
Póstmál.			
34	27. mars	Lög um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977	55—56
Prestar, sjá Kirkjumál.			
Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóður.			
48	27. mars	Lög um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	87—92
60	14. apríl	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	194
99	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	1034
Ráðherrar, sjá Ríkisstjórn.			
Réttarfar, sjá Dómsmál.			
Ríkisábyrgðir.			
7	18. mars	Lög um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands	17—20
68	10. júlí	Bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum	202—208
Ríkisborgararéttur.			
11	24. mars	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	23
100	31. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	1035—1036
Ríkisreikningur, sjá Fjárlög, ríkisreikningur.			
Ríkisstjórn.			
17	24. mars	Auglýsing um breyting á forsetaúrskurði nr. 94 16. október 1985, samanber breyting á forsetaúrskurði nr. 2 frá 24. janúar 1986, um skipun og skipting starfa ráðherra	31
64	8. júlí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands	196—197
65	8. júlí	Auglýsing um skipting starfa ráðherra	198

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Ríkisstofnanir.			
13	20. mars	Lög um umboðsmann Alþingis	27—29
27	27. mars	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986	43—46
34	27. mars	Lög um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977	55—56
52	30. mars	Lög um opinber innkaup	140—141
84	29. des.	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987	672
Samgöngumál, sjá Bifreiðar; Ferðamál; Flugmál; Siglingar, skip; Umferðarmál; Vegamál.			
Seðlabanki Íslands.			
25	27. mars	Vaxtalög	39—42
28	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslána- sjóð	46
33	27. mars	Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti	54—55
Sendiráð.			
6	5. febr.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóða- stofnunum og sendiráðisskrifstofur	15—16
Siglingar, skip.			
10	26. febr.	Lög um breytingu á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986	22
18	11. mars	Lög um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981	32
20	26. mars	Lög um sjómanna dag	34—35
21	24. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skipta- verðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins	35—36
43	30. mars	Lög um lögskráningu sjómanna	64—67
47	30. mars	Lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skír- teini og vaktstöður sjómanna	86
51	30. mars	Lög um eftirlit með skipum	131—140
Sjávarútvegur.			
7	18. mars	Lög um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands	17—20
19	24. mars	Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla	33—34
21	24. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skipta- verðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins	35—36
66	10. júlí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi	199—200

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Sjóðir.			
4	19. febr.	Lög um Próunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland . .	14
16	19. mars	Lög um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981 um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	31
28	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslána-sjóð	46
48	27. mars	Lög um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	87—92
60	14. apríl	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	194
76	19. ágúst	Lög um Iðnlánasjóð	241—246
86	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda	673—674
99	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	1034
Skattar, gjöld.			
3	23. sept. '86	Lög um fjáröflun til vegagerðar	9—13
5	2. mars	Lög um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum	15
14	23. mars	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.	30
21	24. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins	35—36
31	27. mars	Lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum	50—53
38	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum	59—61
39	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986	62
40	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu	62
45	30. mars	Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda	72—84
46	30. mars	Lög um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda . .	84—86
49	30. mars	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	93—99
55	30. mars	Tollalög	146—183
66	10. júlí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi	199—200
67	10. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	201

XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
68	10. júlí	Bráðabirgðalög um ráðstafanir í fjármálum	202—208
82	15. okt.	Auglýsing um tollskrá	280—670
85	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda	673
87	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum	674—675
88	28. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	675—676
90	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda	679—682
91	29. des.	Lög um sóknargjöld	683—685
92	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988	685—691
96	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 55 30. mars 1987, tollalögum	693—1029
97	31. des.	Lög um vörugjald	1030—1033

Skip, sjá Siglingar, skip.

Skólar, sjá Háskóli Íslands; Menntamál.

Sveitarstjórnarmál.

16	19. mars	Lög um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	31
38	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum	59—61
39	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986	62

Söfn.

40	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu	62
----	----------	---	----

Tollamál, sjá Skattar, gjöld.

Tryggingar.

50	30. mars	Umferðarlög	100—130
83	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál	671

Umboðsmaður Alþingis.

13	20. mars	Lög um umboðsmann Alþingis	27—29
----	----------	--------------------------------------	-------

XVIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Umferðarmál.			
50	30. mars	Umferðarlög	100—130
53	30. mars	Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum	142—144
Uppboð.			
12	20. mars	Lög um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949	25—27
19	24. mars	Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávaraflla	33—34
36	27. mars	Lög um listmunauppboð o. fl.	57—58
Utánríkismál , sjá Alþjóðasamningar; Alþjóðastofnanir; Norræn samvinna; Sendiráð.			
Útflutningur.			
28	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslána-sjóð	46
Vaxtamál.			
25	27. mars	Vaxtalög	39—42
33	27. mars	Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti	54—55
Vátryggingar , sjá Tryggingar.			
Vegamál.			
3	23. sept. '86	Lög um fjáröflun til vegagerðar	9—13
5	2. mars	Lög um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum	15
50	30. mars	Umferðarlög	100—130
69	3. júlí	Auglýsing um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987—1990	209—237
Verðlagsmál.			
29	27. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	47
42	30. mars	Lög um vísitölu byggingarkostnaðar	63—64
67	10. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	201
Verslun.			
35	27. mars	Lög um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum . . .	56
88	28. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	674—675

XIX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Vitamál, sjá Siglingar, skip.			
Vísindaráð og Vísindasjóður.			
48	27. mars	Lög um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	87—92
60	14. apríl	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	194
99	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð	1034
Öryggismál.			
50	30. mars	Umferðarlög	100—130
51	30. mars	Lög um eftirlit með skipum	131—140

Skrá um útgáfudaga A—deildar 1987

A 1, nr. 1—4	5. mars
A 2, nr. 5—6	16. mars
A 3, nr. 7	19. mars
A 4, nr. 8—18	25. mars
A 5, nr. 19—60	14. apríl
A 6, nr. 61—65	8. júlí
A 7, nr. 66—68	10. júlí
A 8, nr. 69—70	17. júlí
A 9, nr. 71—72	14. september
A 10, nr. 73—77	30. september
A 11, nr. 78—82	10. nóvember
A 12, nr. 83—95	31. desember
A 13, nr. 96—101	4. janúar 1988
A 14, nr. 102	19. janúar 1988

Endurprentuð blöð: 244, 246.

Leiðrétting: bls. 27, nr. 13, í fyrirsögn: Lög um umboðsmanns Alþingis. Les: Lög um umboðsmann ...

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1987

12. janúar 1987

1

Nr. 1

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 13. janúar 1987, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

5. mars 1987

Nr. 2

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52

14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Í stað „kosningar“ í b-lið 1. mgr. komi: almennar alþingiskosningar.
- b. Í stað „alþingiskosningum“ tvívegis í b-lið 1. mgr. komi: almennum alþingiskosningum.
- c. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 114. gr.“ í c-lið komi: skv. ákvæðum 4. tölul. 3. mgr. 113. gr.

A 1

d. 2. mgr. orðist svo:

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Sá sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

4. gr.

15. gr. (sbr. lög nr. 48/1968 og 66/1984) orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölu. 1. gr. enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. þessarar greinar að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri og skal rita framan við mánaðardaginn: *Fær atkvæðisrétt*. Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

5. gr.

21. gr. breytist þannig:

- a. Við 1. mgr. bætist: Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutadeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn er mál getur varðað.
- b. 3. mgr. (sbr. lög nr. 90/1981) falli niður.

6. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. bætist: Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn sem mál getur varðað.

7. gr.

Í stað „3 vikum og 3 dögum“ í 1. mgr. 26. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: 4 vikum.

8. gr.

Í stað „113. og 114. gr.“ í 1. másl. 2. mgr. 27. gr. laganna komi: 112. og 113. gr.

9. gr.

Í stað „þess háttar, undirkjörstjórnir um“ í 2. mgr. 35. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um.

10. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

11. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmalasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmalasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka í undangengnum kosningum.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.

12. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmalasamtaka, sbr. 40. gr.

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o.s.frv. eftir því sem við á.

13. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð. Auglýsingu skv. þessari mgr. skal birta eigi síðar en þrem vikum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

14. gr.

44. gr. breytist þannig:

- a. Við 1. mgr. bætist: Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjónstöprum.
- b. Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: átta vikum.

15. gr.

Orðin „vegna fjarveru“ í 45. gr. falli niður.

16. gr.

3. mgr. 53. gr. orðist svo:

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru lettri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** (nafn stjórnmalasamtakanna).

17. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1981, orðist svo:

Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram skal kjördagur vera hinn sami um land allt, annar laugardagur í maímánuði.

Allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

18. gr.

4. mgr. 59. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) verði 2. mgr. 83. gr.

19. gr.

62. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

20. gr.

3. mgr. 63. gr. laganna, sbr. l. nr. 15/1974, orðist svo:

Kjörstjóri skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldrafra skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og skv. nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrir en þrem vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjöræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

21. gr.

Fyrri mgr. 64. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrir en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

22. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 66. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áður en kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, fær afhent kjörgögn skal hann, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og nafnnúmer.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjalld, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á er hann hefur skrifað á seðil sinn og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjóra og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

23. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Peir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

24. gr.

6. mgr. 71. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) falli niður.

25. gr.

Í stað 3. málsl. 76. gr. komi: Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

26. gr.

92. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

27. gr.

Orðin „eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.)“ í 96. gr. falli niður.

28. gr.

Við 2. mgr. 101. gr. bætist: sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

29. gr.

Í stað „sama stjórn málflokki“ í 103. gr. komi: sömu stjórn málasamtökum.

30. gr.

104. gr. laganna orðist svo:

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71.

gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dýrum áður en kjörfundi lýkur.

31. gr.

Í stað „stjórnmalaflokks“ í 1. mgr. 106. gr. komi: stjórnmalasamtaka.

32. gr.

2. mgr. 109. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórn-um í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

33. gr.

111. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-liðum fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.

3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi $\frac{3}{4}$ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan. Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur $\frac{2}{3}$ kjördæmistölnnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

34. gr.

112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærrí en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölnnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

35. gr.

113. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
- b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
- c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
- d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-liði, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst:

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur $\frac{1}{5}$ af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.
2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
4. *áfangi:* Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. staflíðum a–e:
 - a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárrí hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
 - b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
 - c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
 - d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
 - e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

36. gr.

114. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir

skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a til e-liða 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

37. gr.

116. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið skv. fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

38. gr.

117. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

39. gr.

Í stað „hefur“ í 1. másl. 118. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: hafa.

40. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr.“ í 119. gr. laganna komi: skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr.

41. gr.

Á eftir 1. másl. 3. mgr. 120. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna.

42. gr.

Í stað „sbr. 121. og 122. gr.“ í 121. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: sbr. 128. og 129. gr.

43. gr.

125. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Í stað „flokksmerki“ í 4. og 5. tölul. komi: merki stjórnmalasamtaka.
- b. Í stað „heimilisfastan“ í 6. tölul. komi: eiga lögheimili.

44. gr.

128. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. Á undan „yfirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: landskjörstjórn og.
- b. 4. mgr. orðist svo:

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

- c. 5. mgr. falli niður.

45. gr.

1. mgr. 130. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

46. gr.

133. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

- a. 2. tölul. orðist svo: Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
- b. 9. tölul. falli niður.

47. gr.

2. tölul. 134. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjördagur við almennar alþingiskosningar árið 1987 skal vera laugardagurinn 25. apríl.

Við þær kosningar skal frestur til að koma fram með kæru vegna kjörskrár, sbr. 20. gr. laga þessara, vera til 6. apríl og skal sveitarstjórn skera úr aðfinnslum við kjörskrána á fundi, sbr. 1. mgr. 21. gr., eigi síðar en 13. apríl.

Gjört í Reykjavík, 5. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Jón Helgason.

23. september 1986

Nr. 3

LÖG

um fjáröflun til vegagerðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 19 30. apríl 1986 hef látið fella meginmál laga nr. 19 30. apríl 1986 inn í lög nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. október 1985 nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. lögum þessum skal einungis varið til veggerðar samkvæmt vegáætlun.

3. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni, er miðist við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensíni, er sönnur eru færðar á, að hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

4. gr.

A

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4 000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 1 000 kg að eigin þyngd skal greiða árgjald að fjárhæð 36 000 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 1 000 kg til 2 000 kg skal árgjaldið vera 46 016 kr. Ef eigin þyngd bifreiðar er 2 000 kg eða meira skal árgjaldið hækka um 2 633 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem eigin þyngd hennar er meira en 2 000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Eigendur bifreiða er um getur í 1. mgr. geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra skv. öikumæli, sbr. B-lið þessarar greinar, í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera það sama og innheimt er af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 4,0—4,9 tonn.

B

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli og koma í stað árlegs þungaskatts skv. A-lið þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyft heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km., kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km., kr.
4,0– 4,9	2,47	15,0–15,9	5,25
5,0– 5,9	2,63	16,0–16,9	5,67
6,0– 6,9	2,84	17,0–17,9	6,08
7,0– 7,9	2,98	18,0–18,9	6,45
8,0– 8,9	3,11	19,0–19,9	6,94
9,0– 9,9	3,25	20,0–20,9	7,31
10,0–10,9	3,45	21,0–21,9	7,73
11,0–11,9	3,58	22,0–22,9	8,22
12,0–12,9	4,03	23,0–23,9	8,61
13,0–13,9	4,41	24,0–24,9	9,00
14,0–14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra ákveðið að gjaldskylda bifreiðar, festi- eða tengivagns miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd, svo sem ef leyfð

heildarþyngd nýtist ekki til fulls. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningabifreiða, sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli.

Ráðherra er og heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti innheimtum samkvæmt öikumæli (kilómetragjaldi) sem fellur á akstur vöruflutningabifreiða, þ. m. t. festi- og tengivagnar, umfram 25 000 km á ári, allt að 20% afslátt af akstri þessara ökutækja umfram 35 000 km á ári og allt að 50% afslátt af akstri þeirra umfram 45 000 km á ári. Af akstri annarra bifreiða má afsláttur þessi nema allt að 10% af akstri umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Öikumælur skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að öikumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn sé útbúin öikumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

C

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera héraðslendis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Sama á við um tengi- og festivagna, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettar eru erlendis. Við ákvörðun fjárhæðar þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt þessum staflíð skal höfð hliðsjón af fjárhæð þungaskatts samkvæmt A- og B-lið þessarar greinar eftir því sem við á.

Sé bifreið, sem skrásett er erlendis, lengur hér á landi en fjóra mánuði í senn skulu ákvæði A- og B-liðar þessarar greinar gilda um hana, eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá, hvað skattinn snertir, telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

Ráðherra er heimilt að fella niður þungaskatt skv. 4. gr. af bifreiðum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni, þó aldrei lengur en í eitt ár. Þá er honum heimilt að kveða svo á að af bifreiðum þessum skuli greiða að tilraunatímabilinu loknu allt að 50% lægri þungaskatt en kveðið er á um í 4. gr.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

6. gr.

Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur skv. A- og B-lið 4. gr. og dagsektir skv. 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxti bensíngjalds, þungaskatts og dagsekta er miðaður við vísitölu 1. október 1985, þ. e. 229 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur

ráðherra ákveðið að þeir sem hafa bensín til umráða, er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs og aðstoða hann við könnun birgða sé þess óskað.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

7. gr.

A

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í A-lið 4. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílur greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarum-dæmi hennar til geyslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. A-lið 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutadeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

B

Þungaskatt skv. B-lið 4. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiðast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ. e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert og láta lesa á og skrá stöðu öikumælis.

Ef taka þarf öikumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan öikumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, sem innheimtumaður ákveður. Við slíka ákvörðun er honum heimilt að miða við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs enda teljist það eðlilegt eftir atvikum.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum og falla þau á án sérstakrar tilkynningar. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó álestur fari síðar fram.

C

Þungaskatt skv. C-lið 4. gr. skal greiða við komu bifreiðar eða vagns til landsins enda sé ökutækið ekki útbúið fullnægjandi öikumæli. Sé ökutækið útbúið öikumæli skal lesið á hann við komu og aftur við brottför og innheimta þungaskatt í samræmi við það.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag ákvörðunar og innheimtu þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt C-lið 4. gr.

8. gr.

Innheimtu bensíngjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

9. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarkerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema þungaskattur af bifreiðinni skv. 4. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um þungaskatt samkvæmt öikumæli að ræða.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldu ökutæki skv. C-lið 4. gr. nema sannað sé að þungaskattur af því hafi verið greiddur.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina hvar sem hún fer og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Þá skal það varða eiganda og/eða umráðamann viðurlögum er samsvarar allt að 10 000 km akstri á mánuði sé öikumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé öikumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi öikumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

11. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Þungaskatti, dagsektum og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) samkvæmt samningi milli ríkisstjórna Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og landsstjórna Færeyja og Grænlands sem undirritaður var á Höfn í Hornafirði hinn 19. ágúst 1986.

2. gr.

Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri, gjaldeyrisviðskipti eða heimildir til lántöku erlendis, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvela starfsemi sjóðsins eða efnidir skuldbindinga hans.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekju- og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um stofnun Þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd).

Gjört í Reykjavík, 19. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1987

2. mars 1987

15

Nr. 5

LÖG

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar,
sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðast svo:

Pungaskatt samkvæmt A-lið 4. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjald dagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal innheimast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarkerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við innheimtu þungaskatts vegna ársins 1987.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

5. febrúar 1987

Nr. 6

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gerir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:
 - a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
 - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
 - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía, Albanía og Saudi Arabia.
 - d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígería.
 - e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeypjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
 - f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Þýska alþýðulýðveldið og Alþýðulýðveldið Mongólía.
 - g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Sviss, Grikkland og Vatíkanið.
 - h. Brussel. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxembourg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.

Tvær skrifstofur skulu vera í Brussel:

 - 1) fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxembourg og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.
 - 2) fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.
 - i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venezuela og Barbados.
 - j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópu-skrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Keníu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
 - k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.
3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægjum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.
4. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.
5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 8. febrúar 1980.

Gjört í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og skal hlutverk hlutafélagsbankans vera að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi og starfsemi í tengslum við hana. Stefnt skal að því að hlutafé hlutafélagsbankans verði allt að 1000 milljónum króna. Í þessu skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. Að leggja Útvegsbanka Íslands, þ.e. eignir, skuldir og skuldbindingar bankans, til hins nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.
- b. Að leggja fram í reiðufé allt að 800 milljónum króna sem hlutafé í hinum nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó c-lið hér á eftir. Ríkissjóði skal heimilt að taka lán í Seðlabanka Íslands til að fjármagna hlutafjárframlag sitt og er í því skyni heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, varðandi lánstíma.
- c. Að kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hins nýja hlutafélagsbanka. Nú skrá slíkir aðilar sig fyrir meira en 200 milljónum króna í hlutafé áður en hlutafélagsbankinn er stofnaður og skal þá heimilt hlutafjárframlag ríkissjóðs skv. b-lið hér að framan lækka jafnmikið og hlutafjárskrift annarra aðila er umfram 200 milljónir króna.
- d. Að ákveða fjárhæð hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í hinum nýja hlutafélagsbanka.

2. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands skal, þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. með hlutafjárframlagi sem nema má allt að 200 milljónum króna og skal Fiskveiðasjóði heimilt að taka í þessu skyni lán allt að þeirri fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt.

9. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, falli niður.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gilda ekki um tölu stofnenda og tölu hluthafa í hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 6. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, um takmörkun atkvæðisréttar gilda ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

4. gr.

Viðskiptaráðherra skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við þann dag sem hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur hann, sbr. 1. mgr. 12. gr. Matsnefndin skal skipuð þremur mönnum og skal einn vera samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, en þann þriðja skipar viðskiptaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður matsnefndarinnar. Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi skal matsnefndin m.a. meta það hvort afskrifa beri einhver útlán Útvegsbanka Íslands umfram það sem þegar hefur verið gert í reikningum bankans. Einnig skal tekið tillit til áhrifa þess skattalega hagræðis sem Útvegsbanka Íslands fylgir við yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr., sbr. 17. gr. Viðskiptaráðherra setur matsnefndinni erindisbréf. Matsnefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum úr Útvegsbanka Íslands. Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skal veita matsnefndinni aðstoð og upplýsingar eftir því sem þörf er á. Matsnefndin skal ljúka störfum fyrir árslok 1987. Kostnaður við störf matsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands skv. framangreindu mati vera neikvæð ábyrgist ríkissjóður hlutafélagsbanka skv. 1. gr. mismuninn. Skal ríkissjóði þá heimilt að inna slíka greiðslu af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára er sé verðtryggt frá yfirtökudegi og beri frá sama tíma meðaltalsvexti samsvarandi útlána hjá bönkum og sparissjóðum á hverjum tíma. Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands skv. framangreindu mati vera jákvæðari greiðir hlutafélagsbanki skv. 1. gr. ríkissjóði mismuninn og skal honum þá heimilt að inna slíka greiðslu af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára er sé verðtryggt frá yfirtökudegi og beri frá sama tíma meðaltalsvexti samsvarandi útlána hjá bönkum og sparissjóðum á hverjum tíma.

5. gr.

Fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna og bankanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga rétt á starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. við stofnun hans. Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fellur þá niður réttur hans til launa það sem eftir er af uppsagnarfresti hjá Útvegsbanka Íslands ef hinu nýja starfi fylgja jafnhá eða hærri laun en hann áður hafði, en ella greiðist launamismunurinn til loka uppsagnarfrestsins.

Um ráðningu bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumanns endurskoðunardeildar hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

6. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til áður en bankinn er lagður niður með yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr. samkvæmt lögum þessum, sbr. og 2. mgr. Ríkisábyrgð á innstæðum í Útvegsbanka Íslands fellur þó niður tveimur árum eftir yfirtöku hins nýja hlutafélagsbanka á Útvegsbanka Íslands, sbr. 1. mgr. 12. gr. Ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. til sama tíma.

Ríkissjóður yfirtekur ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa fyrir gildistökudag laga þessara eða stofnast munu fram að yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr. Eftirlaunasjóður Útvegsbanka Íslands flyst eigi til hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og tekur sjóðurinn eftir yfirtökudag eigi lengur við iðgjöldum en skal starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á honum hvíla.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Útvegsbanka Íslands, við starfi hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og skal þá réttur hans til elli- og örorkulífeyris og réttur maka hans og barna til maka- eða barnalífeyris eða annar réttur skv. reglugerð um Eftirlaunasjód starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., eigi vera lakari en verið hefði ef hann hefði áfram greitt iðgjald til Eftirlaunasjóds starfsmanna Útvegsbanka Íslands þann tíma sem hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Ríkissjóður og hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skulu þá greiða það sem á vantar að greiðslur úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands og greiðslur, sem réttur hefur stofnast til úr þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi starfsmaður greiðir til meðan hann starfar hjá hlutafélagsbanka skv. 1. gr., séu samanlagt jafnháar og greiðslur hefðu numið úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Útvegsbanka Íslands skv. þeirri reglugerð fyrir sjóðinn sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 1. mgr. 12. gr., ef viðkomandi starfsmaður hefði áfram greitt til hans. Skal greiðsluhlutfall ríkissjóds annars vegar og hlutafélagsbanka skv. 1. gr. hins vegar af þessum mismun vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig. Ríkissjóður, hlutafélagsbanki skv. 1. gr. og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands skulu semja sín á milli um nánari framkvæmd þessa ákvæðis og skal við það miðað að einn þessara aðila annist útborganir vegna viðkomandi starfsmanns en endurkrefji síðan hina og hlutaðeigandi lífeyrissjód eftir því sem við á.

Eftir gildistöku laga þessara skal reglugerð um Eftirlaunasjód starfsmanna Útvegsbanka Íslands endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af lögum þessum. Fjármálaráðherra skal tilnefna einn fulltrúa í stjórn sjóðsins í stað formanns bankaráðs og eins bankastjóra Útvegsbanka Íslands uns endurskoðun reglugerðar um sjóðinn er lokið, en við þá endurskoðun skal við það miðað að stjórn sjóðsins verði framvegis skipuð jafnmörgum mönnum frá fjármálaráðherra og þeim sem greitt hafa til sjóðsins. Heimilt skal að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri sjóðsins, ávöxtun á fé hans og greiðslur úr honum.

7. gr.

Innlánsreikningar við Útvegsbanka Íslands skulu flytjast til hins nýja hlutafélagsbanka nema innstæðueigendur óski annars. Skal Útvegsbanki Íslands sjá um opinberar auglýsingar til sinna viðskiptavina vegna þessa.

8. gr.

Greiðslustaður skuldaskjala í eigu eða til innheimtu hjá Útvegsbanka Íslands skal vera í hinum nýja hlutafélagsbanka eftir yfirtöku hans á Útvegsbankanum. Almenn opinber auglýsing til viðskiptavina nægir til að gera þeim þetta kunnugt.

9. gr.

Hlutabréf í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

10. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja hlutafé ríkissjóds í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Söluverð hlutabréfa skal ákveðið með tilliti til eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfa hlutafélagsbankans á hverjum tíma. Heimilt skal að bjóða hlutabréf ríkissjóds til sölu á Verðbréfaþingi Íslands.

11. gr.

Lög þessi koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Stofnfund hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal halda innan mánaðar frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir hlutafélagsbankann fram á stofnfundinum.

12. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987 og telst Útvegsbanki Íslands niður lagður frá og með þeim degi.

Innköllun til lánardrottna Útvegsbanka Íslands skal eigi gefin út.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafélagsbanka skv. 1. gr. veittur frestur til ársloka 1990 til að koma bókfærðu virði fasteigna og búnaðar, sem hann notar til starfsemi sinnar, í það horf sem þar er ákvæðið.

14. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. kemur í stað Útvegsbanka Íslands í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976, og í lögum um Iðnþróunarsjóð, nr. 9/1970.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, skal bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

16. gr.

Viðskiptaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í honum.

17. gr.

Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. tekur við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands.

18. gr.

Um hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu, að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara, gilda ákvæði laga um viðskiptabanka og laga um hlutafélög eftir því sem við á.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.**I**

Umboð núverandi bankaráðs Útvegsbanka Íslands skal haldast þar til hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur starfsemi bankans, sbr. 1. mgr. 12. gr., en fellur þá niður.

II

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hlutafélagsbanka skv. 1. gr. sem stofnast gagnvart erlendum aðilum fyrir 1. maí 1989.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

27. febrúar 1987

21

Nr. 8

LÖG

um leigunám gisterbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi dagana 3.–13. október 1986 öll gistiherbergi og funda- og veitingasali, ásamt tilheyrandi búnaði, í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

27. febrúar 1987

Nr. 9

LÖG

um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi frá kl. 18.00 föstudaginn 10. október 1986 til kl. 18.00 sunnudaginn 12. október 1986, vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna, eftirtaldar húseignir í Reykjavík, ásamt lóðum þeirra og öllum réttindum, sem þeim tilheyrja, þar með talin leigu- og afnotaréttindi sem veitt hafa verið í fasteignum

Þessum og lóðarréttindum sem þeim fylgja, til fullrar og ótakmarkaðrar ráðstöfunar, til ótakmarkaðs aðgangs að öllum hlutum húsanna og til að hindra allan aðgang að þeim og lóðum þeirra nema með leyfi leigunámstaka:

Borgartún 17, Borgartún 18, Borgartún 19,
Borgartún 20, Borgartún 22, Höfðatún 2 og
Sætún 8.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

**um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu,
nr. 34 5. maí 1986.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Nú fullnægir maður, sem fengið hefur löggildingu eða heimild til fasteignasölu, eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar samkvæmt lögum þessum og fellur þá löggilding hans eða heimild til fasteignasölu úr gildi enda ber honum að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu eða leyfisbréfi. Heimilt er ráðherra að veita aðila löggildingu eða leyfi að nýju ef hann fullnægir síðar lagaskilyrðum að mati ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 skulu halda þeim enda fullnægi þeir skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þessara laga. Þeir teljast einnig hafa rétt til sölu skráningarskyldra skipa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1987.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Al, Halim, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 7. janúar 1955 í Tyrklandi. Fær réttinn 13. apríl 1987.
2. Anna Kristín Einarsson, flugfreyja í Reykjavík, f. 11. ágúst 1952 í Bandaríkjunum.
3. Antoniussen, Klæmint Svenning, tannlæknir í Stykkishólmi, f. 19. september 1943 í Færeyjum.
4. Arnar Freyr Samantha Hermannsson, barn á Akureyri, f. 28. apríl 1985 á Sri Lanka.
5. Arndís Jóna Steinarsdóttir, húsmóðir í Grindavík, f. 29. júlí 1962 á Íslandi.
6. Assier, Roland Richard Marie, markaðsstjóri í Reykjavík, f. 12. desember 1957 í Frakklandi.
7. Bandel, Zofia, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. febrúar 1946 í Póllandi.
8. Beekman, Christian, bóndi í Breiðdal, f. 4. apríl 1948 í Hollandi.
9. Behrend, Tómas, rafvirki í Skútustaðahreppi, f. 17. mars 1955 á Íslandi.
10. Benedicic, Helena Dejak, húsmóðir á Akureyri, f. 18. ágúst 1946 í Júgóslavíu.
11. Brune, Esther, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 22. nóvember 1957 í Suður-Afríku. Fær réttinn 4. ágúst 1987.
12. Choi, Kui Ja, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1949 í Suður-Kóreu.
13. Christensen, Björn Ingi Hyldahl, kaupmaður í Garðabæ, f. 4. mars 1951 á Íslandi.
14. Christensen, Sveinn Henrik Hyldahl, kaupmaður í Reykjavík, f. 29. mars 1943 á Íslandi.
15. Collins, Skúli Patrick Leo, nemandi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1976 á Nýja-Sjálandi.
16. Correa, Lisa Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. ágúst 1960 á Indlandi. Fær réttinn 13. október 1987.
17. Daníel Matthías Sigurðsson, nemandi í Garðabæ, f. 6. júlí 1962 í Þýskalandi.
18. Djermond, Mohamed, verslunarmaður í Reykjavík, f. 24. júní 1948 í Alsír.
19. Eckard, Richard Henry, eldvarnaeftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 á Íslandi.
20. Eckardt, Ludwig Martin, kennari á Akranesi, f. 14. maí 1951 í Þýskalandi.
21. Eliason, Sonja Ísafold, húsmóðir í Krýsuvík, f. 13. október 1936 í Danmörku.
22. Frady, Elly Renée, bankastarfsmaður í Kópavogi, f. 31. október 1958 á Íslandi.
23. Furrow, Jennie, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1956 í Bandaríkjunum.
24. Gunnlaugur Marteinn Símonarson, stýrimaður í Reykjavík, f. 29. júní 1952 á Íslandi.
25. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
26. Hajduk, Magdalena, barn í Reykjavík, f. 8. mars 1979 í Póllandi.
27. Hambrock, Heide Margarete, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1959 í Austurríki.
28. Hartmann, Ilse Heike, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
29. Hírlekar, Girish Bhaskar, læknir á Akureyri, f. 4. febrúar 1952 á Indlandi. Fær réttinn 25. ágúst 1987.
30. Holm, Gunnar, vélfræðingur í Reykjavík, f. 3. ágúst 1961 á Íslandi.
31. Holm, Linda Björk, starfsstúlka í Reykjavík, f. 18. júní 1961 á Íslandi.
32. Jacobsen, Edil Jovina, húsmóðir á Vopnafirði, f. 5. febrúar 1945 í Færeyjum.

33. Joensen, Alda Hafdís, húsmóðir í Grindavík, f. 7. febrúar 1948 á Íslandi.
34. Joensen, Guðbjörg Berglind, húsmóðir í Grindavík, f. 22. desember 1953 á Íslandi.
35. Joensen, Súsanna, húsmóðir í Grindavík, f. 9. maí 1946 á Íslandi.
36. Johansen, Aðalgeir Georg Daði, netagerðarmaður í Grindavík, f. 28. júlí 1950 á Íslandi.
37. Johansen, Flóvent Elías, netamaður í Grindavík, f. 18. júlí 1954 í Færeyjum.
38. Jóhann Páll Lilaa Símonarson, farmaður í Reykjavík, f. 11. apríl 1951 á Íslandi.
39. Josephsson, Ulf Anders Torsten, sjúkraliði í Reykjavík, f. 2. maí 1958 í Svíþjóð.
40. Kárdal, Jónína Ólafsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 8. nóvember 1966 í Bandaríkjunum.
41. Khan, Mohammed Allauddin, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 5. ágúst 1961 í Pakistan. Fær réttinn 28. apríl 1987.
42. Kim, Tae Chol, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1945 í Suður-Kóreu.
43. Klonowski, Ewa Elvira, erfðafræðingur í Reykjavík, f. 14. nóvember 1946 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
44. Klonowski, Ireneusz, verkfræðingur í Reykjavík, f. 27. júní 1945 í Póllandi. Fær réttinn 28. maí 1987.
45. Krawczyk, Stanisława, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. apríl 1952 í Póllandi.
46. Laskowska, Regina Irena, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. janúar 1963 í Póllandi. Fær réttinn 4. maí 1987.
47. Ly, Lan Muoi, húsmóðir í Reykjavík, f. 15. október 1956 í Víet Nam. Fær réttinn 22. desember 1987.
48. Martinez, Antonio Fernández, sjómaður á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
49. Miltenburg, Marinus Jacobus Wilhelmus, verkamaður í Grindavík, f. 22. febrúar 1960 í Hollandi.
50. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
51. O'Connell, Edward Gerard, vélvirki í Reykjavík, f. 11. júní 1950 í Skotlandi.
52. Polanska, Jolanta, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. apríl 1959 í Póllandi. Fær réttinn 6. apríl 1987.
53. Potenciano, Jesús Hernández, kennari í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Spáni.
54. Sandy, Anthony Roy, hárgreiðslumeistari í Mosfellssveit, f. 14. júlí 1945 í Englandi.
55. Shahin, Ibrahim Antar Sayed Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1947 í Egyptalandi.
56. Shahin, Samir Antar Said Ahmid, verkamaður í Reykjavík, f. 23. júní 1954 í Egyptalandi.
57. Stanojev, Krsta, íþróttakennari í Kópavogi, f. 5. júní 1944 í Júgóslavíu.
58. Suchanek, Barbara María, húsmóðir í Hrunamannahreppi, f. 28. júlí 1945 í Póllandi.
59. Swan, Edward Marion, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1947 í Bandaríkjunum.
60. Tamayo, Proserpina Yrissari, húsmóðir á Hvammstanga, f. 1. febrúar 1949 á Filippseyjum.
61. Tomcsyk, Izabella, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. apríl 1940 í Póllandi.
62. Vasiljeva, Natalya Vladimirovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 í Sovetríkjunum. Fær réttinn 12. maí 1987.
63. Vilhjálmur Helgi Vilhjálmsson, nemandi í Reykjavík, f. 29. janúar 1960 í Bandaríkjunum.
64. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
65. Waldimar Waldimarsson, fiskeldismaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1935 á Íslandi. Fær réttinn 1. október 1987.
66. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
67. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir skal heimilt, til septemberloka 1987, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar, svo að ekki verði um villst, nafn og heimili uppboðsbeiðanda og uppboðspólanda og skuldunautar sé hann annar en uppboðspólandi. Greina skal og nægilega glögg þau verðmæti sem uppboðs er krafist á, svo sem fasteign, skip, loftfar eða bifreið, með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vörutegund, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o.s.frv. Gera skal og grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja er sanna hana, svo sem endurrit lögtaks- eða fjárnámssgerðar, frumrit eða myndrit veðskuldabréfs, handveðssamnings eða annars heimildarskjals. Uppboðshaldari getur hvenær sem er krafid uppboðsbeiðanda um frumrit skjals til staðfestingar á uppboðsheimild en þó skal það gert eigi síðar en við uppboðssölu.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Ef eigi er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum er hver sá, er boð gerir á uppboði, bundinn við boð sitt þar til annað boð hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en í þrjár vikur frá því síðasta uppboði er slitið.

4. gr.

3. og 4. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Uppboðshaldari skal senda eiganda eignar og skuldunaut, ef hann er ekki eigandi, uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti, eigi síðar en 14 dögum fyrir uppboð eða þegar í stað ef hann hefur síðar fengið vitneskju um rétthafa eða verustað hans. Veðhafa eða öðrum þeim, sem samkvæmt þinglýsingabókum eða öðrum gögnum eiga eða ætla má að eigi réttindi í eign, skal uppboðshaldari einnig tilkynna um uppboðið. Nú er eigandi eða skuldunautur hérlandur ríkisborgari en vissa þykir fyrir að hann eigi ekki lengur heimili hér á landi eða uppboðsbeiðanda reynist ókleift að afla vitneskju um dvalarstað hans og getur þá uppboðshaldari ákveðið að fullnægt verði tilkynningarskyldu til hans með birtingu sérstakrar auglýsingar í Lögbirtingablaði hið minnsta 14 dögum áður en uppboð verður haldið.

Nú skal selja hér fasteign, loftfar eða skip erlends ríkisborgara eða félags sem varnarþing á erlendis og skal þá uppboðshaldari senda utanríkisráðuneytinu uppboðsauglýsingu en það sendir hana svo fljótt sem kostur er utanríkisráðuneyti í heimalandi eigandans og er þá ekki þörf frekari tilkynninga frá uppboðshaldara til hans.

5. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Uppboð skal halda á skrifstofu uppboðshaldara, sbr. þó 3. mgr. 29. gr.

6. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Nú sækir uppboðsbeiðandi, sbr. 1. mgr. 21. gr., ekki uppboðsþing eða sinnir ekki kröfu uppboðshaldara um framvísun skjala skv. 1. mgr. 6. gr. og verður þá ekki af uppboði nema einhver sá, er uppboðs mátti krefjast eftir 1. mgr. 21. gr., beiðist þess.

7. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Uppboð skal haldið öðru sinni nema eigandi eignar og skuldunautur, ef hann er annar en eigandi, lýsi því yfir áður en uppboði er slitið að þeir telji annað uppboð þarflaust. Þrátt fyrir slíka yfirlýsingu getur réttindahafi í eign, sem missa mundi réttinda sinna í henni sakir þess hversu lágt boð hefur fengist, krafist annars uppboðs áður en fyrsta uppboði er slitið.

Í auglýsingu um annað uppboð skal þess geta að það sé annað og síðara uppboð. Auglýsing um annað uppboð skal birt hið minnsta í einu dagblaði eða á annan hátt sem uppboðshaldara þykir til hlyða.

Nú telur eigandi eignar, skuldunautur eða annar rétthafi sýnt að boð á öðru og síðara uppboði á fasteign hafi ekki orðið svo hátt sem skyldi og að það stafi af því að uppboð hafi ekki verið háð á eigninni sjálfri og getur hann þá krafist þess áður en öðru uppboði er slitið að fram fari þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni sem haldið verði á henni sjálfri. Skal uppboðið haldið innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Í auglýsingu skal þess geta að uppboðið sé þriðja og síðasta uppboð og fer um birtingu hennar eftir fyrirmælum 2. mgr.

Nú fæst jafnhátt eða herra boð á síðara uppboði og getur þá hver sá, er í 1. mgr. 21. gr. segir og væntanlega fær hluta af uppboðsandvirði, krafist þess að eign sé slegin hæstbjóðanda er fullnægir eða telja má að muni fullnægja uppboðsskilmálum. Hið sama á við ef jafnhátt boð eða herra kemur fram á þriðja og síðasta uppboði á fasteign ef það er haldið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæðum laga þessara skal beita um framkvæmd uppboðs þótt beiðni um það hafi borist fyrir gildistöku þeirra ef öðru og síðasta uppboði samkvæmt fyrirmælum eldri laga hefur ekki verið slitið við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um umboðsmanns Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosningin gildir til fjögurra ára. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Ef umboðsmaður andast eða verður af öðrum sökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal sameinað þing kjósa umboðsmann að nýju. Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti.

Við tímabundin forföll umboðsmanns getur Alþingi kosið staðgengil til að gegna embættinu meðan forföll vara.

2. gr.

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsluhætti.

3. gr.

Því aðeins fjallar umboðsmaður um stjórnslu sveitarfélaga að um sé að ræða ákvarðanir sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins.

4. gr.

Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

5. gr.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum.

6. gr.

Kvörtun til umboðsmanns skal vera skrifleg og skal þar greint nafn og heimilisfang þess er kvartar. Öll tiltæk sönnunargögn um málsatvik skulu og fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því er stjórnarsýslugerningur sá, er um ræðir, var til lykta leiddur.

Ef skjóta má máli til æðra stjórnvalds er ekki unnt að kvarta til umboðsmanns fyrr en æðra stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Ársfresturinn skv. 2. mgr. hefst þá frá þeim tíma.

7. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur krafist stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öðrum gögnum sem mál varða.

Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Umboðsmaður getur óskað þess að dómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli þykja skipta. Um vitnaleiðsluna skal farið eftir reglum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er málsaðila að vera viðstaddur vitnaleiðsluna. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974. Ákveða má að vitnaleiðslur þessar skuli fara fram fyrir luktum dyrum.

8. gr.

Umboðsmanni ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9. gr.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnvaldi og skal þá strax skýra stjórnvaldinu frá efni kvörtunarinnar nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem kvörtun beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitserð skv. b-lið 2. mgr. 10. gr.

10. gr.

Telji umboðsmaður þegar í upphafi að kvörtun gefi ekki nægilegt tilefni til nánari athugunar eða uppfylli ekki skilyrði laganna til að mega hljóta meðferð skal hann tilkynna kvartanda það og er málinu þá lokið.

Við upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans. Aðallaunagreiðandi ber ábyrgð á vörslu skattkorts launamannsins meðan hann er í þjónustu hans eða þar til launamaðurinn krefst skila á því. Skipti launamaður um starfa eða velji sér annan aðallaunagreiðanda á staðgreiðsluárinu ber fyrri aðallaunagreiðandi hans að skila honum skattkorti hans en launamanninum ber hins vegar að afhenda það þeim launagreiðanda sem hann hefur hjá hið nýja starf sitt eða þeim sem hann hefur valið sér í stað fyrri launagreiðanda sem aðallaunagreiðanda.

Nú hefur launamaður starfa með höndum hjá eða á vegum fleiri en eins launagreiðanda og ber launamanni þá að velja sér aðallaunagreiðanda sem hann afhendir skattkort sitt. Skattkortið verður þá í vörslu þess aðallaunagreiðanda. Sama skal gilda um launamann sem hefur einn starfa með höndum en launagreiðendur hans eru tveir eða fleiri vegna starfans.

Telji launamaður að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar leiði til þess að staðgreiðsla hans verði verulega hærri en orðið hefði ef einungis væri um einn launagreiðanda að ræða, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal ákveðinn persónuafslátt sem aukalaunagreiðanda ber

að taka tillit til við útreikning skatts í stað hámarksafsláttar, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 3. mgr. 11. gr. þessara laga. Jafnframt skal lækka persónuafslátt á aðalskattkorti til samræmis við afslátt sem tilgreindur er á aukaskattkorti.

Skattkort maka.

13. gr.

Hafi annað hjóna, sem samvistum eru, engar tekjur á staðgreiðsluári skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Nýtur þá sá maki, sem tekjurnar hefur, einnig þess persónuafsláttar hins makans sem millifæranlegur er skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Sama gildir um karl og konu sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegu réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Hefji tekjulausi makinn launuð störf á staðgreiðsluári á hann rétt til skattkorts síns og má afhenda það aðallaunagreiðanda sínum og breytist þá staða hins makans hjá aðallaunagreiðanda hans samkvæmt því. Maki, sem haft hefur launatekjur á staðgreiðsluári en lætur af starfi sem launamaður á því ári, hefur hins vegar rétt til þess að afhenda skattkort sitt til aðallaunagreiðanda hins makans og breytist þá staða þess maka samkvæmt því.

Greiðslutímabil.

14. gr.

Greiðslutímabil launa til launamanns, sbr. 4. gr., ákvarðast með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga þar um. Ekkert launatímabil skal þó teljast lengra en einn mánuður.

Greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. tölul. 5. gr., til launamanns, sbr. ákvæði 2. tölul. 4. gr., telst hver einstakur almanaks mánuður staðgreiðsluársins. Laun hvers almanaks mánaðar ákvarðast sem tólfti hluti ($\frac{1}{12}$ hluti) árlegs reiknaðs endurgjalds sem launamaðurinn skal reikna sér innan þeirra marka sem um ræðir í 6. gr.

Ákvörðun launa og afdráttur.

15. gr.

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið ber launagreiðanda hans að bæta við laun launamannsins skattskyldum hlunnindum eftir mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu hans vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og greidd inn á reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal við ákvörðun staðgreiðslu ekki tekið tillit til persónuafsláttar, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Hvenær afdráttur fer fram.

16. gr.

Afdráttur opinberra gjalda af launum skal fara fram við útborgun launa, sbr. þó 2. mgr. 14. gr. Afdráttur opinberra gjalda af launum skal þó ætíð fara fram innan þriggja mánaða frá því að launamaður hefur öðlast endanlegan rétt til launanna.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett sérstakar reglur um hvenær afdráttur fer fram og á hvaða tekjuári greiðslur eru skattlagðar þegar um er að ræða greiðslur sem samkvæmt lögum eða ákvæðum kjarasamninga koma til útborgunar eftir að tekjuöflunartímabili lýkur.

Börn.

17. gr.

Ef launamaður nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluári ber launagreiðanda að halda eftir af launum, sbr. 5. gr., fjárhæð sem ákveðst tiltekinn hundraðshluti launa, sbr. 65. gr. og 2. mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 2. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, án þess að frá dragist persónuafsláttur, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Heimild til endurgreiðslu.

18. gr.

Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina skriflega umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans ef veikindi, slys, mannslát eða starfsbreyting vegna þessa eða aldurs hans munu skerða tekjur hans verulega á þeim hluta staðgreiðsluársins sem eftir er, á þann veg að staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a.m.k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga þessara.

Enn fremur er ríkisskattstjóra heimilt að taka til greina umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef hann hefur eða mun stunda nám í a.m.k. sex mánuði á staðgreiðsluárinu og staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu mun leiða til a.m.k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga þessara.

Á umsókn, sem sett er fram á sérstöku eyðublaði og ríkisskattstjóri lætur gera, skal koma fram rökstuðningur fyrir kröfum samkvæmt þessari grein. Umsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn til stuðnings kröfunni.

Ríkisskattstjóri skal úrskurða um umsókn launamanns og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

Launagreiðendaskrá, tilkynningar.

19. gr.

Hver sá, sem innir af hendi í fyrsta sinn launagreiðslu, sbr. 5. gr., verður þar með launagreiðandi og skal innan átta daga senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og kennitala launagreiðandans.

Nú hefur aðili, sem að mati ríkisskattstjóra bar að tilkynna sig sem launagreiðanda skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá ríkisskattstjóri úrskurða hann sem launagreiðanda samkvæmt ákvæðum 7. gr. og tilkynna aðilanum þar um.

Aðilar þeir, sem um ræðir í 1. og 2. mgr., skulu vera á sérstakri skrá, launagreiðendaskrá, sem ríkisskattstjóri heldur. Hver launagreiðandi fær þá sérstakt númer sem hann skal geta um í skilagrein staðgreiðslu, sbr. ákvæði 20. gr.

Launagreiðandi, sem er á launagreiðendaskrá en hættir launagreiðslum á staðgreiðsluári, skal innan átta daga senda ríkisskattstjóra tilkynningu þess efnis.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

III. KAFLI

Skil á staðgreiðslu.*Greiðslur, greiðslustaðir, skilagreinar.*

20. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 15.–17. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi í banka, sparisjóði eða pósthöð sem innborgun á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga. Með greiðslu skal fylgja skilagrein í tvíriti frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði. Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilagrein beint til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hvernar greiðslu.

Gjalddagi greiðslu skv. 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi skv. 28. gr.

Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram á skilagreinum og greiðsluskjölum og ákveður gerð þeirra.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 2. mgr. að höfðu samráði við félagsmálaráðherra.

Ríkissjóður skal greiða sveitarfélögum þann hluta persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu útsvars vegna hvers launamanns á staðgreiðsluári, sbr. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 15. gr. laga þessara, eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. mgr.

Yfirferð, áætlun og tilkynningar skattstjóra.

21. gr.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar launagreiðenda, sbr. 20. gr., og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tíma- marka skv. 20. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

Ábyrgð.

22. gr.

Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt lögum þessum. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launamaður bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.

IV. KAFLI

Stjórnun staðgreiðslu.

Yfirstjórn.

23. gr.

Ríkisskattstjóri hefur á hendi yfirstjórn staðgreiðslu.

Ríkisskattstjóri.

24. gr.

Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara:

1. halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launamanna og launagreiðenda á staðgreiðsluári,
2. gefa út reglur og leiðbeiningar fyrir launamenn og launagreiðendur um notkun gagna og eyðublaða vegna staðgreiðslu opinberra gjalda,
3. láta gera eyðublöð, sem nauðsyn er á, fyrir launagreiðendur. Eyðublöð þessi skulu fást hjá skattyfirvöldum og hjá þeim aðilum sem heimild hafa til móttöku greiðslna skv. 20. gr.

Ríkisskattstjóri skal setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum eftir því sem þörf krefur.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða gjald- eða skilaskyldu og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá, m.a. frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum og pósthöðvum.

V. KAFLI

Upplýsingaskylda, eftirlit o.fl.

Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir.

25. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattfyrirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsóknar skv. 26. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær, er um getur í 2. mgr. þessarar greinar, gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo og öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit.

26. gr.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri vísar til hans nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- eða skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjórn.

Launabókhald.

27. gr.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt launabókhald launagreiðenda.

VI. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.*Álag, dráttarvextir og áætlun.*

28. gr.

Séu greiðslur launagreiðanda skv. 20. gr. eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal hann sæta álagi til viðbótar upphæð skilafjárins eða til viðbótar því skilafé sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 21. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti (1%) af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar (10%).
2. Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Álag þetta skal vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilagrein innan tíu virkra daga frá tilkynningu skattstjóra skv. 21. gr. skal hann greiða upphæð skilafjár samkvæmt skilagreininni ásamt álagi skv. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða skal hann greiða hið gjaldskylda skilafé auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan sjö daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 27. gr. Jafnframt er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi eða aðrir þættir, sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna, settra skv. 27. gr., mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannpröfunar á skilagreinum, sbr. 25. gr. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimta vanskilafjár o.fl.

29. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag skv. 28. gr. skal vera forgangskrafa í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá

því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og álag, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttengið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga hjá innlánsstofnunum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 20. gr., innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til skattstjóra.

Refsingar.

30. gr.

Skýri skilaskyldur aðili, sbr. III. kafla, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans, haldi eigi eftir eða afhendi eigi á lögmaletum tíma skilagreinar eða þær greiðslur vegna launamanns sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir skv. 15.–17. gr., sbr. 20. gr., skal hann auk vanskilafjár greiða sekt allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 19. gr., misnotar skattkort það sem um ræðir í 11. gr., sbr. 12. og 13. gr., vanrækir þá skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru skv. 27. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar gjald- og skilaskyldu hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil skal hann sæta sektum enda liggja eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Launamaður, sem lætur greiða sér laun vitandi um það að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar greiðslu eða greiðsluskil vegna hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á nefnd skil, skal sæta sektum enda liggja eigi við brotinum þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skilagreiddslu sem undan var dregin eða vanrækt voru skil á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu að greiða sekt.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi gjald- eða skilaskyldu annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 25. gr., skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmáður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum að greiða sekt og svipta hann starfsréttindum enda hafi brotið verið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Málsmeðferð og opinber rannsókn.

Fyrningarreglur.

31. gr.

Ríkisskattstjóri úrskurðar sektir skv. 30. gr. nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá ríkisskattstjóra skal veita

sakborningi færi á að taka til varna. Úrskurðir ríkisskattstjóra um sektir eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hans.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Ríkisskattstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattstjóra.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Greiðslukröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattstjóri úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 29. gr. við innheimtu þeirra.

Sök skv. 30. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærdum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

VII. KAFLI

Skipting á innheimtufé staðgreiðslu.

32. gr.

Fjármálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum.

Sveitarfélög skulu greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd þeirra.

VIII. KAFLI

Álagning skatta og gjalda, uppgjör staðgreiðslu og innheimtu.

Álagning.

33. gr.

Álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 9. gr., annast skattstjórar, sbr. 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Álagningarskrá.

34. gr.

Þegar skattstjórar hafa lokið ákvörðun og álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 9. gr., skulu þeir senda ríkisskattstjóra skrá um þessa álögðu skatta og gjöld sem nefnd skal álagningarskrá.

Að móttækinni álagningarskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og skrá um staðgreiðslu á staðgreiðslu-árinu, að teknu tilliti til breytinga í samræmi við lánskjaravísitölu samkvæmt ákvæðum 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Innheimtuskrár, þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld.

35. gr.

Yfir þá gjaldendur, sem að lokinni álagningu skattstjóra reynast skulda opinber gjöld, skal ríkisskattstjóri gera innheimtuskrá er sýni skatta þeirra og gjöld eftir að tekið hefur verið tillit til skuldajöfnunar á milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt

og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Innheimtuskrá skal senda viðkomandi innheimtumanni, sbr. 2. og 3. mgr.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn ríkissjóðs skal auk tekjuskatts taka til annarra skatta og gjalda sem skattstjórum ber að leggja á og innheimtumönnum ríkissjóðs að innheimta. Skattar þessir og gjöld skulu einu nafni nefnast þinggjöld.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn sveitarsjóða skal auk útsvars taka til annarra skatta og gjalda sem skattstjórum ber að leggja á og innheimtumönnum sveitarsjóða að innheimta. Skattar þessir og gjöld skulu einu nafni nefnast sveitarsjóðsgjöld.

Þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu skal innheimtuskráin ná bæði til þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda.

Endurgreiðsluskrá, skuldajöfnun og dráttarvextir.

36. gr.

Yfir þá gjaldendur, sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, skal ríkisskattstjóri gera endurgreiðsluskrá.

Endurgreiðsluskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri senda annars vegar innheimtumönnum ríkissjóðs vegna ofgoldinna þinggjalda og hins vegar innheimtumönnum sveitarsjóða vegna ofgoldinna sveitarsjóðsgjalda er sjá um endurgreiðslu.

Innheimtumenn opinberra gjalda skulu skuldajafna öðrum ógoldnum en gjaldföllnum opinberum gjöldum, sem þeir annast jafnframt innheimtu á, á móti endurgreiðslu skv. 2. mgr.

Innheimta þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda.

37. gr.

Um innheimtu þinggjalda, sbr. 2. mgr. 35. gr., og ábyrgð skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.

Um innheimtu sveitarsjóðsgjalda, sbr. 3. mgr. 35. gr., skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði VI. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Þeir menn, sem njóta annarra tekna en launatekna og vilja komast hjá greiðslu verðbóta á tekjuskatt og útsvar af þessum tekjum, sbr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða fjárhæð sem ætla má að nægi til lúkningar væntanlegri álagningu tekjuskatts og útsvars á þessar tekjur. Greiðsla þessi skal innt af hendi eigi síðar en 31. janúar næstan á eftir staðgreiðsluári. Greiðslan skal bætast við staðgreiðslu þá sem maðurinn innti af hendi eða innt hefur verið af hendi fyrir hann, á staðgreiðsluári og færast á staðgreiðsluskrá áður en greiðslustaða hans er ákvröðuð skv. 34. gr.

Nánari fyrirmæli um greiðslur, greiðslustaði, skilagreinar og aðra framkvæmd samkvæmt þessari grein skulu settar í reglugerð af fjármálaráðherra.

39. gr.

Allar tilkynningar, skilagreinar og skýrslur, sem gera skal samkvæmt lögum þessum, skal hlutaðeigandi aðili láta í té ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðendur skulu annast allar skyldur sínar samkvæmt lögum þessum án endurgjalds.

40. gr.

Ákvæði annarra laga, er fela í sér að óheimilt sé að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum, skulu ekki gilda gagnvart staðgreiðslu samkvæmt þessum lögum.

41. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

42. gr.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Þorsteinn Pálsson.

LÖG**um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda öðlast gildi 1. janúar 1988.

2. gr.

Innheimta álagðs tekjuskatts og útsvars manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjaldárið 1988 vegna launa á tekjuárinu 1987, fellur niður. Með launum í þessu sambandi er átt við laun eins og þau eru skilgreind í 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Niðurfelling innheimtu skv. 1. mgr. fer fram þannig að sá hluti tekjuskatts manna, sem reiknast samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem svarar til hlutfalls launa af skattskyldum tekjum manns samtals að frádregnum frádrætti skv. 1.–4. tölul. og 6.–8. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. tekjuskattslaga, fellur niður. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur ekki nýtast til greiðslu eignarskatts manns á gjaldárinu 1988.

Útsvar manna af launum, sbr. IV. kafla laga nr. 73/1980, skal fellt niður eftir sömu reglum og lýst er í 2. mgr.

3. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 9. gr., 11. gr., 19. gr. og 32. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda koma til framkvæmda á árinu 1987, eftir því sem við á.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. 19. gr. staðgreiðslulaga skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 1. október 1987.

4. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. skal leggja á menn og innheimta tekjuskatt og útsvar vegna launa tekjuársins 1987 hafi launin verið yfirfærð á það ár vegna breytinga á uppgjörsaðferð eða viðmiðun teknanna eða á annan hátt.

Sama á við þegar aukning launa manns á árinu 1987 verður, að mati skattstjóra, ekki rakin til aukins vinnuframlags hans eða aukinnar starfsábyrgðar eða stöðuhækkunar.

Fari fjárhæð reiknaðs endurgjalds manns vegna ársins 1987, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, fram úr reiknuðu endurgjaldi hans fyrir árið 1986, eftir að það hefur verið leiðrétt með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1986 til 1. júlí 1987, að viðbættum 25%, eða fram úr viðmiðunartekjum í starfsgrein hans samkvæmt viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra fyrir árið 1987 telst sú fjárhæð, sem umfram er, hærri viðmiðun til yfirfærðra launatekna skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Óheimilt er manni, sem ber að telja sér til tekna endurgjald, í framtali ársins 1988 vegna tekjuársins 1987, samkvæmt nefndri 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr., að mynda tap vegna þessa í rekstri sínum eða rekstri sem rekinn er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Sömu reglur gilda um reiknað endurgjald maka hans og barna á árinu 1987.

Skattlagning skv. 1. mgr. skal einnig ná til launagreiðslna til manns frá lögaðila, sbr. 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, ef móttakandi greiðslnanna getur, vegna eignarhlutdeildar sinnar í lögaðilanum, haft áhrif á fjárhæð launagreiðslnanna til sín á árinu 1987. Þegar þannig er háttað skal sá hluti launagreiðslna til manns, er fer fram úr launum hans frá viðkomandi lögaðila á árinu 1986, eftir að þau hafa verið leiðrétt með hliðsjón af breytingu, sem orðið hefur á lánskjaravísitölu 1. júlí 1987 frá 1. júlí 1986, að viðbættum 25%, eða fram úr viðmiðunartekjum í starfsgrein hans samkvæmt viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra fyrir árið 1987, teljast, þær launagreiðslur sem umfram eru hærri viðmiðunina, til yfirfærðra launatekna skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sömu reglur gilda um laun til maka eða barna manns sem um ræðir í þessari málsgrein.

5. gr.

Yfirfærðar tekjur skv. 4. gr. falla undir 9. tölul. C-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og teljast til tekna tekjuársins 1987 við álagningu á árinu 1988.

6. gr.

Prátt fyrir gildistökuákvæði 21. gr. laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem taka skulu gildi 1. janúar 1988, skulu þau ákvæði, sem breytingum taka með þeim lögum, önnur en 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða I, sbr. og 2. másl. 2. mgr. 2. gr. þessara laga, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu skatta á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

7. gr.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 9. gr. laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu þau ákvæði, sem breytingu tóku með þeim lögum, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu útsvars á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978).

2. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun A. 481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981.

3. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, verða sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Matthías Bjarnason.

LÖG

um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI Vísindaráð.

1. gr.

Vísindaráð er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

Það er hlutverk Vísindaráðs að efla íslenskar vísindarannsóknir í þeim tilgangi að afla þekkingar og skilnings á eðli mannsins og umhverfi hans og búa í haginns fyrir farsæla nýtingu náttúrugæða.

Um verkaskiptingu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins fer eftir lögum þessum, svo og nánari ákvæðum í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum beggja ráðanna.

2. gr.

Verkefni Vísindaráðs í samræmi við hlutverk ráðsins skv. 1. gr. eru m.a. þessi:

1. Vísindaráð er ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er varðar rannsóknir á verksviði þess, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til vísindastarfsemi. Ráðið skal gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfi og skipulagi vísindastofnana.
2. Vísindaráð veitir styrki til rannsóknaverkefna af því fé sem Vísindasjóður hefur til ráðstöfunar í því skyni á ári hverju. Fela má ráðinu úthlutun styrkja sem veittir eru til Íslands af alþjóðastofnunum og ætlaðir eru til vísindarannsókna.
3. Í samvinnu við Rannsóknaráð ríkisins heldur Vísindaráð skýrslur um þær vísindarannsóknir sem unnið er að hér á landi hverju sinni, annast upplýsingaþjónustu um vísindarannsóknir og stuðlar að nauðsynlegu samstarfi milli þeirra aðila er að rannsókn-um vinna. Einnig getur það tekið að sér dreifingu og staðið fyrir útgáfu vísindarita.
4. Vísindaráð hefur fyrir Íslands hönd samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir. Það hefur einnig eftirlit með rannsóknnum erlendra vísindamanna hér á landi á starfssviði ráðsins og fjallar um leyfisveitingar til slíkra rannsókna á þeim sviðum þar sem þeirra er krafist samkvæmt lögum.
5. Vísindaráð ásamt Rannsóknaráði ríkisins lætur skrá yfirlit um tækjaeign rannsóknastofnana og stuðlar að samnýtingu tækja eftir því sem hagkvæmt þykir.

3. gr.

Vísindaráð greinist í þrjár deildir:

1. Náttúruvísindadeild.
2. Líf- og læknisfræðideild.
3. Hug- og félagsvísindadeild.

Kveðið skal nánar á í reglugerð um starfssvið og verkefni einstakra deilda.

Stjórnir deilda, sbr. 5. gr., og stjórn ráðsins, sbr. 4. gr., mynda saman Vísindaráð.

4. gr.

Stjórn Vísindaráðs skal skipuð fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar stjórn Vísindaráðs til fjögurra ára sem hér segir: a) formenn deildarstjórna Vísindaráðs, b) einn tilnefndan af Háskóla Íslands og c) einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

Stjórn Vísindaráðs hefur umsjón með heildarskipulagi vísindastarfsemi í landinu og fjallar um tillögur deilda í því efni áður en þær eru sendar stjórnvöldum.

Stjórn Vísindaráðs er í fyrirsvari fyrir ráðið gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörslu Vísindasjóðs. Hún ákveður einnig hvernig skipta skuli ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins.

Stjórn Vísindaráðs boðar til sameiginlegs fundar með deildarstjórnnum eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að fjalla um megin stefnu í störfum ráðsins.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

- a. Stjórn náttúruvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af raunvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af verkfræðideild Háskóla Íslands, tveir tilnefndir af rannsóknastofnunum í náttúruvísindum utan Háskólans og tveir af fundi fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa félaga sem fást við rannsóknir á sviði náttúruvísinda.
- b. Stjórn líf- og læknisfræðideildar er skipuð sjö mönnum. Skulu þrír tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af tannlæknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við læknis- og líffræðilegar rannsóknir.
- c. Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af fundi stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda.
- d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
- e. Aðalmenn og varamenn í deildarstjórnnum skulu hafa háskólapróf eða sambærilega menntun í viðkomandi fræðigrein.
- f. Menntamálaráðherra boðar til funda þeirra sem um getur í a-, b- og c-liðum og skal ákveðið í reglugerð hverja þangað skuli boða.
- g. Deildarstjórnir kjósa sér hver sinn formann.

Deildarstjórnir fylgjast með skipulagningu vísindastarfsemi í landinu hver á sínu sviði og eru stjórnvöldum til ráðuneytis í því efni. Þær skulu hafa frumkvæði um vísindastefnu, hlutast til um gerð langtímaáætlana og leggja á ráð um forgangsröð verkefna.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum af fé Vísindasjóðs sem þær fá til ráðstöfunar og hafa eftirlit með því að þeim sé varið í samræmi við það sem áskilið var er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó að eigin frumkvæði boðið innlendum eða erlendum vísindamanni fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrk má veita til allt að þriggja ára í senn. Deildir Vísindaráðs skulu ekki sjálfar vera beinir aðilar að rannsóknum.

6. gr.

Stjórn Vísindaráðs ræður framkvæmdastjóra ráðsins til fimm ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

7. gr.

Rekstrarkostnaður Vísindaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til ráðsmanna.

8. gr.

Reikningar Vísindaráðs, þar með taldir reikningar Vísindasjóðs, skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðun. Eftir lok hvers reikningsárs skal senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf ráðsins ásamt samriti af ársreikningum.

II. KAFLI

Vísindasjóður.

9. gr.

Það er hlutverk Vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn vísindastofnanir og einstaklinga til tiltekinna rannsóknaverkefna og vísindalegrar sérþjálfunar. Einnig getur hann styrkt rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum og öðru sem til rannsókna þarf.

10. gr.

Tekjur Vísindasjóðs eru:

- a. Fjárveiting úr ríkissjóði í fjárlögum ár hvert.
- b. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 37. gr. laga nr. 36/1986.
- c. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum, en þær skulu undanskildar sköttum og frádráttarhæfar frá skatttekjum á því ári sem þær eru afhentar.

Hluta af árlegum peningatekjum Vísindasjóðs skal samkvæmt ákvörðun stjórnar Vísindaráðs leggja í sérstakan sjóð er nefnist stofndeild Vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má ekki skerða en heimilt er að verja vöxtum af fé hennar til almennrar starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Stjórn Vísindaráðs skiptir árlegu ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins en deildarstjórnir taka ákvörðun um styrkveitingar til einstakra verkefna, sbr. 4. og 5. gr.

III. KAFLI

Rannsóknaráð ríkisins.

12. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

13. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í raunvísindum og tækni og rannsóknnum á auðlindum lands og sjávar. Það skal vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis um allt er varðar hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til þeirrar starfsemi.

Ráðið skal gera tillögur um stefnumörkun fyrir hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og fylgjast með starfi og skipulagi rannsóknastofnana á því sviði.

14. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu eiga sæti sjö menn skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn eins og hér segir: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu forstjóra rannsóknastofnana atvinnuveganna, Iðntæknistofnunar Íslands og Orkustofnunar, einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og raunvísindadeildar Háskóla Íslands í sameiningu, einn samkvæmt tilnefningu starfandi vísindamanna í raunvísindum eftir nánari ákvæðum í reglugerð, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Hann skal hafa víðtæka reynslu á sviði raunvísinda.

Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum. Menntamálaráðherra skipar varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðherra ákveður þóknun til ráðsmanna.

15. gr.

Rannsóknaráð ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Ráðning er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslíð. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Hann skal hafa lokið háskólaprófi.

16. gr.

Rekstrarkostnaður Rannsóknaráðs ríkisins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum ár hvert.

17. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins á þeim sviðum sem talin eru í 13. gr. skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir rannsóknastarfsemi sem fram fer í landinu á starfssviði ráðsins og gera tillögur til úrbóta ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt. Rannsóknaráð framkvæmir ekki rannsóknir.
2. Gerð langtímaáætlunar um þróun hagnýtra rannsókna og þróunarstarfsemi. Ráðið skal beita sér fyrir framkvæmd slíkrar áætlunar í samráði við rannsóknastofnanir og samtök atvinnulífsins, m.a. með því að vera til ráðuneytis og gera tillögur um framlag ríkissjóðs til rannsóknastarfseminnar og leita eftir framlagi til hennar eftir öðrum leiðum.
3. Úthlutun styrkja til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til rannsókna samkvæmt nánari ákvæðum í 18. gr. Fela má ráðinu úthlutun styrkja sem veittir eru til Íslands af alþjóðastofnunum og ætlaðir til rannsókna í þágu atvinnuveganna.
4. Yfirumsjón með óráðstöfuðu landsvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna skv. 59. gr. laga nr. 64/1965, svo og úthlutun styrkja úr Byggingarsjóði rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 19. gr. þessara laga og 61. gr. laga nr. 64/1965 (sbr. lög nr. 22/1973).
5. Fræðsla og kynning á rannsóknastarfseminni, m.a. með ársfundi, ársskýrslu og ráðstefnum.
6. Að stuðla að upplýsingaþjónustu sem vinni bæði að því að koma upplýsingum frá rannsóknastarfseminni á framfæri við atvinnuvegina og upplýsingaöflun fyrir rannsóknastarfsemina.
7. Að eiga samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
8. Eftirlit með starfsemi erlendra vísindamanna hér á landi á þeim sviðum sem ráðið fjallar um.
9. Önnur þau verkefni sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

IV. KAFLI

Rannsóknasjóður.

18. gr.

Myndaður skal Rannsóknasjóður í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi. Tekjur þessa sjóðs skulu m.a. vera sem hér segir:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Framlög úr Framkvæmdasjóði Íslands samkvæmt ákvörðun stjórnar hans er miðist við að lágmarki 10% af hreinum tekjum sjóðsins.
3. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt til arðbærrar framleiðslu.

Sjóður þessi getur veitt styrki til rannsóknaverkefna einstakra vísindamanna, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknaráð ríkisins tekur á móti umsóknum um styrki úr sjóðnum og skipar sérfróða menn til þess að meta slíkar umsóknir. Ráðið ákveður styrkveitingar.

Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Rannsóknaráð getur þó boðið innlendum eða erlendum vísindamanni, forstöðumanni rannsóknastofnunar eða fyrirtæki fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Einnig getur Rannsóknaráð að eigin frumkvæði veitt styrki til að undirbúa eða skipuleggja rannsókn- eða þróunarverkefni á sviðum sem ráðið telur mikilvæg.

Niðurstöður af verkefnum, sem notið hafa stuðnings úr Rannsóknasjóði, skulu að jafnaði birtar opinberlega í tímaritum eða skýrslum sem skulu vera aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi. Þó skal styrkþega heimilt að óska þess að niðurstöðum verði haldið leyndum. Skal styrkþegi þá endurgreiða raunvirði hins veitta styrks með kjörum sem nánar er kveðið á um í samningi.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um úthlutanir úr Rannsóknasjóði að fengnum tillögum Rannsóknaráðs.

V. KAFLI

Byggingarsjóður rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna.

19. gr.

Byggingarsjóður rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 61. gr. laga nr. 64/1965 (sbr. lög nr. 22/1973), er í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Tekjur þess sjóðs skulu m.a. vera sem hér segir:

1. Fjárveitingar í fjárlögum.
2. Einkaleyfisgjald af Happprætti Háskóla Íslands.

Sjóður þessi veiti styrki til meiri háttar tækjakaupa og byggingarframkvæmda. Rannsóknaráð ríkisins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Þær skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

VI. KAFLI

Samvinna Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.

20. gr.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins skulu hafa með sér nána samvinnu. Sú samvinna skal einkum lúta að eftirfarandi atriðum:

- a. Mótun samræmdrar vísinda- og tæknistefnu í landinu.
- b. Eflingu og samræmingu grundvallarrannsókna og hagnýtra rannsókna í þágu atvinnuveganna svo sem kostur er.

- c. Móttöku og afgreiðslu umsókna til Vísindasjóðs og Rannsóknasjóðs og samræmingu á meðferð og mati á umsóknum, svo og eftirliti með framkvæmd verkefna sem hljóta styrki.
 - d. Öflun upplýsinga og yfirlits um allar rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu á hverjum tíma og miðlun upplýsinga um þau efni.
 - e. Kynningu á rannsóknarstarfseminni með ársfundum, ársskýrslum og ráðstefnum.
 - f. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði vísinda- og tæknimála og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á því sviði.
 - g. Eftirliti með starfsemi erlendra vísindamanna hér á landi.
- Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins skulu reglulega skila sérstakri skýrslu til ráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu og skal hún ásamt greinargerð ráðherra lögð fyrir Alþingi til kynningar og umfjöllunar.
- Setja skal á stofn samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er skipuð skal tveimur fulltrúum hvors ráðs og oddamanni er menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja samvinnu ráðanna og fjalla um þau mál sem þeim eru sameiginleg og varða verkaskiptingu þeirra.
- Komið skal á samstarfi milli ráðanna um rekstur skrifstofu og önnur þjónustustörf eftir því sem við verður komið.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Tæki og annar búnaður sem keypt eru fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði skulu undanþegin aðflutningsgjöldum.

22. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð, sbr. lög nr. 34/1971, svo og I. kafli (1.–8. gr.) laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Eignir Vísindasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum nr. 51/1957, falla til Vísindasjóðs sem mælt er fyrir um í þessum lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þrátt fyrir ákvæði í 14. gr. skulu við fyrstu skipun í Rannsóknaráð ríkisins þrír af þeim, sem skipaðir eru, aðrir en formaður, skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

II

Lög þess skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „sambærilegt“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laganna komi: eigi lægra.

2. gr.

Eftirtalдар breytingar verði á 28. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 5. tölul. falli brott.
- b. 7. tölul. orðist svo: Persónuafsláttur, sjómannaafsláttur, barnabætur og húsnæðisbætur sem um ræðir í VI. kafla laga þessara.

3. gr.

A-liður 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

1. Útgjöld vegna móttækinnar ökutækjastyrkja og dagpeninga sem sannað er að séu kostnaður vegna ferða á vegum atvinnurekenda og í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
2. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
3. Tekjur skv. 4. tölul. A-liðs 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 120. gr.

4. gr.

C-, D- og E-liðir 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 30. gr. falli niður.

5. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 51. gr. falli niður.

6. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

- m. þar sem vegavinna fer fram, og
- n. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

Þegar vegur er blautur skal ökumaður, eftir því sem unnt er, aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

Almennar hraðatakmarkanir.**37. gr.**

Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst.

Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 90 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 100 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er til að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.**38. gr.**

Ökuhraði fólksbifreiðar, sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

Ökuhraði annarra bifreiða, sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 70 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með annað tengitæki má aldrei vera meiri en 30 km á klst.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur ákveðið, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar, ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

VI. SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL, BIFHJÓL OG TORFÆRUTÆKI**Reiðhjól.****39. gr.**

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Gildir þetta þrátt fyrir umferðarmerki eða önnur merki, nema þau séu sérstaklega ætluð hjólreiðamönnum.

Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Læsa skal reiðhjóli, sem lagt er, nema því sé lagt um stutta stund, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólínu og gefið videigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól.

41. gr.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klöfvega.

42. gr.

Ökumaður léttis bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og að jafnaði báðar hendur á stýri.

Ökumaður léttis bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Eigi má reiða farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

Torfærutæki.

43. gr.

Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.

Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.

Ökumaður torfærutækis skal nema staðar áður en ekið er inn á veg. Vegfarandi á veginum skal hafa forgang.

Eigi má flytja farþega á torfærutæki, sem er á hjólum, eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.

Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi, þar sem umferð er almenn, má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.

Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

VII. UM ÖKUMENN

Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

44. gr.

Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.

45. gr.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50%, en er minna en 1,20%, eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20% eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök, þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem að framan greinir, stjórn ökutækis.

46. gr.

Pegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann sé stjórnandi ökutækis og að hann sé vegna áfengisneyslu ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega, ber þeim að reyna að hindra hlutaðeigandi í því að aka ökutækinu, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Eigi má selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnum, ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla, að ökumaður ætli að aka ökutækinu, að reyna að koma í veg fyrir brotið, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Öndunarsýni, blóðsýni o.fl.

47. gr.

Lögreglumaður getur tekið öndunarsýni af ökumanni vélknúins ökutækis, ef:

- ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 45. gr.,
- ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga, enda hafi dómsmálaráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum,
- hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
- hann hefur verið stöðvaður við almennt umferðareftirlit þar, sem fyrir fram hefur verið ákveðið af lögreglustjóra, að öndunarsýni skuli tekin.

Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisrannsóknar. Sama á við, þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega vegna rannsóknar samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1. og 2. mgr.

Ökuþróf og ökuskrírteini.

48. gr.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjólí, nema hann hafi til þess gilt ökuskrírteini, sem lögreglustjóri gefur út. Ökumaður skal hafa skírteinið meðferðis við akstur og sýna það, er löggæslumaður krefst þess.

Veita má ökuskrírteini þeim, sem:

- a. er fullra 17 ára,
- b. sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega, og
- c. hefur hlotið kennslu löggilts ökukennara og sannað með prófi að hann hafi næga aksturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf.

Neita má þeim um ökuskrírteini, sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

49. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft að gefin séu út til fatlaðra manna, sem eru fullra 15 ára, ökuskrírteini til að mega stjórna hægfara vélknúnum ökutækjum fyrir fatlaða.

50. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um kennslu og próf, til að mega stjórna:

- a. vörubifreið sem skráð er fyrir meira en 5000 kg farm,
- b. hópbifreið,
- c. bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem er meira en 1400 kg að leyfðri heildarþyngd,
- d. bifreið, sem flytur hættuleg efni eða tæki, og
- e. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Eigi má veita þeim, sem er yngri en 20 ára, réttindi til að mega stjórna ökutækjum þessum.

Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

51. gr.

Ökuskrírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskrírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár.

Fullnaðarskrírteini gildir þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskrírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gildistíma ökuskrírteina, sem gefin eru út til þeirra, sem eru fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur enn fremur ákveðið, að ökuskrírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

Endurnýja má ökuskrírteini að loknum gildistíma, enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskrírteini útgefið. Lögreglustjóri ákveður, hvort taka skuli próf að nýju. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að próf skuli tekið að nýju.

52. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

- a. ökukennslu,
- b. skilyrði fyrir útgáfu ökuskrírteinis og endurnýjun, þar á meðal um ökuþróf,

- c. efni og form ökuskírteinis, og
- d. gjald fyrir próf og ökuskírteini.

Lögreglustjórar halda skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum, sem dómismálaráðherra setur.

Afturköllun ökuréttinda.

53. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað ökuréttindi, ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini. Nú neitar hlutaðeigandi að taka þátt í rannsókn eða prófi, sem nauðsynlegt er til ákvörðunar þessarar, og getur lögreglustjóri þá afturkallað ökuréttindin þegar í stað. Varði skilyrðið það, hvort hlutaðeigandi er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna, eða er ekki nægilega reglusamur, má bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár, öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökuþróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Sá, sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar eða afturköllunar, skal afhenda lög-reglunni ökuskírteini sitt.

Erlend ökuskírteini.

54. gr.

Dómismálaráðherra setur reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini, mega stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann getur og sett reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem hafa erlend ökuskírteini, geta fengið íslenskt ökuskírteini.

Dómismálaráðherra getur ákveðið, að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja.

55. gr.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Ökuskírteini til að mega stjórna dráttarvél má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 13 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára.

Enginn má stjórna léttru bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifhjóli. Ökuskírteini til að mega stjórna léttru bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki. Ökuskírteini til að mega stjórna torfærutæki má eigi veita þeim sem er yngri en 15 ára enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

Ákvæði 48. gr., 3.–5. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskírteini samkvæmt grein þessari. Dómismálaráðherra getur sett reglur um æfinga-akstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

Ökukennarar.

56. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla hefur sá, sem hlotið hefur til þess löggildingingu dómsmálaráðherra.

Veita má slíka löggildingingu þeim, sem:

- a. er 21 árs eða eldri,
- b. hefur ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að staðaldri síðustu þrjú árin, og
- c. hefur staðist sérstakt próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

Heimilt er að synja manni um löggildingingu til ökukennslu, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding gildir í fimm ár, þó eigi lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi. Endurnýja má löggildingingu, enda fullnægi ökukennari enn þá framangreindum skilyrðum og hafi að jafnaði stundað ökukennslu á liðnu löggildingartímabili. Í reglugerð má kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingingu.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Æfingaakstur.

57. gr.

Æfingaakstur á bifreið má því aðeins fara fram, að við hlið nemanda sitji löggiltur ökukennari, sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi við prófakstur. Nú óskar maður, sem hefur ökuskírteini, að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.–47. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Æfingaakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að æfingaakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess, að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af æfingaakstrinum.

Æfingaakstur má eigi fara fram fyrr en þremur mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið. Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum, má eigi æfa sig í akstri fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur á sérstökum lokuðum æfingaakstæðum.

Upplýsingaskylda o.fl.

58. gr.

Eiganda (umráðamanni) ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutækinu á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim, sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki.

VIII. UM ÖKUTÆKI

Gerð og búnaður.

59. gr.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi.

Ökumaður skal gæta þess, að ökutæki sé í góðu lagi. Sérstaklega skal þess gætt, að stýrisbúnaður, hemlar, merkjatæki og ljósabúnaður séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn og tengitæki, svo og tengingu þeirra og tengibúnað.

60. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega, svo og hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem banna viðskipti með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum, ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur.

61. gr.

Nú rís ágreiningur um það, til hvaða flokks skv. 2. gr. ökutæki skuli teljast, og sker þá dómsmálaráðherra úr.

Dómsmálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að ökutæki af tiltekinni gerð skuli falla undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu 2. gr.

Tenging og dráttur ökutækja.

62. gr.

Við bifreið, torfærutæki og reiðhjól má tengja einn eftirvagn eða tengitæki.

Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo eftirvagna eða einn eftirvagn og eitt tengitæki.

Við bifhjól og létt bifhjól má eigi tengja eftirvagn eða tengitæki.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn, sem skal þá vera hægra megin við ökutækið. Eigi má tengja hliðarvagn við létt bifhjól.

Dómsmálaráðherra setur reglur um tengingu eftirvagna, tengitækja og hliðarvagna. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

Dómsmálaráðherra setur reglur um drátt ökutækja.

Skráning.

63. gr.

Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn, sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að eigi þurfi að skrá ökutæki, sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

64. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

- a. skráningu ökutækja og eigenda þeirra,
- b. tilkynningu eigendaskipta,

- c. skráningarmerki,
- d. skráningarskírteini, sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
- e. tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar, og
- f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Ökutæki skal skráð í umdæmi þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

65. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra. Við bifreiðaeftirlitið skulu starfa eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfs sviði sínu. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög og reglur, er um þau gilda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna. Hann setur og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og starfssvið bifreiðaeftirlitsmanna. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu við eftirlit og framkvæmd lögregluvalds starfa í samráði við hlutadeigandi lögreglustjóra.

Erlend ökutæki.

66. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um notkun erlendra ökutækja hér á landi, þar á meðal hvenær beri að skrá þau hér.

Skoðun ökutækja og eftirlit.

67. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur og sett reglur um framkvæmd almennrar skoðunar.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Það getur hvenær sem er krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, skuli færð til sérstakrar skoðunar.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti bifreiðaeftirlitsins. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur með sama hætti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar. Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðunarheimildir verkstæða.

Skoðunarmaður ritar vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

68. gr.

Löggæslumönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það hlutadeigandi lögreglu eða bifreiðaeftirliti, ef eigi verður úr bætt.

Bann við notkun ökutækis.

69. gr.

Nú kemur í ljós, að skráningarskyld ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá löggæslumaður tekið af því skráningarmerki.

Leiga ökutækja.

70. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra setur reglur um leigu ökutækja án ökumanns og ákveður gjald fyrir leyfi. Í þeim reglum má ákveða, að eigi þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi.

IX. UM NOTKUN ÖRYGGIS- OG VERNDARBÚNAÐAR**Öryggisbelti.**

71. gr.

Hver sá, sem situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti, þegar bifreið stendur kyrr eða þegar ekið er aftur á bak. Sama á við um akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Ökumanni leigubifreiðar til mannflutninga er eigi skylt að nota öryggisbelti í leiguakstri.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

Hlífðarhjálmar.

72. gr.

Hver sá, sem situr á bifhjólum eða í hliðarvagni bifhjóls, skal nota hlífðarhjálma.

Ökumaður skal sjá um að farþegi noti hlífðarhjálma.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálma, þegar bifhjól stendur kyrrt eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

X. FLUTNINGUR, HLEÐSLA, ÞYNGD OG STÆRÐ ÖKUTÆKJA**Hleðsla ökutækja.**

73. gr.

Gæta skal þess, að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórnækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir, að eigi byrgi lögbodinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt, að valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig, að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt, að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hleðslu og frágang farms, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa váttryggingu, er bæti tjón vegna flutnings þeirra.

Flutningur á farþegum.

74. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Breidd, lengd og hæð ökutækja.

75. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja, með og án farms, þar á meðal um akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja. Reglur þessar skulu einnig taka til samtengdra ökutækja.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., um hæð ökutækja, hvílir sú skylda á öikumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning, sem eftir reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., má aðeins fara fram að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri metur hverju sinni þörf á aðstoð.

Öxulþungi og þyngd.

76. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., getur veghaldari leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum, sem settar eru samkvæmt grein þessari, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð, sem þörf er á að mati lögreglustjóra við flutning, sem veghaldari heimilar.

XI. HINDRUN Á VEGI**Óhreinkun vegar o.fl.**

77. gr.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina.

Ef eitthvað, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, fellur eða rennur af ökutæki á veg, skal það þegar fjarlæggt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt, þar til það, sem hættu eða óþægindum veldur, hefur verið fjarlæggt.

Leyfi lögreglu þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni, sem getur haft í för með sér óþægindi fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn auðkenndur viðvörunarmerkjum. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvernig auðkenna skuli slíka staði.

Rekstur búfjár.

78. gr.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra reka búfé á vegi í þéttbýli.

Utan þéttbýlis má reka búfé á vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

XII. UMFERÐARSTJÓRN, UMFERÐARMERKI O.FL.**Umferðarstjórn o.fl.**

79. gr.

Lögreglan getur stjórnað umferð þar sem hún telur þess þörf.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild annarra til að stjórna umferð.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um merkjagjöf við umferðarstjórn.

80. gr.

Við vegavinnu og þar sem skemmd hefur orðið á vegi, þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá, sem hefur með höndum vegavinnu, stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þar á meðal beint henni fram hjá vinnusvæði.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um umferðarstjórn skv. 1. mgr.

81. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum vegamálastjóra hvaða þjóðvegir utan kaupstaða og kauptúna skv. V. kafla vegalaga skuli teljast aðalbrautir þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, svo og vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða sýsluveg er að ræða, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem:

- a. stöðvun og lagningu ökutækja,
- b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.,
- c. einstefnuakstur,
- d. gangbrautir,
- e. bann við tiltekinni umferð og
- f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Dómsmálaráðherra ákveður hraðamörk skv. 3. og 4. mgr. 37. gr., að fengnum tillögum vegamálastjóra, ef um þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna, sbr. V. kafla vegalaga, er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórni umferðinni. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafli, má þó í stað þess birta með opinberri auglýsingu.

82. gr.

Veghaldari getur takmarkað eða bannað umferð um stundarsakir, ef það er nauðsynlegt til hlífðar vegi; í kaupstað eða kauptúni að fengnu samþykki lögreglustjóra.

Stöðukort og stöðureitir.

83. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin, megi því aðeins leggja ökutæki að notuð skuli sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í kaupstað eða kauptúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Umferðarmerki o.fl.

84. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósá og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna.

Víkja má frá almennum umferðarreglum með merkjum skv. 1. mgr.

85. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að merki skv. 1. mgr. 84. gr. verði sett á eða við veg, þar sem sérreglur gilda um umferð eða þörf er á til stjórnunar eða leiðbeiningar. Vegamálastjóri skal þó sjá um, að slík merki verði sett á eða við þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna og sýsluveg.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra (vegamálastjóra) setja merki skv. 1. mgr. 84. gr. á eða við veg.

Kostnað vegna merkja skv. 1. mgr. 84. gr. skal veghaldari greiða.

86. gr.

Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt.

87. gr.

Spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki skv. 1. mgr. 84. gr.

Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri látið fjarlægja, ef þeir líkjast merkjum skv. 1. mgr. 84. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XIII. UM FÉBÆTUR OG VÁTRYGGINGU**Grundvöllur ábyrgðar o.fl.**

88. gr.

Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskyld vélknúð ökutæki dregur annað ökutæki.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

89. gr.

Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

90. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar skv. 1. og 2. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Vátryggingarskylda.

91. gr.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra.

Vátryggingin skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda allt að 250 000 000 kr. og vegna tjóns á munum allt að 50 000 000 kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

Dómsmálaráðherra skal árlega, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, breyta vátryggingarfjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að hve miklu leyti vátryggingin skuli bæta tjón, sem hlýst erlendis.

92. gr.

Auk slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar skal eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggja ökumann þess og gildir sú vátrygging fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn allt að 10 000 000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

Vátryggingarfjárhæð þessi skal breytast skv. reglu 3. mgr. 91. gr.

93. gr.

Vátryggingarskylda skv. 91. og 92. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess.

Eigi er skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra getur undanþegið ökutæki, sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana, vátryggingarskyldu.

94. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vátryggingarskylduna.

Vátryggingariðgjald nýtur lögtaksréttar, einnig þótt vátryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur vátryggingafélags.

95. gr.

Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 91. gr.

Nú hefur vátryggingafélag greitt bætur skv. 91. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa vátryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

96. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu váttryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 91. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda, og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli váttryggingafélaganna eða landssamtakanna um tilnefningu sker dómsmálaráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsháttu nefndarinnar, þar á meðal um það hvernig váttryggingafélögin senda nefndinni þau gögn sem félögin hafa reist bótakröfur sínar á.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en váttryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Meðferð skaðabótamála.

97. gr.

Nú er höfðað einkamál til heimtu bóta gegn þeim, sem bótaskyldur er skv. 90. gr., og skal þá höfða slíkt mál jafnframt gegn váttryggingafélagi því, sem ábyrgðartryggt hefur ökutækið.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 88. og 89. gr. höfð uppi í opinberu máli, og skal þá tilkynna váttryggingafélagi því, er ábyrgðartryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellingdómur bindandi fyrir váttryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

98. gr.

Nú eru batur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en váttryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt váttryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði, má váttryggingafélagið vítalaust greiða váttryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

Fyrning bótakrafna.

99. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

XIV. VIÐURLÖG**Refsingar.**

100. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Eigi skal þó refsá fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrir mælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsáð fyrir brotið.

Svipting ökuréttinda.

101. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskríteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuréttindi.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki skal gerð í dómi.

102. gr.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökuréttindum. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr. og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

Bráðabirgðasvipting.

103. gr.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Áhrif áfrýjunar.

104. gr.

Áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttinda, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði, að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar, ef sérstaklega stendur á.

Brot erlendis.

105. gr.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt sviptingu ökuréttinda eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttinda, og má þá svipta hann þeim réttindum í sérstöku opinberu máli, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 101.–104. gr.

Endurveiting ökuréttinda.

106. gr.

Nú hefur maður verið sviptur ökuréttindum um lengri tíma en þrjú ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað, að honum skuli veitt ökuréttindi að nýju. Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

Endurveitingu skal því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

Haldsréttur í ökutækjum.

107. gr.

Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki skv. 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð opinberra mála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart öikumönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.

Gjald vegna stöðvunarbrota.

108. gr.

Leggja má gjald á vegna brota á:

- a. ákvæðum 4. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
- b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 28. gr.,
- c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
- d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
- e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
- f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent öikumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds þessa, að öllu leyti eða að hluta, fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélags.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir ædra stjórnvald.

Gjald, sem lagt hefur verið á, rennur í ríkissjóð, þegar lögreglan annast álagningu gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags rennur gjaldið til sveitarsjóðs, og getur dómsmálaráðherra þá ákveðið, hvernig því skuli varið.

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins og setur nánari reglur um hvernig það skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest.

109. gr.

Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 108. gr., hvílir á þeim, sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði, að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti, hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld, sem tryggt eru með veði í ökutækinu, hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að málið verði, að tilteknum tíma

liðnum, sent til meðferðar fúgetaréttar eða uppboðsréttar, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið eigi greitt innan frests skv. 2. mgr., og engar mótbáru eða varnir hafa verið hafðar uppi, má krefjast nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar gjaldinu, eftir reglum laga nr. 49 1951, en þó þarf ekki að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðspöla frekari tilkynningu. Einnig má krefjast lögtaks hjá þeim, sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr.

Ef fram koma mótbáru eða varnir, sem ekki eru teknar til greina, skal, innan mánaðar frá móttöku, beiðast lögtaks hjá þeim, sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, þannig að færa megi fram varnir í fúgetarétti. Mótbárum eða vörnum, sem berast eftir að liðinn er frestur skv. 2. mgr., skal fúgeti vísa frá, nema dráttur sé eigi eiganda eða notanda að kenna og varnir eru bornar fram eins fljótt og unnt er.

Brottflutningur ökutækja.

110. gr.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki, sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja, og ökutæki, sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu. Enn fremur ökutæki, sem stendur á einkalód eða opinberri lód þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði, sem ekki er ætlað til almennrar umferðar, skal það því aðeins flutt á brott, að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað, sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um, ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram, að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur, verði það selt. Ef eigandi er óþekktur, má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægð.

Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið á opinberu uppboði eða til niðurrifs, ef ætla má að herra verð fáið þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó, innan árs frá því sala fór fram, krafist greiðslu á söluandvirðinu, að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða í grein þessari, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

XV. UMFERÐARRÁÐ, UMFERÐARFRÆÐSLA O.FL.

111. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

112. gr.

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

- a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,
- b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,
- c. að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,
- d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegum kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,
- e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,
- f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem nái yfir landið allt,
- g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,
- h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
- i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði, og
- j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða.

Umferðarráði ber árlega að efna til opinna ráðstefnu um umferðaröryggismál.

113. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra eftir tilnefningu og eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara: Bandalag íslenskra leigubifreiðarstjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bílgreinasambandið, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur“, lögreglustjórinn í Reykjavík, menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands.

114. gr.

Innan Umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum, sem Umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um, og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.

115. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun framkvæmdanefndar Umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í Umferðarráði ólaunuð.

Kostnaður við starfsemi Umferðarráðs greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

116. gr.

Sveitarstjórnnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

10. Að lækka eða fella niður toll af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, enda hafi brúður eða brúðgumi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. tvö ár fyrir brúðkaupið. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Jafnframt að fella niður toll af gjöfum sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílfrá. Enn fremur af gjöfum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni. Undanþágur samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti.
11. Að fella niður toll af notuðum munum sem hafa fallið í arf erlendis. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja.
12. Að fella niður eða endurgreiða toll af umbúðum sem eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
13. Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörinni.
- Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.
14. Að samræma tolla á vörum til lækkunar eða hækkunar ef sams konar eða svipaðar vörur bera ekki sama toll.
15. Að fella niður toll af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf.
16. Að fella niður toll af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.
17. Að fella niður toll af lifandi dýrum í dýragarða.
18. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu tolls til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð innflytjanda eða viðkomandi vinnsluaðila nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallins tolls og annars kostnaðar sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

19. Að fella niður toll af vísindatækjum og vísindabúnaði sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
20. Að fella niður toll af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni sem greinir í 4. og 5. tölul. 5. gr., enda sé ekki um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti tiltekinna vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki aðrar innflutningshömlur um slíkan varning en settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.
21. Að fella niður toll af sýnishornum verslunarvara og auglýsingaefnis, svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörurnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir. Ráðherra getur sett nánari reglur um undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir samkvæmt þessari grein.

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.

7. gr.

Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, málmhúðunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo edli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, þann toll sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni. Tollmeðferð samkvæmt þessari grein er þó bundin eftirtöldum skilyrðum:

- a. Vöru sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en hún er flutt til útlanda.
- b. Við útflutning skrái útflytjandi á þar til gert eyðublað nákvæma lýsingu á vöru og fyrirhugaðri viðgerð eða aðvinnslu hennar.
- c. Viðkomandi tollstarfsmaður votti á eyðublaðið að vöru hafi verið framvísað og lýsing útflytjanda sé rétt.
- d. Við endurinnflutning vöru sé hinni staðfestu lýsingu framvísað við tollafgreiðslu.

Vörur sem á ábyrgðartíma eru sendar utan til viðgerðar skulu við innflutning undanþegnar tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur á að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Breyti vörur, sem sendar eru utan til aðvinnslu, svo edli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim toll eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda, aðflutta vöru.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu notaðir hlutar í rafeindabúnað o.þ.h. tæki, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar, tollafgreiddir með þeim hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar og gætt hafi verið að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

IV. KAFLI

Tollmeðferð o.fl.

Tollverð og tollverðsákvörðun.

8. gr.

Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 9. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem
 1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
 2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörurnar eða
 3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.
- b. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.
- c. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 9. gr.
- d. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 10. gr. Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:
 - a. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvor annars.
 - b. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.
 - c. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.
 - d. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórn eða hafi umráð yfir fimm hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.
 - e. Annar þeirra stjórn eða óbeint hinum.
 - f. Þriðji aðili stjórn eða óbeint báðum.
 - g. Báðir saman stjórn eða óbeint þriðja aðila.
 - h. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar, persónur eða lögaðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

9. gr.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur:

- a. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:
 1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
 2. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.
 3. Þökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
- b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinnna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
 1. Efnivara, hluta, parta o.þ.h. sem notað hefur verið í hinar innfluttu vörur.
 2. Verkfæra, forma, móta o.þ.h. sem notað hefur verið við framleiðslu hinna innfluttu vara.
 3. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu vara.
 4. Verkfærdivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlanu og uppdráttu sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.
- c. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega

er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslurétt á vörunni hér á landi.

d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

- a. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
- b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
- c. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirætlum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs eða viðskiptaverðs vara skv. 8. og 9. gr.

11. gr.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 9. gr., sem til verður þegar sendar eru í einu farmskrárnúmeri vörur sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað nema innflytjandi leggi fram sundurliðaðan reikning um slíkan kostnað, gjöld og önnur útgjöld vegna einstakra vörutegunda.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

12. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema innflytjandi láti töllyfirvöldum í té upplýsingar sem þau meta fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingu.

Tollafgreiðslugengi.

13. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð það tollafgreiðslugengi sem nota skal við umreikning tollverðs vöru eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Þar skal jafnframt kveðið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu, tollafgreiðslu þegar enngar skráningar gengis nýtur og annað er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu. Tollafgreiðslugengi skal miða við sölugengi myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands þegar vara er tekin til tollmeðferðar, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan tiltekins frests. Þó skal heimilt að ákveða að tollafgreiðslugengi gildi í fyrir fram ákveðinn tíma, enda verði breytingar á skráðu sölugengi minni en 5%, eða miða við það sölugengi myntar sem skráð er af Seðlabankanum og í gildi er þegar gjöld eru greidd.

Seðlabanki Íslands skal tilkynna fjármálaráðuneytinu daglega um sölugengi erlendarar myntar.

V. KAFLI

Aðflutningsskýrsla og aðrar skýrslugjafir.*Aðflutningsskýrsla.*

14. gr.

Innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem veitir innfluttri vöru viðtöku, skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu, aðflutningsskýrslu, um vöruna í því formi sem ráðherra ákveður.

Aðflutningsskýrslu skal afhenda tollyfirvaldi áður en vara eða sending er tekin úr vörslu farmflytjanda, pósthöfnunar eða hún sett í tollvörugæmslu. Ráðherra getur þó í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað afhendingu póstsendinga og vara eða sendinga, sem ekki eru á farmskrá, án afhendingar aðflutningsskýrslu.

Í reglugerð eða með öðrum hætti getur ráðherra einnig heimilað afhendingu vöru eða sendingar án þess að á þeim tíma liggi fyrir aðflutningsskýrsla, enda hafi farmflytjandi skráð vöruna skv. 3. mgr. 53. gr., en aðflutningsskýrsla skal þá afhent tollyfirvaldi innan tiltekins frests sem ákveðinn er í reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

15. gr.

Ráðherra getur í reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tiltekin atriði séu tilgreind í aðflutningsskýrslu, svo sem upplýsingar um innflytjandann sjálfan, vöru þá sem flutt er til landsins, flutningsfar, framleiðanda o.fl. sem nauðsynlegt getur talist og varðar viðkomandi innflutning.

16. gr.

Innflytjandi eða umboðsmaður hans skal undirrita aðflutningsskýrslu og ber hann ábyrgð samkvæmt ákvæðum þessara laga á því að upplýsingar, sem þar eru veittar og veita ber í aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem lögð eru og leggja ber fram lögum samkvæmt, séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem undirritað hefur aðflutningsskýrslu sem afhent er tollyfirvaldi vegna tollmeðferðar vörusendingar.

Tollverðsskýrsla.

17. gr.

Sé verð það sem tilgreint er í vöru- eða sölureikningi ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 8. gr., skal innflytjandi afhenda með aðflutningsskýrslu vegna ákvörðunar tollverðs sérstaka tollverðsskýrslu ef vara eða sending er endanlega tollafgreidd inn í landið. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé afhent með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum.

Tollverðsskýrslu skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað. Þegar heimilt er samkvæmt tollalögum að gefa aðflutningsskýrslu munnlega skal jafnframt heimilt að gefa munnlega tollverðsskýrslu. Ef upplýsingar þykja eigi fullnægjandi eða vafi þykir leika á um sannleiksgildi þeirra getur tollstarfsmaður krafist skriflegrar tollverðsskýrslu.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um gerð eyðublaða fyrir tollverðsskýrslur og útfyllingu þeirra.

Vörureikningur.

18. gr.

Innflytjandi skal afhenda tollyfirvaldi frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu þegar afhendingar aðflutningsskýrslu er krafist skv. 14. gr. Tollyfirvald skal halda eftir nefndu reikningseintaki eða eintaki af kröfuskjali sem sent er í öðru formi.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að í vörureikningi skuli tilgreina tiltekin atriði sem varða innflutning vöru eða sendingar.

19. gr.

Innflytjandi vöru eða sendingar skal afhenda tollyfirvaldi farmbréf eða undirfarmbréf, reikning yfir umbúðakostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn og verð. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf sé afhent í fleirriti og má tollyfirvald þá halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollyfirvald má gera afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

Framkvæmd fríverslunar- og milliríkjasamninga um lækkun eða niðurfellingu tolla á vörum upprunnum í ákveðnum löndum má binda því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Ráðherra getur í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum sett nánari reglur þar að lútandi, svo og hvernig nauðsynlegu tolleftirliti skuli komið við.

Farmbréf og önnur staðfestingarskjöl.

20. gr.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–29. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.

Skjöl vegna bráðabirgðatollafgreiðslu.

21. gr.

Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18.–20. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda innflytjanda eða leyfa að afhenda innflytjanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

Heimila má farmflytjendum eða öðrum aðilum, sem geyma ótollafgreiddar vörur, að afhenda á eigin ábyrgð vörusendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda sé afhending þeirra brýn og farmflytjandi taki tryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum.

Ráðherra setur nánari reglur um bráðabirgðatollafgreiðslu og má þar ákveða að innheimta skuli sérstakt afgreiðslugjald.

22. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar ef aðflutningsskýrslu-eyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum um tollmeðferð vöru eða sendingar ekki fullnægt.

Skilafrestur aðflutningsskjala.

23. gr.

Innflytjandi skal skila tollyfirvaldi aðflutningsskýrslu ásamt tilheyrandi gögnum um vöru eða sendingu innan þess frests sem ákveðinn er í reglugerð.

Upplýsingaskylda.

24. gr.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollyfirvalds leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða

innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Öllum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tollyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau fara fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

25. gr.

Innflytjandi eða vörsluaðili vöru eða sendingar skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð hennar að dómi tollstarfsmanna, svo sem að opna umbúðir og ganga frá þeim að nýju.

Tollyfirvaldi er heimilt að fela tollstarfsmönnum eða ráða ákveðna menn til að vinna og aðstoða við tollmeðferð vöru eða sendingar, svo sem að opna umbúðir og loka að nýju á ábyrgð innflytjanda eða vörsluaðila og innheimta hjá innflytjendum þóknun fyrir þessi störf með aðflutningsgjöldum sé skyldu skv. fyrri mgr. ekki sinnt.

VI. KAFLI

Tollsvæði, tollumdæmi, tollhafnir, ríkistollstjóri, tollgæslustjóri, tollstjórar o.fl.

Tollsvæði.

26. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf sjómílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

Tollumdæmi.

27. gr.

Landið skiptist í þessi tollumdæmi:

1. Reykjavíkurtollumdæmi sem tekur yfir Reykjavík, Seltjarnarnes og Kjósarsýslu, þó ekki Bessastaðahrepp.
2. Akranestollumdæmi sem tekur yfir Akranes.
3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4. Snæfellsnes- og Hnappadalstollumdæmi sem tekur yfir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Ólafsvík.
5. Dalatollumdæmi.
6. Barðastrandartollumdæmi.
7. Bolungarvíkurtollumdæmi.
8. Ísafjarðartollumdæmi sem tekur yfir Ísafjörð og Ísafjarðarsýslu að undanskildum Hólshreppi.
9. Strandatollumdæmi.
10. Húnavatnstollumdæmi.
11. Skagafjarðartollumdæmi sem tekur yfir Saudárkrók og Skagafjarðarsýslu.
12. Siglufjarðartollumdæmi sem tekur yfir Siglufjörð og Héðinsfjörð.
13. Ólafsfjarðartollumdæmi.
14. Akureyartollumdæmi sem tekur yfir Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýslu.
15. Þingeyjartollumdæmi sem tekur yfir Húsavík og Þingeyjarsýslur.

16. Seyðisfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Seyðisfjörð og Norður-Múlasýslu.
17. Neskaupstaðartollumdæmi.
18. Suður-Múlatollumdæmi sem tekur yfir Eskifjörð og Suður-Múlasýslu.
19. Skaftafellstollumdæmi.
20. Vestmannaeyjatollumdæmi.
21. Rangárvallatollumdæmi.
22. Árnestollumdæmi.
23. Keflavíkurtollumdæmi sem tekur yfir Grindavík, Keflavík, Njarðvík og Gullbringusýslu að undanskildum Keflavíkurflogvelli.
24. Keflavíkurflogvallartollumdæmi.
25. Hafnarfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Hafnarfjörð og Garðakaupstað auk Bessa-staðahrepps.
26. Kópavogstollumdæmi.
Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.

Aðaltollhafnir og tollhafnir.

28. gr.

Eftirtaldir staðir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík
2. Akranes
3. Ísafjörður
4. Sauðárkrókur.
5. Siglufjörður
6. Akureyri
7. Húsavík
8. Seyðisfjörður
9. Neskaupstaður
10. Eskifjörður
11. Vestmannaeyjar
12. Keflavík
13. Keflavíkurflogvöllur
14. Hafnarfjörður

Ráðherra ákveður með reglugerð hvar tollhafnir skuli vera, að fengnum tillögum ríkisstollstjóra og tollgæslustjóra, enda sé fullnægt skilyrðum 64. gr.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum, sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við ríkisstollstjóra og tollgæslustjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi ríkisstollstjóra og tollgæslustjóra falla tollhafnarréttindi hennar niður.

29. gr.

Þegar sérstaklega stendur á geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæslustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim sem slíkt leyfi fær er skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjóri setur fyrir undanþággunni og greiða allan kostnað sem af henni leiðir. Tollgæslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að vörur sem tollívilnana njóta samkvæmt ákvæðum sérlaga og tiltekna vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

Yfirstjórn tollamála.

30. gr.

Yfirstjórn tollamála á tollsvæði ríkisins skal vera í höndum fjármálaráðherra og hefur hann jafnframt eftirlit með því að ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar aðflutnings- og útflutningsskýrslur og öll gögn varðandi þær og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu er varðar framkvæmd laga þessara. Sama skal gilda um framtöl og gögn varðandi þau sem um ræðir í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og talin eru varða tollamál sem tekið hefur verið til athugunar.

Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar.

31. gr.

Tollheimtu og tolfertirlit samkvæmt lögum þessum annast tollstjórar hver í sínu tollumdæmi. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri en sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli eru tollstjórar í sínum umdæmum, nema annað leiði af ákvæðum 27. gr. Ráðherra getur ákveðið að tollstjórinn í Reykjavík gegni jafnframt starfi ríkistollstjóra og falið honum yfirstjórn ákveðinna þátta tollamála, eftir því sem henta þykir. Um störf ríkistollstjóra vísast til 32. gr.

32. gr.

Ríkistollstjóri skal auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara hafa eftirlit með störfum tollstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkistollstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

Ríkistollstjóri getur af sjálfsdáðum kannað aðflutnings- og útflutningsskjöl og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara um aðflutnings- og útflutningsgjöld eða aðra skatta eða gjöld sem álögd eru og innheimt af tollstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum.

Telji ríkistollstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun tollstjóra um eitthvað sem lýtur að gjaldtöku samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum, um gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, getur hann ákvarðað innflytjanda eða útflytjanda gjöld og skatta að nýju eða falið það tollstjóra, enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkun gjalda er að ræða.

33. gr.

Við embætti ríkistollstjóra starfar Tollgæsla Íslands undir stjórn tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri skal fullnægja skilyrðum um embættisgengi sem sett eru í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Tollgæsla Íslands skal hafa með höndum tolfertirlit á tollsvæði ríkisins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

34. gr.

Auk þeirra starfa sem tollgæslustjóra eru sérstaklega falin samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða af ríkistollstjóra, skal hann fara með stjórn tollgæslunnar í tollumdæmum landsins og hvarvetna á tollsvæði ríkisins, svo og fjárreiður hennar, stjórn tollgæslumanna og hafa eftirlit með störfum þeirra og samræma þau.

Tollgæslustjóra er heimilt að senda tollgæslumenn í tollumdæmi landsins til tolfertirlits og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd þess.

Tollgæslustjóri skal kynna tollgæslumönnum nýmæli í lögum og reglum og aðrar nýjungar er varða störf þeirra. Hann skal hafa eftirlit með ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, svo og flutningi á ótollafgreiddum varningi innanlands.

Tollstarfsmenn.

35. gr.

Tollyfirvöldum til aðstoðar eru tollgæslumenn og aðrir tollstarfsmenn. Tollgæslumenn skulu ráðnir til starfa hjá Tollgæslu Íslands.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollstarfsmanna.

36. gr.

Utan Reykjavíkur eru fastir tollgæslumenn jafnframt skyldir til að gegna almennum löggæslustörfum eftir ákvörðun viðkomandi tollstjóra. Sama á við um fasta tollgæslumenn í Reykjavík, að fengnu samþykki ráðherra. Ekki verða þó tollgæslumenn, sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laga nr. 56/1963, um lögreglumenn, skyldaðir til að gegna almennum löggæslustörfum gegn vilja sínum.

Með samkomulagi fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra má ákveða að lögreglumenn gegni jafnframt tollgæslustörfum þar sem henta þykir.

Fela má áhöfnum skipa og flugvéla Landhelgisgæslunnar að vinna við tolleftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslunnar eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og fastir tollgæslumenn og lúta þeir þá yfirstjórn tollgæslustjóra.

Ríkistollanefnd.

37. gr.

Ráðherra skipar þrjú menn í ríkistollanefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn.

Nefndin skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um hvort tiltekin vara sé tollskyld eða tollfrjáls eða skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, svo og hvað telja skuli viðskiptaverð vöru, flutningsgjald eða annan eðlilegan kostnað sem fellur á vöru, sbr. þó 100. gr.

Um meðferð máls gilda ákvæði 101. gr.

38. gr.

Nefnd þeirri sem um ræðir í 37. gr. er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála sérfróða menn og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

39. gr.

Enginn má taka þátt í rannsókn, kæru eða annarri meðferð máls eða ákvörðun aðflutnings- eða útflutningsgjalda eða annarra skatta, sem á er lagt vegna tollmeðferðar vöru, ef honum hefði borið sem héraðsdómara að víkja sæti í málinu.

Tollskóli ríkisins.

40. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli er veiti tollstarfsmönnum kennslu í tollfræðum.

Gera má það að skilyrði fyrir veitingu í fasta stöðu að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun og prófkröfur í skólanum.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru.*Almenn ákvæði um tolleftirlit.*

41. gr.

Þegar tollgæslumenn eru að störfum skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörslum sínum og sýna, ef með þarf, einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: „Tollmerki Íslands“. Tollfáninn er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efri stangarreit fánans.

Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennisbúningi sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna að þeir séu tollgæslumenn að starfi.

Lögreglumenn og áhafnir skipa og flugvéla Landhelgisgæslunnar skulu veita tollgæslunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæslustarfa.

Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæslumenn á sama hátt og mælt er fyrir í lögum um aðstoð við lögreglumenn.

42. gr.

Tollgæslumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálstan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæslumönnum heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð.

Tollgæslumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

43. gr.

Öll för sem eru á tollsvæði ríkisins eru háð eftirliti tollgæslunnar.

Tollgæslumönnum er heimilt að leita og rannsaka alls staðar á skipum og flugförum sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að leita í öllum farartækjum sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæslumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollgæslumaður gefur um það merki.

Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæslumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp sem þörf er á til þess að störfin gangi sem greiðast og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæslunnar sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

44. gr.

Tollgæslumönnum er heimilt að leita á mönnum sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum þar sem tollgæslumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum.

Leit á manni má aðeins framkvæma samkvæmt skipun ædsta tollgæslumanns sem er viðstaddur þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitssemi sem

unnt er, og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

45. gr.

Tollgæslumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsakynni tollgæslunnar eða á annan tiltekinn stað þar sem tolleftirlit er framkvæmt og þeim framvísað þar til skoðunar.

Tollgæslumönnum er heimilt að skrá og merkja muni sem eru í íslenskum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir að þeir hafi farist eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

46. gr.

Tollgæslumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef nauðsyn krefur.

Tollgæslumönnum er heimilt að handtaka mann sem staðinn er að eða grunaður um tollalagabrot og yfirheyrta eða fá hann lögreglunni í hendur. Um rannsókn og yfirheyrslu og aðra meðferð máls gilda ákvæði laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Rétt er tollgæslumönnum að leggja hald á muni sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tollalagabrota.

47. gr.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæslunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugæmslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugæmslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglu og lokun, svo og að vekja athygli tollgæslumanna á þeim stöðum þar sem innsiglu eða læsing mundi ekki koma að haldi.

Tollgæslustjóri ákveður gerð innsigla og notkun þeirra.

Verði læsing eða innsiglu ekki við komið geta tollyfirvöld krafist þess að varsla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörsluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar sem tollgæslumenn setja má enginn nema tollgæslumaður rjúfa innan tollsvæðis ríkisins eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

48. gr.

Tollgæslumenn geta afkvíað far sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

Óheimilt er að fara um borð í aðkomufar eða frá borði fyrr en tollgæslumaður leyfir.

Hverjum, sem staddur er á hafnarsvæði, flugvelli eða annars staðar þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar þegar tollgæslumaður óskar þess og gera grein fyrir hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

49. gr.

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæsluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti sem tollgæslan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að skýra ótilkvaddir frá tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis, opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollgæslumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Taki tollgæslan farangur eða föggur í sína vörslu til skoðunar síðar getur viðkomandi krafist þess að þær séu innsiglaðar þar til skoðun fer fram. Skal hlutaðeigandi gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

50. gr.

Tollyfirvald getur krafðið hvern þann sem flytur eða ætla má að flytji inn vörur eða selur slíkar vörur um skýrslu varðandi þær.

Gjaldeyrisstofnunum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum sem annast gjaldeyrisviðskipti er skylt að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur er þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

Í reglugerð má ákveða að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar eða síðar til sönnunar því að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Þegar merking vöru er ákveðin skal ákveða þeim frest sem eiga slíkar vörur til að framvísa þeim við tollyfirvöld til merkingar. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

För í utanlandsferðum.

51. gr.

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 29. gr.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæslunnar sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og stjórnanda fars hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli sem tollgæslan ákveður í samráði við flugvallarstjóra.

Aðkomufar má ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæslunnar.

Utan tollhafna mega íslensk för ekki taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

Ef tollgæslumenn óska að komast um borð eða frá borði er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Tollyfirvaldi er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum 1. mgr., en stjórnandi farsins skal þó tilkynna viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land þar til tollafgreiðslu er lokið.

52. gr.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæslunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðarstjórnin skal gefa tollgæslunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugfara í utanlandsferðum. Slíkar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðarstjórninni ber einnig að öðru leyti að veita tollgæslunni þá aðstoð sem unnt er í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

Starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skulu gefa tollgæslunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvart ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

53. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvenær og hvaða skjöl og skilríki stjórnanda fars í utanlandsferðum ber að afhenda tollgæslunni vegna aðkomuafgreiðslu og affermingar og fermingar þess, form þeirra, hvaða upplýsingar skuli þar veita og heimildir til breytingar á þeim. Skjöl vegna komu fars til landsins skulu vera frágengin við komu inn á tollsvæði ríkisins.

Stjórnanda fars ber að veita tollgæslunni allar upplýsingar sem þörf er á um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrúm svo og allar geymslur og aðra staði þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Í reglugerð eða öðrum fyrirmælum má ákveða að farmflytjandi, miðlari eða annar umboðsmaður skrái innfluttar vörur áður en þær eru afhentar úr vörslu farmflytjanda, sbr. 3. mgr. 14. gr.

Heimila má að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

Tollgæslunni er jafnan heimilt að taka í sína vörslu þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnarskrá og önnur skjöl sem þörf er á. Skjöl þessi ber í hverri höfn að afhenda stjórnanda fars er hann hefur greitt lögboðin gjöld vegna þess og innt af hendi aðrar lögboðnar skyldur.

54. gr.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar þar sem þær eiga að flytjast úr farinu sem flytur þær hingað til lands.

55. gr.

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að allt fari undir lás sem þar skal vera og ekkert hverfi undan lás.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars skal gera skrá yfir vörur skv. 1. mgr. við komu fars inn á tollsvæði ríkisins.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

56. gr.

Afferming fars er háð eftirliti tollgæslunnar og má ekki hefjast nema með leyfi hennar. Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veitt fyrr en afhent hafa verið tilskilin skjöl.

Við affermingu í neyð ber stjórnanda fars að tilkynna um hana strax og auðið er.

Að lokinni affermingu í hverri höfn er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni þess skylt að láta tollgæslunni í té nákvæma skrá um talningu á þeim vörum sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning þessi ekki framkvæmd má tollgæslan láta gera hana á kostnað farmflytjanda.

Finnist í fari ótollafgreidd vara sem ekki hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt lögum þessum eða settum ákvæðum skal farmflytjandi greiða allan kostnað við leit í því og má kyrrsetja farið á hans kostnað uns leit er lokið. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða minni háttar ólöglegan innflutning í vörslum áhafnar eða farþega.

57. gr.

Tollgæslumenn geta jafnan ákveðið að með far, sem kemur frá innanlandshöfnum eða skip sem kemur af veiðum, skuli farið sem aðkomufar að því er tolettirlit varðar.

58. gr.

Án leyfis tollgæslunnar má enginn ferma vörur í far sem ætlar til útlanda. Þetta nær þó ekki til afla sem tekinn er um bord í skip á veiðisvæðum.

Sé varan flutt í far án samþykkis tollgæslunnar ber stjórnanda farsins að afferma það aftur ef tollgæslan telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðun gjalda af henni.

59. gr.

Skip sem er á leið til útlanda skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 29. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæslunni um það með hæfilegum fyrirvara.

60. gr.

Þegar lokið er á hverri höfn affermingu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess innan frests sem ákveðinn verður með reglugerð að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi skrá um alla sýnilega vöntun og skemmdir á vörum sem komið hafa í ljós við afferminguna. Tollyfirvald getur látið fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum eftir því sem við verður komið.

61. gr.

Skylt er eigendum eða umráðamönnum skipa og flugfara sem annast reglubundnar ferðir milli landa að leggja tollgæslunni til án endurgjalds nægilegt húsrými til eftirlits með farþegum og áhöfn. Kjósi tollgæslan að koma upp slíku húsrými ber þeim að greiða fyrir afnot þess eftir því sem ákveðið verður.

Kostnað við flutning tollgæslumanna frá tollstöð til og frá skipi við komu þess og brottför, svo og að og frá flugvelli við komu og brottför flugfars, ber eigendum eða umráðamönnum að greiða. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förunum.

Stjórnanda fars ber að sjá tollgæslumönnum, sem sendir eru með farinu hafna á milli til eftirlits, fyrir farrými og fæði endurgjaldslaust.

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum samkvæmt ákvæðum þessa kafla ber þeim að greiða tollgæslunni allan kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förunum.

62. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa eða herflugfara sem leita hér hafnar. Stjórnendur þeirra eru þó skyldir til að gera tollgæslumönnum fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða og má krefjast þess að slík greinargerð sé gefin skriflega.

Með þeim undantekningum sem leiðir af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, sbr. lög nr. 110/1951, eru för, sem í 1. mgr. getur, undanþegin innsiglungun vista, birgða eða annars varnings um borð.

Áður en tollskyldar vörur eru fluttar í land úr förum sem um ræðir í 1. mgr. ber yfirmanni þeirra að afhenda tollgæslunni skrá um vörurnar. Tollgæslan hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með slíkum vörum, svo og öðrum varningi sem fluttur er til landsins.

Ákveða má að ákvæði þessarar greinar skuli einnig gilda að einhverju eða öllu leyti um önnur för en herskip og herflugför sem eru opinber eign og fara eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja ekki vörur eða farþega gegn greiðslu.

Skemmtiferðaskip, sem koma hingað eingöngu með farþega og hvorki taka hér né setja í land farþega eða vörur, eru undanþegin ákvæðum um innsiglungun forða enda greiði þau kostnað af tolleftirliti um borð.

Um vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara.

63. gr.

Tollgæslunni er jafnan heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sína vörslu á kostnað farmflytjanda svo og til geymslu og tollafgreiðslu ef nauðsyn krefur.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu og meðferð varanna. Einnig má þar setja ákvæði er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

64. gr.

Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur og skal þeim haldið þar aðgreindum frá öðrum varningi.

Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæslustjóra. Skulu það vera hús eða afgirt svæði eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæslunnar og skal þannig frá þeim gengið að því verði auðveldlega við komið.

Þeim sem geyma ótollafgreiddar vörur er skylt að láta tollgæslunni ókeypis í té fullnægjandi aðstöðu í vörugeymslum sínum til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur þau áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.

Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollstjóri tiltekur, getur hann látið bæta úr ágöllum á kostnað geymsluhafa eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

Sé ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði sem er það langt frá farinu að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæslunnar ber stjórnanda fars að greiða þann aukakostnað sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum sem tollgæslan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

Viðkomandi tollstjóri og tollgæslustjóri geta heimilað farmflytjendum að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum meðan þær bíða hér framhaldsflutnings.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um vörugeymslur og vörslu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrirmælum um vörslu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit í vörugeymslum sínum sem ekki getur talist þáttur í almennu tolleftirliti, svo sem fyrir útgáfu vottorða um endursendingar á vörum, gegnumflutning, aðstoð við mat á vörum til ákvörðunar tollverðs og aðra þjónustu eftir nánari ákvörðun ráðherra.

65. gr.

Utan þeirra húsa eða geymslusvæða sem tollgæslan rekur eða viðurkennd hafa verið skv. 64. gr. er óheimilt að geyma ótollafgreidda vöru, nema að fengnu sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra. Þeim er slíkt leyfi fær skal skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjórinn í samráði við tollgæslustjóra setur fyrir leyfinu og greiða allan kostnað við eftirlit með vörunni.

66. gr.

Stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vörugeymslu eða farartæki án leyfis tollstjóra.

67. gr.

Eigandi eða umráðamaður farartækis eða vörugeymslu ábyrgist greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem hafa verið afhentar eða teknar í notkun án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir aðflutningsgjöldunum ásamt kostnaði.

68. gr.

Póststjórnin annast vörslu á ótollafgreiddum póstsendingum.

Um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands.

69. gr.

Farmflytjanda sem flytur vöru til landsins er heimilt án sérstaks leyfis tollstjóra að flytja hana milli viðurkenndra vörugeymslna, sbr. 64. gr., svo og milli tollumdæma, enda sé hún flutt til ákvörðunarstaðar sem er tollhöfn og í viðurkennda vörugeymslu, sbr. þó 29. gr. Farmflytjandi skal þegar tilkynna viðkomandi tollstjórum um slíkan flutning.

Flutningur á póstsendingu sem er í vörslu póststjórnarinnar er einnig heimill án sérstaks leyfis tollstjóra.

70. gr.

Ríkistollstjóri getur veitt öðrum en þeim sem um ræðir í 69. gr. sérstakt leyfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Slíkt leyfi má m.a. binda því skilyrði að ríkissjóði sé sett trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, svo og að slíkar vörur megi aðeins flytja með sérstaklega útbúnum farartækjum.

71. gr.

Sá sem annast framhaldsflutning á ótollafgreiddri vöru skv. 69. og 70. gr. ber ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af henni.

72. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flutning á ótollafgreiddum vörum skv. 69.–71. gr., m.a. um tilkynningu til tollstjóra um flutning og hvaða skjöl og skilríki skuli afhent tollstjóra vegna slíks flutnings.

VIII. KAFLI

Tollvörugeymslur.*Almennar tollvörugeymslur.*

73. gr.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði að þeir aðilar, sem í 74. gr.

getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum sem ráðherra samþykkir. Ákvæði 64. gr. gilda um geymslur þessar eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að tollgæslan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru fyrir hendi til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæslan þeim aðilum, er í 74. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu gegn leigu- og eftirlitsgjaldi sem ákveðið skal í reglugerð.

Leyfi til reksturs almennrar tollvörugeymslu má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

74. gr.

Innflytjendur geta komið vörum í almennar tollvörugeymslur án undanfarandi greiðslu aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, skulu hljóta endanlega tollafgreiðslu áður en þær eru fluttar úr geymslunni nema þær séu fluttar til annarra tollhafna eða milli tollvörugeymslna samkvæmt þeim reglum sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í tollfrjálsar forðageymslur, og í birgðageymslur tollfrjálsra verslana.

Sé heimilt að endurgreiða gjöld af hráefni í innlenda vöru við útflutning hennar skal heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur og endurgreiða framangreind gjöld þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan þriggja ára frá komudegi flutningsfars til landsins. Ráðherra getur þó í reglugerð ákveðið annan frest ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollfrjálsar forðageymslur.

75. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í tollfrjálsum forðageymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

76. gr.

Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldar vörur:

- a. Vörur sem fluttar eru inn í því skyni.
- b. Vörur sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna úr almennri tollvörugeymslu eða úr vörugeymslu skipa- eða flugfélags sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur.
- c. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa.
- d. Innlendar framleiðsluvörur.

Þegar heimilt er að endurgreiða gjöld af hráefni í vöru við útflutning má einnig endurgreiða þessi gjöld þegar vöru hefur verið komið í tollfrjálsa forðageymslu.

77. gr.

Úr tollfrjálsri forðageymslu má aðeins flytja vörur sem birgðaförða beint í farartæki sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Í reglugerð getur ráðherra leyft sölu birgða og annars forða í innlend farartæki sem að staðaldri eru í utanlandsferðum eða erlend farartæki sem hér hafa skamma viðdvöl, svo og endurútflutning

eða endursendingu á þessum vörum. Enn fremur má ef sérstaklega stendur á, t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

78. gr.

Vörur úr tollfrjálsri forðageymslu má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna ef fylgt er þeim skilyrðum sem tollyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

Tollfrjálsar verslanir.

79. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurlflugvelli og á Keflavíkurlflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Birgðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Tollfrjálsum verslunum er eingöngu heimilt að selja vörur sínar farþegum og áhöfnum millilandafara. Fyrirskipa má að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokudum umbúðum sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út fyrir tollsvæði ríkisins. Enn fremur er verslunum sem hér um ræðir heimilt samkvæmt reglum er ráðherra setur að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis.

Verslanir og birgðageymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti og gilda um birgðageymslurnar ákvæði laga þessara, eftir því sem við á.

Ráðherra getur heimilað einkasölu ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neysluforða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölu ríkisins skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum sem þannig eru seldar.

Leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

Almenn ákvæði um tollvöruheymslur.

80. gr.

Tollgæslan getur, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvöruheymslum. Geymsluhafi eða leyfishafi skal leggja til þá aðstoð sem þarf til að talning verði framkvæmd.

Leyfishafi og geymsluhafi eru skyldir til að færa nákvæmt birgðabókhalld og sýna tollgæslunni það hvenær sem krafist er. Þeir eru skyldir til að gefa tollgæslumönnum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi geymsluvörur og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

81. gr.

Óheimilt er að flytja vörur í tollvöruheymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvöruheymslan er. Ákvæði þetta gildir þó ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaförða fars.

82. gr.

Vörur má ekki flytja úr tollvöruheymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvöruheymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsum verslunum.

83. gr.

Geyma má í tollvöruheymslum vörur sem einkasala ríkisins nær til liggi fyrir leyfi viðkomandi einkasölu.

84. gr.

Óheimilt er að neyta varnings sem er í tollvöruheymslu eða nota hann á annan hátt innan tollvöruheymslunnar.

85. gr.

Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn sem sett var í tollvöruheymslu.

Komi fram vöntun á vörum sem leyfi hefur verið veitt til að settar verði í tollvöruheymslu, hvort sem vöntun kemur fram við flutning í eða eftir að þær hafa verið settar í tollvöruheymslu, er geymsluhafi eða leyfishafi skyldur að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Um skemmdir eða rýrnun gilda ákvæði 9. tölul. 6. gr.

86. gr.

Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns sem hverju sinni má setja í tollvöruheymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvöruheymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru þótt í smærri stíl sé en hér var greint samkvæmt reglum sem um það verða settar.

87. gr.

Ákvæði IV. kafla, um tollmeðferð o.fl., V. kafla, um aðflutningsskýrslu og aðra skýrslugjöf, og VII. kafla, um almenn ákvæði, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddra vara, skulu gilda eftir því sem við getur átt um vörur sem settar eru í tollvöruheymslur.

88. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvöruheymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollvöruheymslu og færslu vara milli tollvöruheymslna.

89. gr.

Þeim sem leyfi hafa til reksturs tollvöruheymslu ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit með tollvöruheymslu eða vörum í henni eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð, sbr. 8. mgr. 64. gr.

IX. KAFLI

Tollfrjáls svæði.

90. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað að komið verði upp tollfrjálsum svæðum, frísvæðum. Ákvæði 73. gr. skulu gilda um slíka leyfisveitingu.

91. gr.

Eigendum frísvæðis er skylt:

- a. Að geyma vörur í húsnæði eða á athafnasvæði sem samþykkt er af tollyfirvöldum eða á annan þann hátt er tollyfirvöld ákveða.
- b. Að sjá til þess að ótollafgreiddar vörur fari hvorki út af frísvæðinu án leyfis tollyfirvalda né verði notaðar á annan veg en leyfilegt er.
- c. Að færa þær skrár og gefa þær upplýsingar um rekstur frísvæðisins sem tollyfirvöld ákveða.
- d. Að láta í té þá aðstoð sem til þarf við eftirlit með starfsemi frísvæðisins og til skoðunar á vörum sem þar eru geymdar.

92. gr.

Vörur sem geymdar eru á frísvæði geta hlotið þar aðvinnslu vegna verslunar með þær, m.a. til að auka gæði þeirra eða viðskiptavirði. Ráðherra setur nánari reglur um slíka aðvinnslu.

Einkaneysla eða einkanot á vörum sem fluttar hafa verið inn á frísvæði án greiðslu aðflutningsgjalda eða gegn endurgreiðslu gjalda er óheimil. Ákvæði þetta á þó ekki við um leyfileg not af tollfrjálsum forða fars. Kaup eða sala svo og hvers konar afhending eða viðtaka á nefndum vörum til slíkra nota er jafnframt óheimil á frísvæðinu.

93. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um flutning á vörum inn á frísvæði og ákveðið að sérstakt fyrirkomulag skuli gilda um geymslu þeirra og flutning þar.

94. gr.

Flutning vöru til og frá frísvæði skal tilkynna viðkomandi tollyfirvaldi. Um flutning vöru af frísvæði í tollvörugeymslur gilda ákvæði VIII. kafla.

95. gr.

Aðflutningsgjöld af vöru sem tekin er til tollmeðferðar vegna sölu eða afhendingar eða eigin nota hér á landi miðast við tollflokkun hennar samkvæmt tollskrá þegar hún er tekin til tollmeðferðar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

96. gr.

Ákvæði V. kafla, um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir, og VII. kafla, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru, gilda um frísvæði eftir því sem við getur átt, m.a. um meðferð og flutning vara milli frísvæðis og annarra staða tollsvæðisins.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gæslu frísvæða og um nauðsynlegar takmarkanir á umferð til þeirra og frá.

X. KAFLI

Álagning tolla, úrskurður tollstjóra, kærur o.fl.*Álagning tolla.*

97. gr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi skuli reikna út tolla í aðflutningsskýrslu sem greiða ber við innflutning af tollverði vöru eða sendingar samkvæmt ákvæðum laga þessara svo og þau gjöld önnur sem á eru lögð við innflutning. Tollyfirvald endurskoðar álagningu innflytjanda og má leiðrétta augljósar reikniskekkjur, hvort sem þær snerta einstaka liði í aðflutningsskýrslu eða heildarniðurstöðu, svo og einstaka aðra liði í aðflutningsskýrslu, enda séu óyggjandi upplýsingar fyrir hendi.

98. gr.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið afhent tollyfirvaldi að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða tollyfirvald telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal skora á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta skriflega í té skýringar og þau gögn sem tollyfirvald telur þörf á að fá. Ef eigi er bætt úr nefndum annmörkum á fullnægjandi hátt skal tollyfirvald áætla tollverð vöru og aðflutningsgjöld samkvæmt meginreglum laga þessara. Sama skal gert ef aðflutningsskjölum er ekki skilað vegna innflutnings á vöru eða sendingu.

Telji tollýfirvald, þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr., að mat vegna ákvörðunar tollverðs eða annarra atriða sem varða tollmeðferð vöru sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna skal tollýfirvaldi heimilt án dómkvaðningar að láta mat fara fram á kostnað innflytjanda. Um matið skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Tollýfirvaldi er einnig heimilt að láta fara fram á kostnað innflytjanda sérfræðilega rannsókn á vöru sé það talið nauðsynlegt vegna tollflokunar hennar.

99. gr.

Hafi tollýfirvald heimilað afhendingu vöru eða sendingar og hún verið tekin úr vörslu farmflytjanda eða pósthöfnunar og innflytjandi látið í té í aðflutningsskýrslu sinni og meðfylgjandi gögnum fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á er óheimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld, nema innflytjandi óski innan 60 daga frá því að heimild var veitt til afhendingar eftir endurákvörðun tolls eða tollýfirvald tilkynni innflytjanda endurákvörðun sína innan sama tíma.

Endurákvörðun tolla og annarra gjalda sem innheimt eru við innflutning skal þó heimil þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafi innflytjandi fengið vöru tollafgreidda samkvæmt reglum um einfaldari tollmeðferð vöru. Sama gildir hafi innflytjandi ekki áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda eða vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru eða sendingar, t.d. flutt sams konar eða svipaða vöru til landsins áður og fengið tollafgreidda undir ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollýfirvalds en tollflokkað þá vöru eða sendingu sem endurákvarða á aðflutningsgjöld á undir annað tollskrárnúmer án samþykkis tollýfirvalds eða úrskurður um tollflokkan sams konar vöru verið kveðinn upp og birtur. Sama skal gilda sé framlögðum gögnum áfátt, sbr. 1. mgr. 98. gr., og gjöld þannig vanreiknuð við tollafgreiðslu.

Tilkynna skal innflytjanda endurákvörðun aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein með ábyrgðarbréfi.

Úrskurður tollstjóra.

100. gr.

Telji innflytjandi tollverð, tollflokkan eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Kæru skal því aðeins taka til greina að vara eða sending sé í vörslu farmflytjanda eða pósthöfnunar eða tollstjóri hafi veitt sérstaka heimild til afhendingar hennar þrátt fyrir framkomna kæru. Úrskurða skal um kæru innan 30 daga frá því að hún berst. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og sendur kæranda í ábyrgðarbréfi. Ríkistollstjóra skal þegar sent afrit af úrskurðinum.

Kæur vegna úrskurðar tollstjóra.

101. gr.

Úrskurði tollstjóra má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá uppkvaðningu.

Kæur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávisun.

Nefndin skal tafarlaust senda ríkistollstjóra endurrit eða ljósrit af kæru innflytjanda og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

Ríkistollstjóri skal koma fram fyrir hönd ráðherra gagnvart nefndinni og skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem ástæða er talin til. Greinargerðin skal send nefndinni innan þess frests sem hún ákveður.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl., eftir því sem við á.

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kærana til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærum innan 30 daga frá því að þær bárust henni, nema því aðeins að viðhafður sé munnlegur málflutningur, en þá skal kveða upp úrskurð innan 30 daga frá málflutningi, þó þannig að heildarmálsmeðferð sé aldrei lengri en 60 dagar. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kærutriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning sé byggð.

102. gr.

Nefndin skal gefa út úrskurði sína árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari. Útdrætti úr úrskurðum skal birta í Lögbirtingablaði, enda hafi þeir almennt gildi.

Nefndin skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Gilda ákvæði þau sem að framan eru rakin um slíkar kærur eftir því sem við á.

Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðum hennar fyrir en dómur er genginn.

XI. KAFLI

Innheimta aðflutningsgjalda o.fl.

Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður.

103. gr.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugæmslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum, sbr. V. kafla, eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru, sbr. 2. mgr. 14. gr., þó eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

Aðflutningsgjöld af vörum sem heimilað hefur verið að setja í tollvörugæmslu eða fluttar á frísvæði falla í gjalddaga þegar beiðni um úttekt ásamt tilskildum gögnum hefur verið afhent tollstjóra, sbr. 87. gr. og 96. gr.

Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 108. og 109. gr., sbr. 105. gr.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnuméri (sendingarnúmeri). Þó skal samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskrárnuméri, enda hafi verið gefið út undirfarmskrírteini eða undirflugfarmbréf vegna vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

104. gr.

Sé vara flutt inn til einkanota eða einkaneyslu skulu aðflutningsgjöld ávallt greidd þegar heimild til afhendingar hennar er veitt.

Sé varan flutt inn af aðila sem ekki á lögheimili hér á landi skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt.

Sé bú innflytjanda tekið til gjaldþrotaskipta, til meðferðar vegna nauðasamninga eða samkvæmt ákvæðum III. kafla í lögum nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eftir greiðslustöðvun.

105. gr.

Sé vara tekin úr vörslu farmflytjanda, úr tollvörugeymslu, tekin til notkunar eða flutt brott af frísvæði án þess að leyfi tollstjóra liggi fyrir eru aðflutningsgjöld þegar fallin í eindaga.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt því tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

106. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra þar sem varan er flutt úr fari því sem hana flytur til landsins og skal það gert áður en heimild til afhendingar vöru er veitt, sbr. þó 109. gr. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. VII. kafla, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi sem varan er send til.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað innflytjanda að greiða aðflutningsgjöld í öðru tollumdæmi, enda sé fullnægjandi gögnum varðandi tollmeðferðina framvísað hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem varan er geymd.

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld sem hann er skuldfærður fyrir í öðru tollumdæmi hjá þeim tollstjóra þar sem hann hefur verið skráður skv. 110. gr.

107. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

108. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins, hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar, settrar samkvæmt þessari málsgrein, er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutadeigandi aðila. Þar má einnig ákveða að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan 30 daga frá eindaga eins og hann verður ákveðinn samkvæmt þessari grein megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. 111. gr., og áætla tollverð hennar hafi fullnægjandi aðflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

109. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita innflytjendum sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmönnum þeirra og miðlurum, svo og innflytjendum sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar, greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum, enda hafi þeir verið skráðir skv. 110. gr. Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næst liðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Heimild til greiðslufrests má binda því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða hliðstæðrar ábyrgðar. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst sex mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð. Heimild til greiðslufrests fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. eiga við.

Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far kom á ákvörðunarstað, eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvöruhegrymslu. Aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði, skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til ákvörðunarstaðar eða úttektardag úr tollvöruhegrymslu. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. lögum nr. 36/1986. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem að fella niður greiðslufrest, tímabundið eða að fullu, eða stöðva tollafgreiðslu til hlutadeigandi aðila. Verði frestur veittur til greiðslu aðflutningsgjalda skv. þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim þá vexti sem ákveðnir verði af ráðherra.

Heimild til greiðslufrests sem veittur er í einu tollumdæmi skal gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öðrum tollumdæmum landsins.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

110. gr.

Innflytjendur, sem lögheimili eiga hér á landi og flytja vörur inn í atvinnuskyni, skulu skráðir hjá tollyfirvaldi þar sem lögheimili þeirra er. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um tilkynningu til skráningar, skráningarskírteini og viðurlög ef tilkynningarskyldu er ekki sinnt. Sama skal gilda um miðlara sem veita fyrrgreindum aðilum þjónustu við tollmeðferð og tollafgreiðslu á vöru í atvinnuskyni.

Lögveðsréttur, uppboð o.fl.

111. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á þeim sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar á vöru.

Nú er innflytjandi eða viðtakandi annar aðili en um ræðir í 1. mgr. og ábyrgjast þeir þá in solidum greiðslu aðflutningsgjalda.

Aðflutt vara er jafnframt að veði fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að taka hana í sína vörslu fyrr en afhendingarheimild

viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Gengur lögveðsréttur þessi fyrir öðrum veðum og er óháður grandleysi eiganda.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, hafa heimild til að halda uppboð og selja ótollafgreidda vöru án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkingar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og er haldsréttur farmflytjanda því ekki til fyrirstöðu. Telji tollstjóri að hærra verð megi fá fyrir vöru með öðrum hætti en sölu á uppboði skal honum heimilt að leita tilboða í vöruna og selja hæstbjóðanda ef viðunandi tilboð fæst.

Náist ekki til þeirrar vöru sem af átti að greiða má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði í öðrum eignum þeirra aðila sem um ræðir í 1.–3. mgr. og selja hið lögtekná á nauðungaruppboði.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að setja vöru á uppboð vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta eyðileggja hana á kostnað innflytjanda.

Aðflutningsgjöld greiðast af uppboðsandvirði eða söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir uppboðs- eða sölukostnaði vörunnar. Heimilt er þó að greiða fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu til landsins. Sé uppboðsandvirði eða söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangur er samkvæmt framangreindu innan árs frá uppboðsdegi eða söludegi fellur andvirðið til ríkissjóðs.

Vöntun.

112. gr.

Ef vöru vantar úr aðkomufari skal lækka aðflutningsgjöld með tilliti til verðmætis þess sem vantar í vörusendingu enda hafi verið gerð grein fyrir vöntun á þann hátt sem segir í 60. gr.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað lækkun á aðflutningsgjöldum vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um lækkun aðflutningsgjalda vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina að hún berist innan þess frests sem ákveðinn er í reglugerð og á hana færðar þær sönnur sem tollyfirvald metur gildar.

Endursending vöru.

113. gr.

Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum sem sett verða í reglugerð eða með öðrum fyrirætlum:

1. Að endurgreiða eða fella niður aðflutningsgjöld af vöru sem send er ónotuð aftur til útlanda gegn endurgreiðslu kaupverðs.
2. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem reynist gölluð og endursend er til útlanda, enda viðurkenni seljandi að hann taki vöruna aftur vegna gallans.

114. gr.

Verði breyting á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg skal leggja hin nýju gjöld á þá vöru eða sendingu sem eigi hefur verið tekin til tollmeðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. þegar breytingin öðlast gildi þrátt fyrir að hún hafi verið flutt inn fyrir þann tíma.

Ef aðflutningsgjöld lækka eða eru felld niður eftir að fullnægjandi skjöl yfir vöru eða sendingu hafa verið afhent tollyfirvaldi skv. 2. mgr. 1. gr., en áður en heimild er veitt til afhendingar skal greiða hin lægri gjöld eða fella þau niður.

XII. KAFLI

Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

115. gr.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o.þ.h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

Ákvarðanir ráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en sex mánaða í senn.

116. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram

- a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
- b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
 1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða
 2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

117. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

118. gr.

Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka undirboðs- og jöfnunartolla til bráðabirgða má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim sex mánuðum sem um ræðir í síðustu málsgrein 116. gr., ef um það er að ræða.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 111. gr.

119. gr.

Ráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðum fyrir álagningu þeirra.

120. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra vara.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða framleiðslukostnaði sambærilegra vara sem framleiddar eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast í önnur tollskránum í tollskrá en innfluttar vörur. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæðar vörur á sama eða svipuðu framleiðslustigi þessara vara hér á landi.

Þegar innflutt vara telst í verulegum atriðum að efni og gerð frábrugðin þeim vörum sem framleiddar eru hér á landi er ráðherra heimilt að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu sambærilegra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða framleiðslukostnað samkvæmt þessari grein. Um lögvernd jöfnunarálags fer samkvæmt ákvæðum 111. gr.

XIII. KAFLI

Útflutningur.

121. gr.

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því tollumdæmi sem vara er tekin í far, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafist, svo og vörureikning um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafist varðandi útflutningsvöru og afhendingu hennar erlendis.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi, taki skipið ekki höfn áður en það flytur aftur afla á erlendan markað. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað þar sem það er gert út ber að senda skýrslu þessa til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útgerðarstaður skipsins er.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því tollumdæmi sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum vikið frá ákvæðum 4. mgr.

Ákvæði 110. gr. skulu gilda með sama hætti um útflytjendur og miðlara sem veita þeim þjónustu við útflutning á vörum.

122. gr.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum og vörnum skulu fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð við upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð sem fjallað er um í 1. mgr.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. um útfluttar vörur til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, eru atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tollyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tollyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útfluttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

XIV. KAFLI

Refsing og önnur viðurlög, upptaka eigna og málsmeðferð.

Refsing og önnur viðurlög.

123. gr.

Það er ólöglegur innflutningur ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrir mælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós að um borð í fari er vara sem ekki er færð á farmskrá eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð grein fyrir og skal þá litið svo á að eigandi hennar hafi gerst sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

Það varðar sektum samkvæmt lögum þessum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

124. gr.

Brot gegn ákvæðum 123. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá sæta sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, enda víti hann eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt.

125. gr.

Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga og skal þá refsað eftir þeim lögum.

126. gr.

Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni að hvorki honum né þeim sem kemur fram fyrir hans hönd verði um kennt.

Nú verður maður uppvíis að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr., í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta sem veit eða má vita að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert skv. 123.–125. gr. skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar um þá sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollamál.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti friðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Nú hefur ráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í næstu málsgrein hér að framan, sbr. 3. mgr. 122. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsíabyrgðina.

127. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

128. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Sé lás eða innsigli tollgæslunnar brotið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, varðar það þann sektum sem ábyrgð ber á lásnum eða innsiglinu nema hann geti gert sennilegt að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna og hann tilkynni tollgæslunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita ef maður aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

129. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út vörur af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu.

130. gr.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru, misnoti maður leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum lögum og reglugerðum eða fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim.

131. gr.

Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu.

132. gr.

Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum sem skylt er eða þau ekki gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða ákveðið kann að vera í reglugerð eða öðrum fyrirmælum eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

Leiði vanræksla sem um ræðir í 1. mgr. til þess að rannsókn eða eftirlit með affermingu þurfi að fara fram á farmi fars eða öðru sem far flytur ber eigandi eða umráðamaður þess allan kostnað sem af því hlýst.

Það varðar stjórnanda fars sektum ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða eigi er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsigliSSkrá hafa verið geymdar meðal innsigliSSbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliSSkrá yfir slíkan varning.

133. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

134. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18.–20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru skv. 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara með 20% viðauka við það.

Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð má innheimta 20% viðauka á þann toll eða önnur gjöld sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á getur tollyfirvald fallið frá innheimtu viðauka samkvæmt þessari grein, enda færi aðili gildar ástæður sér til málsbóta.

Sé málinu vísað til opinberrar rannsóknar skal við ákvörðun sektar hafa hliðsjón af viðauka sem innflytjanda hefur verið gert að greiða.

135. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Upptaka eigna.

136. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörslumaður hafi komist yfir vöruna á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar er heimilt að gera upptæk farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef ástæða er til að ætla að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

Í stað farartækis má gera andvirði þess upptækt.

Nú verður refsíðabyrgð ekki fram komið og er þá heimilt að beita eignaupptöku.

Verði ekki upplýst hver sökunautur er skal varan innan 30 daga frá því að hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

137. gr.

Farartæki sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði sem stjórnanda farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkingar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar og með þeim hætti sem segir í 111. gr.

Eigi sökunautur lögheimili eða eignir hér á landi skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar skv. 1. mgr.

138. gr.

Heimilt er að svipta þann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum.

Málsmeðferð.

139. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 50 000 kr., enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsíákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt eða 5. mgr. 136. gr., ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 100 000 kr.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr., eftir þeim reglum er hann ákveður.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Hafi einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og framvísar því við tollgæsluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans skal honum heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur, án þess að sæta kærufyrir brot, enda sé um takmarkað magn að ræða sem nánar má ákveða í reglugerð.

140. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð.

XV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

141. gr.

Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

142. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ríkistollstjóri setur, að taka vöru eða sýnishorn af vöru til tollskoðunar. Halda má eftir verðlitlum sýnishornum.

Innflytjandi sem óskar eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til ríkistollstjóra. Erindi skulu fylgja nauðsynleg gögn, svo sem teikning, mynd eða vörulýsing og sýnishorn verði því við komið.

Ríkistollstjóri skal svara fyrirspurnum skriflega. Afrit af viðkomandi svari, ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum, skal senda fjármálaráðuneytinu.

143. gr.

Ráðherra skal heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar beitt er heimild 6. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins.

Samþykki tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Vörugreining í öðrum lögum byggð á tollflokkun samkvæmt tollnafnaskránni skal breytt til samræmis án þess að slíkar breytingar hafi áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá eða gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Breytingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

144. gr.

Toll og önnur gjöld skal leggja á og innheimta í heilum krónum þannig að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri fjárhæð sé sleppt. Tollverð og einstaka þætti þess skal tilgreina í aðflutningsskýrslu og tollverðsskýrslu með sama hætti.

145. gr.

Ráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða gjald skuli innheimta fyrir störf tollstarfsmanna sem ekki teljast liður í almennu tolleftirliti. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

146. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skil tollyfirvalda á aðflutnings- og útflutningsskjöllum og öðrum gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

147. gr.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

148. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

149. gr.

Ákvæði laga þessara um flokkun vara, álagningu, innheimtu, lögvernd, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutnings- eða útflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

150. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1987. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., svo og lög nr. 24 10. maí 1977, lög nr. 82 18. maí 1978, lög nr. 11 22. apríl 1981, lög nr. 31 26. maí 1981, lög nr. 83 28. desember 1981, lög nr. 2 2. febrúar 1982, lög nr. 30 4. maí 1982, lög nr. 98 31. desember 1982, 10. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 76 31. desember 1983, lög nr. 27 15. maí 1984, lög nr. 29 15. maí 1984, lög nr. 39 25. maí 1984, lög nr. 123 31. desember 1984, lög nr. 110 31. desember 1985, IV. kafla laga nr. 3 1. mars 1986, lög nr. 4 11. mars 1986 og lög nr. 16 30. apríl 1986, um breyting á þeim lögum; lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lög nr. 2 11. febrúar 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973, lög nr. 71 31. maí 1976, lög nr. 31 29. maí 1979 og lög nr. 46 30. maí 1984, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o.fl.

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt lögum þeim sem um ræðir í fyrri mgr., skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 150. gr. skulu 1. og 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., svo og lagaákvæði um breyting á þessum greinum, halda gildi sínu þar til sett hafa verið lög um tollskrá.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem við gildistöku reglugerðar nr. 190/1985 voru í starfi erlendis, skulu með sama hætti og áður eiga rétt á niðurfellingu tolla á bifreið sem þeir flytja með sér heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfelld starf erlendis. Með bifreiðar þessar skal að öðru leyti farið samkvæmt reglugerð nr. 190/1985, um bifreiðamál ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Þorsteinn Pálsson.

JARÐRÆKTARLÖG.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um yfirstjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra ræktunarmála og jarðabóta sem lög þessi taka til.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af þriggja manna stjórn og kosin er af búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Hver sá, sem stundar búskap á lögbýli og búvöruframleiðslu til sölu á almennum markaði, á rétt til að vera félagsmaður í búnaðarfélagi. Í hverju sveitarfélagi þar sem búvöruframleiðsla er stunduð skal vera starfandi búnaðarfélag og starfssvæði þess að jafnaði miðað við viðkomandi sveitarfélag, enda séu fullgildir félagsmenn ekki færri en sex að tölu.

Verði fullgildir félagar í búnaðarfélagi fimm eða færri skal búnaðarfélagið sameinast búnaðarfélagi nærliggjandi sveitar eftir tillögum hlutaðeigandi búnaðarsambands.

Heimilt er þó að einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars sveitarfélags ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi og enn fremur að búnaðarfélag nái yfir tvö sveitarfélög eða fleiri þar sem það þykir henta. Fyrir slíkum frávikum og breytingum á starfssvæðum búnaðarfélaga þarf samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er að halda félagssvæði búnaðarfélags óbreyttu þótt skipan sveitarfélaga breytist.

Búnaðarfélagum er skylt að vera í búnaðarsambandi hlutaðeigandi héraðs. Stjórnum búnaðarfélaga er skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því sem stjórnir Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambands ákveða. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðabætur innan sambandssvæða sinna ásamt afriti af ársreikningum sínum. Um skipan búnaðarfélaga og búnaðarsambanda fer að öðru leyti eins og segir í lögum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta félagsins, héraðsráðunauta búnaðarsambandanna og sérstakra trúnaðarmanna þessara samtaka.

Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands eru stjórn þess og búnaðarmálastjóra til ráðuneytis hver á sínu sviði og veita forustu leiðbeiningarþjónustu í þeim greinum sem lög þessi taka til.

5. gr.

Héraðsráðunautar skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveimur eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

Héraðsráðunautar hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum og öðrum jarðabótum hver á sínu starfssvæði í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir skulu árlega skila skýrslu um störf sín til þeirra búnaðarsambanda er þeir starfa fyrir. Heimilt er að fela sama héraðsráðunaut að gegna starfi í fleiri en einni grein leiðbeiningarþjónustunnar. Þá er heimilt að fela héraðsráðunaut framkvæmdastjórn búnaðarsambands.

Þar sem héraðsráðunautar að dómi Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör.

6. gr.

Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandídatprófi (B.S.-prófi) í búvísindum frá búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri eða hliðstæðu námi við erlenda landbúnaðarháskóla. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands skulu auk þeirrar menntunar hafa lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafa starfsreynslu sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda. Trúnaðarmenn skulu hafa lokið búfræðiprófi frá búnaðarskóla, garðyrkjuprófi frá Garðyrkjuskóla ríkisins eða annarri menntun í landbúnaði sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi er landbúnaðarráðherra samþykkir. Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf til framkvæmda samkvæmt lögum þessum og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárveitingu á næsta ári áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt jarðræktar og húsabóta skuli lokið. Þá getur landbúnaðarráðherra mælt svo fyrir að fengnu álitu Búnaðarfélags Íslands að sótt skuli um framlög til ákveðinna framkvæmda samkvæmt lögum þessum fyrir fram og greiddast þá framlög á sama ári og framkvæmt er.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera fullgildur félagsmaður í búnaðarfélagi, sbr. 3. gr. Ákvæði þessara laga um ríkisframlög til jarðabóta ná til allra jarðeigna í landinu sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan skipulagssvæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar.

Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkjum náttúruminjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.

Framlög eru ekki veitt til jarðræktar og húsabóta á lögbýlum sem eigi hafa verið setin tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdarári eða nytjuð frá öðrum lögbýlum, nema fyrir liggja heimild til bústofnunar þar samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa og skal þá ávallt leitað umsagnar héraðsráðunautar um þá ráðstöfun.

Ræktað land í lögum þessum telst vera: tún, matjurtagarðar, akrar og engi og/eða beitolönd sem verulegar landbætur hafa orðið á við framræslu og/eða áburð og liggja utan skipulags byggingarlóða sveitarfélaga.

Þegar vegir og veitur hvers konar eru lagðar um ræktað land eða ræktanlegt skal þess ávallt gætt að skerða ræktun og ræktunarmöguleika sem minnst. Þess skal gætt að verkið valdi sem minnstum óþægindum við nýtingu landsins. Þeim sem fyrir verkum standa ber að leita álits héraðsráðunautar um þetta efni áður en í framkvæmd er ráðist og að hafa samráð við hann um framkvæmd verka.

Þeir sem standa fyrir mannvirkjagerð, svo sem vegagerð og veitulögnum, skulu enn fremur haga verkum sínum svo að af þeim leiði ekki eyðingarhættu vegna jarðrasks, landbrots eða því um líks. Þeir skulu lagfæra yfirborð landsins og skila því fullgræddu.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðabóta.

10. gr.

Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Til undirbúnings ræktunar.

- a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.
- b. Framræsla vegna endurræktunar, þar með talin hreinsun og dýpkun skurða, 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflidum skal að hámarki svara til 3,5 millj. m³ skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandsvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum samkvæmt þessum staflidum reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

- c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi 80 kr. á m

II. Til jarðræktar.

- a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, nýrækt og endurræktun 19 000 kr. á ha
- b. Túnrækt á þurrlendi, nýrækt og endurræktun 13 000 kr. á ha
- c. Korn- og frækraur 6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflid er ekki greitt til kornræktar grænófóðurverksmiðja.

- d. Grænófóðurrækt 6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflid er bundið því að um sé að ræða grænófóðurræktun til þess að bæta úr fódurskortu vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarförfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. Til girðinga um ræktunarlönd.

Fullgildar girðingar með föstum horn- og hliðstólpum 16 kr. á m

IV. Til áburðargeymslna.

Áburðarhús og áburðarkjallarar 600 kr. á m³

V. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.

a. Votheyslödður 670 kr. á m³

b. Purrheyshlödður með súgþurrkunarkerfi 1000 kr. á m²

c. Súgþurrkunarbásari með aflvél, kælivél vegna garðávaxtageymslu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni, framlag 40% af verði tækja og búnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða:

Framlag að upphæð 340 kr. á m² skal greiða vegna súgþurrkunarkerfa, sem upp er komið í eldri hlöðum á árunum 1986–1989.

d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði 1000 kr. á m²

e. Geymsluhús 330 kr. á m²

VI. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búsparfa.

Helmíngur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbólí að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VII. Til kölkunar á túnum.

Þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt að hennar sé þörf er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal hún við það miðuð að nægja til a.m.k. fimm ára.

VIII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2100 kr. á m², allt að 200 m² að flatarmáli á býli.

b. Til lýsingar í gróðurhúsum: Framlag 420 kr. á m², allt að 300 m² að flatarmáli á býli.

c. Til kolsýrugjafar í gróðurhúsum: 40% af verði tækja og búnaðar.

IX. Til loðdýrabygginga.

Framlag nemi 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m² að flatarmáli á býli.

X. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag nemi 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og skógarvörður hafa gert og Skóg-rækt ríkisins samþykkt.

XI. Til sérstakra verkefna.

Á árunum 1987–1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–X. tölulíð þessarar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þau skilyrði sem jarðabætur skv. 10. gr. þurfa að uppfylla til þess að heimilt sé að taka þær út og greiða framlag til þeirra. Þá getur ráðherra, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.

12. gr.

Á framlög, sem ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1986. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll þessarar vísitölu í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Byggingastofnun landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið. Hagstofa Íslands reiknar vísitöluna síðan miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög til framkvæmda frá og með árinu 1987.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 10. gr., skulu 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands og 2% til búnaðarfélags hlutaðeigandi jarðabótamanns. Af framlögum til loðýrabygginga skal þó aðeins greiða 4% til viðkomandi búnaðarsambands.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda skrá yfir jarðabætur á lögbýlum og framlög til þeirra samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að taka gjald fyrir sérstök og umfangsmikil þjónustuverkefni sem unnin eru fyrir einstaka bændur eða aðra aðila og flokkast ekki undir almennar leiðbeiningar.

Landbúnaðarráðherra ákveður gjaldskrá vegna þessara verkefna, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslu með opnum skurðum um land allt skal Búnaðarfélag Íslands halda eftir ákveðnu gjaldi af framlagi til framræslu skv. a- og b-liðum I. liðar 10. gr. Verðjöfnunargjald þetta má að hámarki nema 3% af meðalkostnaði við framræsluna. Verðjöfnunargjaldið skal nota til þess að greiða niður kostnað við framræslu þar sem hann vegna óhagstæðrar aðstöðu er meiri en meðalkostnaður, enda teljist framræslan nauðsynleg jarðabót að mati Búnaðarfélags Íslands. Landbúnaðarráðherra ákveður árlega fyrir 1. maí, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, upphæð verðjöfnunargjalds vegna framræslu það ár, meðferð þess og ráðstöfun.

16. gr.

Hafi jarðabætur, sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum, verið unnar af búnaðar- eða ræktunarsamböndum, er Búnaðarfélagi Íslands heimilt að halda eftir af jarðabótaframlögum upphæð til greiðslu á vinnuskuldum, enda hafi borist um það krafa frá stjórn viðkomandi sambands.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

17. gr.

Þyki héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni að jarðabótaframkvæmd sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerðir samkvæmt þeim hefur hann rétt til að neita úttekt og þá um leið framlagi til hennar. Ágreiningi, sem upp kann að koma þessa efnis, skal skotið til Búnaðarfélags Íslands sem sker úr honum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er rétt að leita úrskurðar landbúnaðarráðherra í þeim málum sem hún telur orka tvímælis.

18. gr.

Sá sem segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. kafla eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því er verulegu máli skiptir skal sæta sektum frá 10 000–100 000 kr., og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni má þyngja refsinguna um helming.

Brjótí héraðsráðunautur, trúnaðarmaður eða starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerða samkvæmt þeim skal hann sæta sömu refsingu er að ofan getur nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi jarðræktarlög, nr. 79 29. maí 1972, með síðari breytingum, og lög nr. 58 3. nóv. 1915, um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Thoroddsen.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um fæðingarorlof.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum þessum merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar.

2. gr.

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fjögurra mánaða fæðingarorlofi samkvæmt lögum þessum. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarorlof vera fimm mánuðir og frá 1. jan. 1990 sex mánuðir.

Skipti foreldrar með sér fæðingarorlofi verður sameiginlegt orlof þeirra aldrei lengra en segir í 1. mgr.

3. gr.

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi.

4. gr.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

5. gr.

Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga með sama hætti rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs (fjögurra mánaða frá 1. jan. 1989 og fimm mánaða frá 1. jan. 1990) vegna töku barns að fimm ára aldri þess. Töku fæðingarorlofs samkvæmt grein þessari má hefja er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á. Tilkynna skal atvinnurekanda um töku fæðingarorlofs með 21 dags fyrirvara, nema sérstakar aðstæður geri það ókleift.

6. gr.

Skylt er, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum. Slík tilfærsla skal ekki hafa áhrif á launakjör viðkomandi til lækkunar.

7. gr.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæði fyrri málsgreinar skal hann greiða bætur. Við ákvörðun bóta skal m.a. taka mið af ráðningartíma starfsmanns hjá viðkomandi atvinnurekanda.

8. gr.

Ákvæði laga þessara skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög kunna að hafa samið um umfram það sem í lögum þessum greinir.

9. gr.

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Ragnhildur Helgadóttir.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 5. apríl 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 15 000 kr. á mánuði í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarstyrkur greiddur í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarféлага, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd.

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í þrjá mánuði (fjóra frá 1. jan. 1989 og fimm frá 1. jan. 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Ný grein kemur er verður 26. gr. laganna og orðast svo:

- a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.

- b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
- c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í fjóra mánuði. Frá 1. jan. 1989 skulu þeir greiddir í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði.
- d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1032–2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
- e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
- f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm eða sex, sbr. c-lið).
- g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
- h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
- i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.
- j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
- k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
- l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.
- m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
- n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
- o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.
- p. Enginn getur samtfmis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir foreldrar, sem kunna að vera í fæðingarorlofi við gildistöku laganna og fá greiðslur samkvæmt núgildandi ákvæði 16. gr. almannatryggingalaga, skulu fá greiddan fæðingarstyrk og eftir atvikum fæðingardagpeninga í samræmi við lög þessi frá gildistöku þeirra þannig að samfelldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingar verði fjórir mánuðir. Þegar lenging fæðingarorlofs kemur til framkvæmdar skulu þeir foreldrar, er þá fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, einnig njóta lengingarinnar.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Thoroddsen.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

Nr. 60

BRÁÐABIRGÐALÖG

14. apríl 1987

**um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð,
Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að sá aðdragandi að skipun Vísindaráðs sem gert er ráð fyrir í nýsettum lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð mundi að óbreyttu valda verulegri röskun á vinnu að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði á þessu ári. Til þess að úthlutunaraðilar geti lokið störfum sínum í tæka tíð með óskertu umboði beri því brýna nauðsyn til að seinka gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí n.k.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Fyrri málsliður 1. málsg. 23. gr. laga nr. 48 19. mars 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

16. júní 1987

195

Nr. 61

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi skv. lögum nr. 30/1966, sbr. breytingu með lögum nr. 21/1980. Á undanförunum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. júlí 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969
um Stjórnarráð Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfesti eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Utánríkisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands erlendis.
3. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Skipti við erlend ríki.
5. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra.

7. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum, er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða edli máls.
8. Diplomatsk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
9. Kynningu Íslands og íslenskra efna með öðrum þjóðum, nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.
10. Framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvamál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu, sbr. lög nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.
11. Útflutningsverslun.
12. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
13. Skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök.
14. Vörusýningar erlendis.
15. Þróunarsamvinnu og neyðarhjálp.

2. gr.

14. gr. orðist svo:

Viðskiptaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Verslun og viðskipti önnur en útflutningsverslun.
2. Skipti Íslands við alþjóðleg efnahagssamtök og fjármálastofnanir.
3. Gjaldeyri.
4. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
5. Gjaldmiðil og myntsláttu.
6. Verðskráningu og verðlag, nema lögð séu til annars ráðuneytis.
7. Hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um verslun eða annan atvinnurekstur.
8. Verslunarskrár og firmu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Steingrímur Hermannsson.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Þorsteinn Pálsson fer með forsætisráðuneytið.

Steingrímur Hermannsson fer með utanríkisráðuneytið.

Birgir Ísleifur Gunnarsson fer með menntamálaráðuneytið.

Friðrik Sophusson fer með iðnaðarráðuneytið.

Guðmundur Bjarnason fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.

Jón Baldvin Hannibalsson fer með fjármálaráðuneytið.

Jón Helgason fer með landbúnaðarráðuneytið.

Jón Sigurðsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið, viðskiptaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Matthías Á. Mathiesen fer með samgönguráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um aðgerðir í sjávarútvegi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að grípa nú þegar til efnahagsráðstafana til þess að hemja verðbólgu og treysta jafnvægi í þjóðarþúskapnum, þar á meðal séu ráðstafanir í sjávarútvegi til að draga úr þenslu og jafna aðstöðu milli greina innan sjávarútvegsins. Hafa þeir flokkar sem að ríkisstjórninni standa tekið inn í stjórnarsáttmála sinn ákvæði þar að lútandi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjárveitingu vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi skal á árinu 1987 varið sem hér segir:

- a. Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri vinnslugrein og í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða hvers fyrirtækis til loka júlímánaðar 1987 eftir sömu reglum og gilt hafa.
- b. Það sem eftir kann að standa af þeim 455 m.kr., sem skyldu renna til fiskvinnslunnar á árinu 1987, þegar greiðslur skv. a-lið hafa verið inntar af hendi, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þessu fé skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða á síðari hluta ársins og áætlaða uppsöfnun söluskatts að mati Þjóðhagsstofnunar. Fé þetta skal bundið til ársloka 1988 en eftir þann tíma getur sjóðsstjórn að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að því megi ráðstafa eftir almennum reglum sjóðsins.
- c. Helmingur þeirra 220 m.kr., sem skyldu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1987, skal lagður inn á sérstakan bundinn reikning í vörslu sjóðsins. Ráðherra getur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar sett reglur um ráðstöfun fjár af þessum reikningi til niðurgreiðslu vaxta vegna stofnfjárlána fiskiskipa.
- d. Til Útflutningsráðs Íslands skulu á árinu 1987 renna 25 m.kr.

2. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi skv. 1. mgr.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert kílógramm ísfisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðar ákveða með

reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn og má gjaldið vera mishátt eftir fisktegunum. Við þessa ákvörðun skal ráðherra taka mið af áætlaðri inngreiðslu til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á botnfiskafurðum miðað við hvert kílógramm hráefnis skv. mati Þjóðhagsstofnunar.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur eftirlit og yfirumsjón með innheimtu gjalds skv. 2. gr. laga þessara.

Lýsi útflytjandi gjaldskylds ísfisks því skriflega yfir fyrir viðkomandi tollstjóra að fiskurinn sé ætlaður til sölu erlendis fellur gjald samkvæmt 2. gr. í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir brottfarardag flutningsfars. Liggi slík yfirlýsing ekki fyrir við afgreiðslu flutningsfars er gjaldið kræft þegar í stað og er viðkomandi tollstjóra þá óheimilt að afgreiða flutningsfar nema gegn greiðslu gjaldsins. Viðskiptabanki útflytjanda skal við gjaldeyrisskil halda eftir því gjaldi, sem ákveðið er í 3. mgr. 2. gr. laga þessara, og skila því til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

4. gr.

Sé gjald skv. 2. gr. laga þessara ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af vangreiddri fjárhæð. Gjaldið nýtur lögtaksréttar. Útflytjandi og eigandi útflutts ísfisks bera óskipta ábyrgð á greiðslu gjalds skv. 2. gr. og getur tollstjórinn í Reykjavík gengið að hvorum þeirra um sig til greiðslu gjaldsins. Tollstjóri getur stöðvað afgreiðslu útflutningsskjala þeirra aðila sem eru í vanskilum með gjald skv. 2. gr. laga þessara.

5. gr.

Gjaldi til Verðjöfnunarsjóðs skv. 2. gr. skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við heildarútflutningsverðmæti botnfiskafurða, er undir hverja deild falla á næstliðnu ári.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um innheimtu gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eftirlit með skilum þess og upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila. Honum skal og heimilt að setja fyllri ákvæði um gjaldskyldu og skiptingu innheimts gjalds.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjald skv. 2. gr. skal innheimt vegna útflutnings frá og með 15. júlí 1987.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar efnahagsráðstafanir, er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd nú þegar til að treysta stöðu ríkissjóðs, draga úr þenslu, bæta stöðu þjóðarþúsins út á við og til að stuðla að jöfnun lífskjara. Þar á meðal eru ráðstafanir í landbúnaðarmálum, er auk annars stuðla að eflingu innlendrar fódurframleiðslu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Við d-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. töluliður, svohljóðandi:
Sérstakt grunngjald sem má nema allt að 4 krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

2. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sérstakt grunngjald skv. 3. tl. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

3. gr.

32. gr. orðist svo:

Sé ákveðið að lækka fódurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður, skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum, sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

Séu heimildir til álagningar fódurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar, skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fódurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila, er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skilgjaldanna, sbr. 33. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Tekjur af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tl. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Jón Helgason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir í fjármálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að grípa nú þegar til efnahagsráðstafana í því skyni að styrkja stöðu ríkissjóðs, draga úr þenslu, bæta stöðu þjóðarbúsins út á við, og til að stuðla að jöfnun lífskjara. Hafa þeir flokkar, sem að ríkisstjórninni standa, tekið inn í stjórnarsáttmála sinn ákvæði þar að lútandi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

I. KAFLI

Um bifreiðagjald.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1988 skal greiða til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi.

Með gjaldskyldri bifreið samkvæmt lögum þessum er átt við vélknúid ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
 - b. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
 - c. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búid beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
 - d. Fjórhjól er fellur í tollskrárnúmer 84.02.18, sbr. VII. kafla laga þessara.
- Verði ágreiningur um gjaldskyldu bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Bifreiðagjald skal vera sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd allt að 2500 kg skal greiða 2 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar, þó aldrei lægra gjald en 1 000 kr. vegna hvernar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 3. gr.
- b. Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd 2500 kg eða þyngri skal greiða 5 000 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hvernar bifreiðar, sbr. 3. gr.

3. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember, en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skal gjaldið innheimtast þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmarkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald skal þó aldrei vera lægra en 500 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigandaskipti að bifreið án þess að þau hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið, sem greitt hefur verið af, þótt eigandaskipti verði, hún flutt í annað skráningarumdæmi eða afskráð. Gildir greiðslan fyrir bifreiðina hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða, lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru í eigu öryrkja er notið hafa styrks til bifreiðakaupa samkvæmt reglugerð nr. 170/1987.

4. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum kafla, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

5. gr.

Bifreiðagjald samkvæmt 2. gr. og lágmarksgjald samkvæmt 3. gr. eru grunngjöld. Fjármálaráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

6. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

7. gr.

Innheimtu bifreiðagjalds annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela Bifreiðaeftirliti ríkisins innheimtu bifreiðagjalds.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa kafla í reglugerð.

II. KAFLI

Um sérstakan söluskatt.

9. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í þessum kafla.

10. gr.

Af andvirði seldrar vöru, þ.m.t. úttekt til eigin nota, af innfluttum vörum til eigin nota er um ræðir í 1. tölul. 11. gr. og af endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi eða þjónustu, er um ræðir í 2. tölul. 11. gr., skal greiða sérstakan söluskatt er nemur 10% — tíu af hundræði —.

11. gr.

Af sölu eftirtalinnar vöru og þjónustu skal greiða sérstakan söluskatt:

1. Vöru sem um ræðir í I. til og með IV. flokki 1. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976 með síðari breytingum og ætlaðar eru til manneldis. Þó skal ekki greiða sérstakan söluskatt af framangreindum vörum séu þær söluskattsskyldar samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
2. Þjónustu lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, verkfræðinga, tæknifræðinga, viðskiptafræðinga, arkitekta og annarra hliðstæðra aðila. Sama á við um bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tölvuvinnslu, þ.m.t. þjónustu kerfisfræðinga, hvers konar ráðgjöf, þjónustu fasteignasala, seljenda notaðra bifreiða og auglýsingaþjónustu, þ.e. gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar. Þó skal ekki greiða sérstakan söluskatt af þjónustu lækna, tannlækna og annarri eiginlegri heilbrigðisþjónustu, svo og þjónustu presta og útfararþjónustu.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sérstakan söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. 1. tölul. 11. gr. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar niðurfellingar, svo og um bókhald og framtal þeirra sem versla með þessar vörur. Jafnframt getur hann sett fyllri ákvæði um skattskyldu skv. 2. tölul. 11. gr.

13. gr.

Ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar á meðal um refsingar, skulu gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa kafla í reglugerð.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

15. gr.

69. gr. A laganna orðist svo:

Vegna barna, sem um ræðir í 69. gr., skal ríkissjóður greiða framfæranda barns auk barnabóta sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. uppfyllt. Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 30 000 kr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7,5% af því sem samanlagður útsvarstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarstofn hjóna nær 905 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7,5% af því sem útsvarstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er útsvarstofn foreldris nær 744 250 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,5% af því sem eignarskattstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn hvors hjóna nær 2 568 250 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 3,0% af því sem eignarskattstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn foreldris nær 3 091 000 kr.

Um barnabótaauka, þar á meðal um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr.

IV. KAFLI

- 625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
- 626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
- 627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýri.

- 631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
- 632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
- 633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
- 634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjaneskóla.
- 635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
- 638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrrar að heimreið að Laugarási.
- 641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
- 643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veidíleysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur og Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
- 645 Drangsnæsvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnæs og Kaldrananes á Strandavegi í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
- 646 Flugvallavegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
- 647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð og Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
- 72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
- 74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
- 75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegrænes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurar hjá Vatnsleysu.
- 76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabráar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenna að Siglufirði.
- 77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarar um Hofsósi á Siglufjarðarveg sunnan Hofsar.
- 702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
- 703 Hálsbæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
- 704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarar, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
- 705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
- 706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
- 711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
- 712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
- 714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
- 715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.

- 716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
- 717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
- 718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
- 721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
- 722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
- 723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
- 724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
- 725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
- 726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
- 727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
- 728 Flugvallavegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
- 731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
- 732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
- 733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
- 734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
- 741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
- 742 Mýrarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
- 744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
- 745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
- 748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
- 749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
- 751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
- 752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
- 753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
- 754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
- 755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
- 758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
- 759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
- 761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.

- 762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
- 764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
- 765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
- 766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
- 767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
- 768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
- 769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
- 781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
- 783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
- 784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
- 786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
- 787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólögörðum.
- 789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
- 792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalshéiði, um Öxnadal, Pelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
- 83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
- 85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
- 87 Kísilvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
- 802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
- 803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
- 804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
- 805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
- 806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.

- 807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
- 808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
- 809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærri-Árskógi að Hauganesi.
- 811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
- 812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
- 813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
- 814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
- 815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
- 816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
- 817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
- 820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
- 822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
- 823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
- 824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjöldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
- 825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
- 826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á mótis við Vatnsenda.
- 827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
- 828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
- 830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
- 831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
- 832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
- 833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
- 834 Fnjóskadalvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímssgerði.
- 835 Fnjóskadalvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg á Dalsmynni.
- 836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðalheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
- 841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
- 842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
- 843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.

- 844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
- 845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
- 846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gengt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
- 847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
- 848 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
- 849 Baldursheimsvegur: Af Norðurlandsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
- 850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilveg við Reynihlíð að flugvelli.
- 851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
- 852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
- 853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
- 854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
- 855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
- 856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
- 858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
- 862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
- 864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
- 865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
- 866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
- 867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
- 868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Gardár í Pistilfirði, að Holti.
- 869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
- 870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
- 873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

- 1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Örafi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, yfir Hellisheiði, um Jökulsárhlíð á Austurlandsveg hjá Fossvöllum.
- 91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
- 92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddskarð og til Neskaupstaðar.
- 93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
- 94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðapinghá, Hjaltastaðar- pinghá, yfir Selfjótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.

- 96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
- 97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
- 98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
- 99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
- 913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
- 914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
- 915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
- 916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi norðan Hofsár að flugvelli.
- 918 Vopnafjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal, um Langadal og Hofsárdal á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
- 919 Sunnudalsvegur: Af Norðausturvegi austan Hofsár, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals á Vopnafjarðarveg nálægt Teigi.
- 923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
- 924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
- 925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
- 926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
- 927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
- 931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
- 933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuridarstöðum.
- 934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
- 935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
- 937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
- 938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
- 939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
- 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
- 943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
- 944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
- 946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstöð.
- 947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 951 Vestdalseyjarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
- 953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.

- 954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
 955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Prastarlundi að flugvelli.
 956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
 961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
 964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
 966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
 982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
 986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
 988 Flugvallarvegur Örafum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokk.

3.2.1. Stofnbrautir.

- | | |
|--|---|
| 1 Suðurlandsvegur. | 433 Reykjalandarvegur. |
| 30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur — Flúðir. | 51 Akranesvegur. |
| 31 Skálholtsvegur. | 54 Ólafsvíkurvegur. |
| 33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri — Eyrarbakkevegur. | 55 Heydalsvegur. |
| 34 Eyrarbakkevegur. | 56 Kerlingarskarðsvegur. |
| 35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur. | 58 Stykkishólmsvegur. |
| 36 Þingvallavegur. | 57 Snæfellsnesvegur. |
| 37 Laugarvatnsvegur.
Biskupstungnabraut — Laugarvatn. | 574 Útnesvegur:
Hellissandur — Ólafsvík. |
| 38 Þorlákshafnarvegur. | 60 Vestfjarðavegur. |
| 39 Þrengslavegur. | 61 Djúpvvegur. |
| 343 Álfsstétt. | 62 Barðastrandarvegur. |
| 1 Vesturlandsvegur. | 63 Bíldudalsvegur. |
| 40 Hafnarfjarðarvegur. | 64 Flateyrarvegur. |
| 41 Reykjanesbraut. | 65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur — Suðureyri. |
| 43 Grindavíkurvegur. | 68 Hólmavíkurvegur. |
| 45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut — Sandgerði. | 617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur — Tálknafjörður. |
| 46 Víknavegur: | 1 Norðurlandsvegur. |
| 47 Flugvallarvegur Keflavík. | 72 Hvammstangavegur. |
| 411 Arnarnesvegur. | 74 Skagastrandarvegur. |
| 412 Vífilsstaðavegur. | 75 Sauðárkróksbraut. |
| 415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur. | 76 Siglufjarðarvegur. |
| 416 Álftanesvegur. | 77 Hofsósbraut. |
| 421 Vogavegur. | 82 Ólafsfjarðarvegur. |
| 422 Njarðvíkurvegur. | 85 Norðausturvegur. |
| 431 Hafravatnsvegur.
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur. | 808 Árskógssandsvegur. |
| | 821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur — Miðbraut. |
| | 823 Miðbraut. |

829 Eyjafjarðarbraut eystri:

Norðurlandsvegur — Miðbraut.

845 Aðaldalsvegur.**1 Austurlandsvegur.****92 Norðfjarðarvegur.****93 Seyðisfjarðarvegur.****96 Suðurfjarðavegur.****97 Breiðdalsvíkurvegur.****98 Djúpavogsvegur.****99 Hafnarvegur.***3.2.2. Þjóðbrautir.*

Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

*3.3. Aðalfjallvegir.***F22 Fjallabaksleið nyrðri:**

Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:

Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:

Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).**F82 Eyjafjarðarleið:**

Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga, um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptypingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

*Samgönguráðuneytið, 3. júlí 1987.***Matthías Bjarnason.***Birgir Guðjónsson.*

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 8. júlí 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. málslíður 2. mgr. 88. gr. hljóði svo: Kennslu í almennri lögfræði og ágrípi af réttarsögu skal haga þannig, að prófi í þeirri grein verði lokið í janúar eða að vori á 1. námsári. Heimilt er að endurtaka prófið að vori eða hausti.

2. gr.

Niðurlagsákvæði í 4. mgr. 88. gr. um munnlegt áfangapróf falli niður.

3. gr.

Orðin „Próf í almennri lögfræði“ í 3. mgr. 89. gr. falli niður.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir aftan 89. gr. falli niður.

5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. júlí 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

8. júlí 1987

239

Nr. 71

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 8. júlí 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Upphaf 1. mgr. 20. gr. orðist svo:

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentstöður og lektorstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð með skírskotun til heimildar í 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og öðlast gildi 15. september 1987.

Menntamálaráðuneytið, 8. júlí 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

3. september 1987

Nr. 72

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 3. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1987

Nr. 73

240

7. september 1987

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 7. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 74

10. september 1987

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 10. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 75

14. september 1987

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

**um að Alþingi skuli koma saman til fundar
laugardaginn 10. október 1987.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1987.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1987.

Þorsteinn Pálsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Magnús Thoroddsen.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 91 31. des. 1986, um breytingu á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga, laga nr. 19 5. apríl 1968, laga nr. 42 16. apríl 1971, laga nr. 50 25. apríl 1973, laga nr. 68 21. maí 1974, laga nr. 44 16. maí 1977, laga nr. 59 31. maí 1979, laga nr. 44 11. maí 1982, laga nr. 55 30. maí 1984 og laga nr. 52 7. maí 1986 inn í lög nr. 68 10. október 1967 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja við almennt umbótastarf í iðnaði.

2. gr.

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

- 0,25% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt V. kafla laga nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna

sveitarfélaga, og skal hækkun gjaldsins úr 0,05% í 0,25% koma til framkvæmda á árinu 1985 á gjaldstofn ársins 1984. Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

Gjaldldagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekju-skatts og tekjuútsvars.

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. jan. 1968 til að greiða fyrir hagrannsóknnum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda og Lands samband iðnaðarmanna.

2. Framlag ríkissjóðs, 50 milljónir króna (0,5 millj. nýkr.) á ári, í fyrsta sinn 1973.
3. Vextir.

6. gr.

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lána flokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverslunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgunarlaus fyrst í stað, allt eftir því, sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

Pegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Pegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinn framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

7. gr.

Stofna skal í Iðnlánasjóði vöruþróunar- og markaðsdeild, er hafi eftirfarandi tilgang:

- að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins.
- að örva nýsköpun.
- að auka útflutning iðnaðarvara.

8. gr.

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlagi til Útflutningsráðs Íslands, skv. 4. tl. 9. gr. laga þessara.

4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði. Árleg framlög og/eða styrkir mega aldrei leiða til skerðingar á höfuðstól deildarinnar.
5. Kaupum og sölum á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

Lán skv. 1. og 2. tl. er heimilt að hafa afborgunarlaus í allt að þrjú ár, og jafnframt er heimilt að afskrifa lánin heppnist verkefnið ekki. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

9. gr.

Ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs 1. júlí 1984.
2. $\frac{4}{7}$ hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna.
3. Framlag ríkissjóðs, er skal að lágmarki vera jafnhátt gjaldi skv. 2. tl. þessarar greinar.
4. $\frac{2}{7}$ hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna, og skal þeim hluta ráðstafað óskiptum til Útflutningsráðs Íslands.
5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánnum vöruþróunar- og markaðsdeildar.
6. Aðrar tekjur.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgð á lánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eftir nánari reglum, er stjórn sjóðsins setur. Ábyrgðir, sem kynnu að falla á Iðnlánasjóð, skulu dregnar frá ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar.

11. gr.

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnfé til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til. Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum samhliða lánsúmsókn.

12. gr.

Tekjur lánadeildar iðngarða eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónum króna (2,5 millj. nýkr.) á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. gr.
4. Vextir og vísitöluálag.

13. gr.

Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra, í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs, með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar. Í reglugerðinni skal þess gætt að með aðstöðu innan iðngarðs sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan bygðarlaga eða á landsvísu.

14. gr.

Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánnum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

15. gr.

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miða við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.

16. gr.

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánnum og kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundi um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

18. gr.

Iðnlánasjóður veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri í samræmi við ákvæði 6. gr.
5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.
6. Til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Nú lætur lánbeiðandi smíða vélar innanlands, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að veita honum bráðabirgðalán, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

Peir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkv. 5. gr. laga þessara, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

19. gr.

Upphæð lána má nema allt að 70 af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkvæmt verðlagi á hverjum tíma.

Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku á kostnað lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar kann að verða fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar, sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram.

20. gr.

Lán má veita úr sjóðnum gegn þessum tryggingum:

1. Gegn öruggu veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
2. Gegn 1. veðrétti í þeim vélum og tækjum, sem lánað er til.
3. Gegn ríkisábyrgð eða ábyrgð þriðja aðila, er sjóðsstjórn telur fullnægjandi.

Sjóðsstjórninni er auk þess rétt að taka frekari tryggingar en hér eru tilgreindar, svo að lán verði fulltryggt að hennar dómi.

Sjóðsstjórnin getur neitað að taka veð í nýjum vélum, ef vafasamt er um endursölu-möguleika þeirra, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.

Hús og vélar eru því aðeins fullgild veð fyrir lánum úr Iðnlánasjóði, að þau séu váttryggð í váttryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

Iðnlánasjóður getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og veðið hafi ekki rýrnað.

21. gr.

Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántökur úr sjóðnum.

22. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 10 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar. Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður að öðru leyti lánskjör með þeirri undantekningu þó er greinir í 22. gr.

23. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður, að fengnu áliti bankastjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarráðherra, vexti af lánum Iðnlánasjóðs.

24. gr.

Umsóknir um lán úr Iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar, sem lánsbeiðandi getur veitt fyrir láni.

3. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánsbeiðanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem lánsbeiðandi telur máli skipta.

Rétt er, að sjóðsstjórnin óski eftir þeim upplýsingum, sem hún telur sig þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán.

25. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

26. gr.

Nú er lán úr Iðnlánasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Þegar lán er fallið í gjalddaga, hefur Iðnlánasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögræðislögum, nr. 68 30. maí 1984, 39. gr., eða láta leggja Iðnlánasjóði það út til eignar, ef þörf gerist.

28. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Iðnlánasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

29. gr.

Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélags.

30. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Iðnlánasjóðs, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögum þessum.

31. gr.

Ákvæði 1. tl. 5. gr., 3. tl. 8. gr., 2. tl., 3. tl. og 4. tl. 9. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 26. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1987

Nr. 78

248

5. október 1987

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 5. október 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 79

9. október 1987

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 9. október 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 48. gr. laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum, nr. 2 5. mars 1987, hef látið fella meginmál þeirra laga, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt, og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

3. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

II. KAFLI

Kjördæmi.

4. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurbjördæmi.

Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi.

Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.

3. Vesturlandskjördæmi.

Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvíkurkaupstaður og Dalasýsla.

4. Vestfjarðakjördæmi.

Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

5. Norðurlandskjördæmi vestra.

Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

6. Norðurlandskjördæmi eystra.

Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Pingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Pingeyjarsýsla.

7. Austurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

8. Suðurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

5. gr.

Pingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. 8 þingsætum skal ráðstafað fyrir hverjar almennar alþingiskosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu almennum alþingiskosningum á undan.

Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:

1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennum alþingiskosningum á undan með tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
2. Nú hefur kjördæmi hlotið, samkvæmt a-lið, fleiri þingsæti en 5 og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.
3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsætið kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv. uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

c. Einu þingsæti er ráðstafað til kjördæmis skv. ákvæðum 4. tölul. 3. mgr. 113. gr.

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd með samþykki yfirkjörstjórnar að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að álitu yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi. Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þess flokks, sem kaus þá á Alþingi.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggja það vel við samgöngum.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kýs bæjarstjórn 3 manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna, ef með þarf.

11. gr.

Sá, sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess, að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt lögum þessum eru:

- a. sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Enn fremur annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í umboði framan- greindra embættismanna og eftir ákvörðun þeirra dómara og löggiltir fulltrúar við embætti þeirra, svo og aðrir fulltrúar þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins,
- b. hreppstjórar. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri,
- c. skipstjórar á íslenskum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,
- d. forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiráðismenn. Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiráðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Enn fremur fara kjörráðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjörráðismenn verða kjörstjórar.

Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Sveitarstjórnir annast um, að gerðar séu kjörskrár til alþingiskosninga, er fram eiga að fara, og skal samningu skráa vera lokið svo tímanlega, að þær verði lagðar fram svo sem fyrir er mælt í 19. gr.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. málsg. 19. gr.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölulíð 1. gr. enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. þessarar greinar að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri og skal rita framan við mánaðardaginn: *Fær atkvæðisrétt.* Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin, skal oddviti í hreppnum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefur á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefur verið samin og þangað til hún hefur verið lögð fram samkvæmt 19. gr., skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefur legið frammi samkvæmt 19. gr., og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Tveimur mánuðum fyrir kjördag skal leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kaupþúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram, skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur. Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur, eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar tvær vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína með þeim rökum og gögnum, sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagnert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærinni.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti, eða umboðsmenn þeirra. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn er mál getur varðað.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komist.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samning kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefur ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá, áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins. Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn sem mál getur varðað.

Dómsgjöld skal engin greiða í málum þessum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefur öðlast atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en 4 vikum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í kjöri eru.

27. gr.

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum.

Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 112. og 113. gr. Framboðslistarnir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórn málasamtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.

Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórn málasamtaka, ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.

28. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

29. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

30. gr.

Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni, eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá

framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o. s. frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnnum í té embættisinnsgli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar, hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum kjörstjóra utan kjörfunda, sbr. 13. gr., og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) halda sams konar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefur borist áætlun um það (sbr. 22. gr.), og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi, og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

39. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim, sem rækur er ger.

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

40. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a. m. k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.

41. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka, sbr. 40. gr.

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA..., B, BB..., o. s. frv. eftir því sem við á.

42. gr.

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð. Auglýsingu skv. þessari mgr. skal birta eigi síðar en þrem vikum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

43. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir listann þannig breyttan í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum kjörstjórnnum utan kjörfunda.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra, og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda. Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda átta vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínunum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 10 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínunum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr.

.....
(Nafn og föðurnafn kjósenda.)

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

kaus
(Staður, dagsetning og ár.)

hjá
(Staða.)

Nr.

Ég undirritaður, sem á heima

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

og get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hef útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hef engan annan kjörseðil frá mér sent og hef ekki kosið annars staðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár.)

.....
(Undirskrift kjósenda.)

Að
(Fullt nafn kjósenda.)

.....
(Heimili kjósenda.)


hafi undirskrifað fylgibréfið, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.)

Vitundarvottar

(Embættisstimpill nægir ekki.)

(Nafn.)



Umslögín skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefur verið lokað og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 10 blaða hefti fylgja 10 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annarra kjörstjóra, hver í sínu umdæmi, og færa hverja sendingu til bókar samkvæmt 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Skipstjórar þeir, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt 13. gr., skulu gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri er í 61. gr. getur.

Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnnum í té eyðublað undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla um 6 cm breidd hverjum lista, en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda.

52. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 3. mgr. 42. gr. skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

53. gr.

Kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera á þennan hátt:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** (nafn stjórn málasamtakanna).

54. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá frá sér.

55. gr.

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin, eins fljótt og verða má, afhenda til flutnings á næstu pósthönd sem ábyrgðarsendingu þá seðla sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórn innsiglar með embættis-innsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir, þegar atkvæði eru talin.

56. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra: **Ónýtir seðlar**, á tvö **Ágreiningusseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar**.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

57. gr.

Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram skal kjördagur vera hinn sami um land allt, annar laugardagur í maímánudi.

Allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

58. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður.

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

59. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku vól, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé audið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

60. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð þar, sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarinn allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti en 6,5 mm við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir

strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í kjördæminu.

61. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út ásamt stjórnarskránni í handhægrri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað, meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

62. gr.

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

63. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a. í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur,

b. í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c. um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,

d. í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiræðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjöræðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

Kjörstjóra samkvæmt a- og b-lið 1. málsg. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Kjörstjóri skv. a- og b-lið fyrri mgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og skv. nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrir en þrem vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjöræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

64. gr.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt

heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 72. gr.) annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð eða varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa.

65. gr.

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

66. gr.

Aður en kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, fær afhent kjörgögn skal hann, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og nafnnúmer.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjalda, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á er hann hefur skrifað á seðil sinn og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í vidurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjóra og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

67. gr.

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Þeir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

68. gr.

Þegar gengið hefur verið frá fylgibréfinu samkvæmt ákvæðum 66. gr., skal kjósandinn láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild, þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Síðan innsiglar kjörstjóri umslagið með lakki og þar til gerðu innsigli. Þó gildir sú meðferð ekki um þá atkvæðaseðla, er getur í 2. mgr. 71. gr. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggja atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi. Þar skal og greina nafnnúmer kjósanda.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

69. gr.

Nú ónýttist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

Ónýttta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggji ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýttst.

70. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

71. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (borgarfógeta) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti (borgarfógeti) síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur, áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá, en þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, þar sem hlutaðeigandi kjósanda hefur borið að kjósa, skal undirkjörstjórn geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf aðskilin til yfirkjörs-tjórnar.

72. gr.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

73. gr.

Kjörfundur skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörsstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, uns hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr., 2. málsg.

74. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

75. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórn og umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

76. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 71. gr.). Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

77. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild (sbr. 82. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutadeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

78. gr.

Í kjörfundarstofu svo og annars staðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

79. gr.

Dómsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þeirra, er getur í 78. gr., en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnnum.

80. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörslu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

81. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Áður en kjósandi fær afhentan kjörseðil, skal hann, ef kjörstjórn óskar þess, sanna hver hann er, með því að framvísa nafnskrirteini eða á annan fullnægjandi hátt.

82. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar, og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt, sé það undirritað af hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem kjósandi er á kjörskrá, eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag, hvaða kjósendum í kjördeildinni hreppsnefnd hafi gefið vottorð.

83. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindralettri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

84. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

85. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

86. gr.

Kjósandi má ekki haggja neitt við listum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

87. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi

inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður, jafnvel þótt hann skili auðum seðli.

88. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnamanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

89. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

90. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

91. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofni.

92. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

93. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

94. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

95. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósendans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 69. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréf og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

96. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefur utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 82. gr.), eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera, eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósenda (sbr. 32. og 64. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

97. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um það, hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fölginn, og leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

98. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

99. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

100. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 69. og 91. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 97. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangur eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til

Þess skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók, sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Þokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

101. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og sendir þær dómsmálaráðuneytinu, sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

102. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnur er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má, að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

103. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu, og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmalasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

104. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71. gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlur þeim, sem í honum eru, ósköduðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

105. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. Ef kjörseðill er auður.
2. Ef ekki verður séð, við hvern lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af listum, sem í kjöri eru.
3. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil.
4. Ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.
5. Ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

106. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli orðið listi fylgi listabókstaf að öþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmalasamtaka o.s.frv.

Lista í kjördæmi telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

107. gr.

Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum samkvæmt 32. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

108. gr.

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um, að einhver kjörseðill sé ógildur, og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, uns úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórnna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst loka með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

109. gr.

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 2. mgr. 115. gr.

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers

frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórn-um í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem audið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

XIV. KAFLI Úthlutun þingsæta.

110. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

111. gr.

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-lið fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi $\frac{3}{4}$ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan. Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur $\frac{2}{3}$ kjördæmistölnnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

112. gr.

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærrí en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölnnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

113. gr.

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

- Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
- Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
- Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
- Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-lið, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.

- áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur $\frac{1}{5}$ af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.
- áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
- áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
- áfangi:* Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. stafliðum a-e:
 - Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárrí hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
 - Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
 - Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
 - Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
 - Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

114. gr.

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. Þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra

landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a- til e-liðar 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

115. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjösendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

116. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið skv. fyrirmynd er dómismálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

117. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritada á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

118. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmalasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómismálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómismálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

119. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað – eftir almennar alþingiskosningar – að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.) og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar og kosningar eftir þingrof.

120. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kaптúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda það gagnert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsg. þessarar greinar.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild, eftir að hún er hafin, ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra það, að kosning geti fram haldið, og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna. Yfirkjörstjórn í Reykjavík tekur ákvörðun um frestun kosninga þar. Hafi kosningu verið frestað, ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. málsg. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 100. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórnin hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

121. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 128. og 129. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

122. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður forseti þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þar geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

123. gr.

Hrepptjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík borgarfógeta), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð

kjörblöð með tilheyrandi umslögum svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefur verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefur verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík borgarfógeta).

Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

124. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla, aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 108. gr., búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanna þeirra eða bæjarfógeta, sem úthlutuðu utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík borgarfógeta). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafist af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

125. gr.

Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi svo og að undirskrifa slíkar áskoranir fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með framboðslistum í 27. gr. Þó er stjórnmalafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.
2. Að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar.
3. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelða hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.
4. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi

merki stjórnmalasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

5. Að hafa merki stjórnmalasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.
6. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

7. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.
8. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærum.

126. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna, frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

127. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til dómsmálaráðuneytisins, og fer um málareksturinn að hætti opinberra mála með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

128. gr.

Ef Alþingi berst kæra um, að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kærana og fellir úrskurð um hana, jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má, að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísitandi átt sök á mis-

fellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

129. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

130. gr.

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Í nefndum innan Alþingis skal varamaður taka sæti þess þingmanns sem hann leysir af hólmi.

XXI. KAFLI

Kostnaður.

131. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.
2. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.
3. Hrepps sjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi þokum.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

132. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngr refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

133. gr.

Það varðar sektum:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.
2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.
4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 69. og 91. gr.).
5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.).
6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið.
7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu.
8. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.
9. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 64. gr.).
10. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 6. tölulið 125. gr., ef ekki liggur þingri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.
11. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

134. gr.

Það varðar sekt, nema þingri refsing liggir við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.
2. Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.
3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir, að það komist til skila.
4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

135. gr.

Það varðar sekt, nema þingri refsing liggir við eftir öðrum lögum:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.
2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

136. gr.

Það varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

137. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 1. október 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Upphafsmálsliður 1. mgr. 115. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, jarðfræðiskor, líffræðiskor, stærðfræðiskor og tölvunarfræðiskor.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 15. september 1988.

Menntamálaráðuneytið, 9. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um tollskrá.

Inngangur

Hinn 14. júní 1983 var Alþjóðlegur samningur um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá lagður fram af hálfu Tollasamvinnuráðsins til undirritunar. Við samning þennan var síðan gerð bókun hinn 24. júní 1986 með það fyrir augum að samningurinn gangi í gildi hinn 1. janúar 1988 og samræmda tollskráin verði frá og með sama tíma tekin í notkun við flokkun vara í tollskrám. Frá sama tíma tekur samræmda tollskráin við af núgildandi nafnaskrá Tollasamvinnuráðsins sem byggð er á samningi ráðsins frá 15. desember 1953.

Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. júní 1985 og ákvæði tekið upp í 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalög, til þess m. a. að taka upp samræmdu tollskrána vegna tollmeðferðar hérlendis á innfluttum og útfluttum vörum. Með vísan til framanritaðs skulu innfluttar og útfluttar vörur frá og með 1. janúar 1988 flokkaðar samkvæmt eftirfarandi tollskrá og tollur af innfluttum vörum greiddur í samræmi við eftirfarandi:

Vöruskrá með tolli

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll, nema annað sé tekið fram í auglýsingu þessari, tollalögum eða öðrum sérstökum lögum eða reglugerðum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Tollur skal vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá,

þannig, að dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EEB). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem fluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu (þ. e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spáni og Vestur-Þýskalandi) eða sérstakir tolltaxtar gilda um, sbr. III. kafla auglýsingar nr. 404/1987:

0504.0001—0504.0009, 0511.9122, 0511.9129, 0511.9900, 1212.2009, 1402.1000—1404.1000, 1404.9009, 1501.0001, 1502.0001, 1504.1001—1506.0009, 1516.1002, 1516.1009, 1603.0009—1605.4029, 1605.9012, 1605.9019, 1605.0929, 2002.9001, 2004.9004, 2005.1010, 2103.3000, 2104.2021, 2104.2029, 2104.2039, 2201.1000, 2207.1000, 2207.2000, 2301.1001—2301.2029 og 2403.9901.

Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum.
- b. Þegar talað er um tiltekið efni í vörulið tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. töluliðar hér á eftir.
3. Nú kemur til álitá samkvæmt reglu 2. töluliðar, eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
 - a. Vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekinn fram yfir vörulið með almennri vörulýsingu. Þegar tveir eða fleiri vöruliðir hver um sig taka aðeins til hluta þeirra efna eða efnivara, sem eru í blöndum eða samsettum vörum, eða aðeins til hluta vara í vörusamstæðu í smásöluumbúðum, skulu þeir vöruliðir taldir koma að jöfnu til álitá með tilliti til þessara vara, þótt einn þeirra gefi fyllri eða nákvæmari lýsingu á vörunum.
 - b. Blöndur, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður sem eigi verður flokkað eftir reglu a-liðar 3. töluliðar skal flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.
 - c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a- eða b-liðar 3. töluliðar hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álitá.
4. Vörur sem ekki verða flokkaðar samkvæmt undanfarandi reglum skulu taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar.
5. Auk undanfarandi ákvæða skulu eftirfarandi reglur gilda um þær vörur sem hér greinir:
 - a. Myndavélahylki, hljóðfæratöskur, byssuhulstur, pennastokkar, skartgripaskrín og áþekk ílát sem sérstaklega eru löguð eða smíðuð undir ákveðnar vörur eða vörusamstæður, eru ætluð til langvarandi nota og framvísað með þeim vörum sem þær eru ætlaðar undir skal flokka með þessum hlutum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til ílátá sem eru einkennandi fyrir vöruna í heild.
 - b. Leiði ekki annað af reglu a-liðar 5. töluliðar skal umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vörunum í, flokkað með vörunum, enda sé það venjulega notað til pökkunar á slíkum vörum.
6. Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til reglunnar, nema annað leiði af orðalagi.

FLOKKUR I**Lifandi dýr; vörur úr dýraríkinu**

Athugasemdir:

1. Með tiltekinni ættkvísl eða tegund dýra í þessum flokki er átt við afkvæmi þeirrar ættkvíslar eða tegundar leiði ekki annað af samhenginu.
2. Hvarvetna í tollskránni tekur orðið *þurrkað* til vara sem hafa verið vatnssneyddar, eimaðar eða frostþurrkaðar leiði ekki annað af samhenginu.

1. KAFLI**Lifandi dýr**

Athugasemd:

Til þessa kafla teljast öll lifandi dýr nema:

- a. Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar í nr. 0301, 0306 eða 0307.
- b. Ræktaðar örverur og aðrar vörur í nr. 3002.
- c. Dýr í nr. 9508.

		A %	E %
0101	Lifandi hestar, asnar, múlasnar og múldýr:		
	– Hestar:		
1100	– – Hreinræktuð dýr til undaneldis	40	
	– – Aðrir:		
1901	– – – Reiðhestar	40	
1902	– – – Til slátrunar	40	
1909	– – – Annars	40	
2000	– Asnar, múlasnar og múldýr	40	
0102	Lifandi dýr af nautgripaætt:		
1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	40	
9000	– Önnur	40	
0103	Lifandi svín:		
1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	40	
	– Önnur:		
9100	– – Að þyngd minna en 50 kg	40	
9200	– – Að þyngd 50 kg eða meira	40	
0104	Lifandi sauðfé og geitfé:		
1000	– Sauðfé	40	
2000	– Geitfé	40	
0105	Lifandi alifuglar, þ.e. hænsni af tegundinni Gallus domesticus, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni:		
	– Að þyngd ekki meira en 185 g:		
1100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	40	
1900	– – Aðrir	40	
	– Aðrir:		
9100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	40	
9900	– – Annars	40	
0106	Önnur lifandi dýr:		
0001	– Minkar	0	
0002	– Refir	0	
0003	– Kanínur	0	
0009	– Annars	40	

2. KAFLI

Kjöt og ætir hlutar af dýrum

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

- a. Vörur sem lýst er í nr. 0201—0208 eða nr. 0210, óhæfar eða henta ekki til manneldis.
- b. Parmar, blöðrur eða magar úr dýrum (nr. 0504) eða dýrablóð (nr. 0511 eða 3002).
- c. Dýrafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 (15. kafla).

	A %	E %
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:	
1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	
2000	– Sneitt á annan hátt, með beini	
3000	– Beinlaust	
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, frosið:	
1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	
2000	– Sneitt á annan hátt, með beini	
3000	– Beinlaust	
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:	
	– Nýtt eða kælt:	
1100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	
1200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	
1900	– – Annað	
	– Frosið:	
2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	
2200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	
2900	– – Annað	
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:	
1000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir	
	– Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:	
2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	
2200	– – Sneitt á annan hátt, með beini	
2300	– – Beinlaust	
3000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir	
	– Annað kindakjöt, fryst:	
4100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	
	– – Sneitt á annan hátt, með beini:	
4201	– – – Svið (sviðahauser)	
4209	– – – Annað	
4300	– – Beinlaust	
5000	– – Geitakjöt	
0205	0000 Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	
0206	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:	
1000	– Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	
	– Af dýrum af nautgripakyni, fryst:	
2100	– – Tunga	
2200	– – Lifur	
2900	– – Annað	

	A %	E %
3000 – Af svínum, nýtt eða kælt	40	
– Af svínum, fryst:		
4100 – – Lifur	40	
4900 – – Annað	40	
8000 – Annað, nýtt eða kælt	40	
9000 – Annað, fryst	40	
0207 Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:		
1000 – Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir	40	
– Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:		
2100 – – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	40	
2200 – – Kalkúnar	40	
2300 – – Endur, gæsir og perluhænsni	40	
– Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:		
3100 – – Fitulifur gæsa og anda	40	
3900 – – Annað	40	
– Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:		
4100 – – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus	40	
4200 – – Af kalkúnum	40	
4300 – – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum	40	
5000 – Alifuglalifur, fryst	40	
0208 Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:		
1000 – Af kanínum eða hérnum	40	
2000 – Froskafætur	40	
– Annað:		
9001 – – Hvalkjöt	0	
9002 – – Hvalafurðir, ót.a.	0	
9009 – – Annars	40	
0209 0000 Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt	40	
0210 Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fímmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:		
– Svínakjöt:		
1100 – – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini	40	
1200 – – Slög og sneiðar af þeim	40	
1900 – – Annað	40	
2000 – Kjöt af dýrum af nautgripakyni	40	
– Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fímmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:		
9001 – – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt	40	
9009 – – Annars	40	

3. KAFLI

Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

- a. Sjávarspendýr (nr. 0106) eða kjöt af þeim (nr. 0208 eða 0210).
- b. Fiskur (þar með talið lifur og hrogn), krabbadýr, lindýr eða aðrir vatnahryggleysingjar, dautt og óhæft eða hentar ekki til mannelis vegna tegundar eða ástands (5. kafli); mjöl, einnig finmalað, eða kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til mannelis (nr. 2301).
- c. Kavíar eða kavíarlíki unnið úr hrognum (nr. 1604).

		A	E
		%	%
0301	Lifandi fiskur:		
1000	– Skrautfiskur	40	
	– Aðrir lifandi fiskar:		
	– – Silungur (<i>Salmo trutta</i> , <i>Salmo gairdneri</i> , <i>Salmo clarki</i> , <i>Salmo aguabonita</i> , <i>Salmo gilae</i>):		
9101	– – – Eldisfiskur, þ.m.t. seiði	40	
9109	– – – Annar	40	
9200	– – Áll (<i>Anguilla</i> spp.)	40	
9300	– – Vatnakarfi	40	
	– – Annar:		
9901	– – – Laxfiskur ót.a., þ.m.t. seiði	40	
9909	– – – Annars	40	
0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:		
	– Laxfiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
	– – Silungur (<i>Salmo trutta</i> , <i>Salmo gairdneri</i> , <i>Salmo clarki</i> , <i>Salmo aguabonita</i> , <i>Salmo gilae</i>):		
1101	– – – Eldissilungur	0	
1109	– – – Annar	0	
	– – Kyrrahafslax (<i>Oncorhynchus</i> spp.), Atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>) og Dónárlax (<i>Hucho hucho</i>):		
1201	– – – Eldislax	0	
1209	– – – Annar	0	
1900	– – Annar	0	
	– Flatfiskur (<i>Pleuronectidae</i> , <i>Bothidae</i> , <i>Cynoglossidae</i> , <i>Soleidae</i> , <i>Scophthalmidae</i> og <i>Citharidae</i>), þó ekki lifur og hrogn:		
	– – Lúða (<i>Reinhardtius hippoglossoides</i> , <i>Hippoglossus hippoglossus</i> , <i>Hippoglossus stenolepis</i>):		
2101	– – – Grálúða	0	
2102	– – – Lúða	0	
2109	– – – Annar	0	
2200	– – Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	0	
2300	– – Sólfúra (<i>Solea</i> spp.)	0	
2900	– – Annar	0	
	– Túnfiskur (af ættkvíslinni <i>Thunnus</i>), röndótti túnfiskur eða randmagi (<i>Euthynnus (Katsuwonus) pelamis</i>), þó ekki lifur og hrogn:		
3100	– – Hvíti túnfiskur eða langugga túnfiskur (<i>Thunnus alalunga</i>)	0	
3200	– – Gulugga túnfiskur (<i>Thunnus albacares</i>)	0	
3300	– – Röndótti túnfiskur eða randmagi	0	

	A %	E %
3900 -- Annað	0	
4000 -- Síld (<i>Clupea harengus</i> , <i>Clupea pallasii</i>), þó ekki lifur og hrogn ..	0	
5000 -- Þorskur (<i>Gadus morhua</i> , <i>Gadus ogac</i> , <i>Gadus macrocephalus</i>), þó ekki lifur og hrogn	0	
-- Annar fiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
6100 -- Sardínur (<i>Sardina pilchardus</i> , <i>Sardinops</i> spp.), sardínellur (<i>Sardinella</i> spp.), brislingur eða spratti (<i>Sprattus sprattus</i>)	0	
6200 -- Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	0	
6300 -- Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	0	
6400 -- Makrill (<i>Scomber scombrus</i> , <i>Scomber australasicus</i> , <i>Scomber japonicus</i>)	0	
6500 -- Háfur og aðrir háfiskar	0	
6600 -- Áll (<i>Anguilla</i> spp.)	0	
-- Annars:		
6901 -- -- Loðna	0	
6902 -- -- Langa	0	
6903 -- -- Karfi	0	
6904 -- -- Keila	0	
6905 -- -- Steinbítur	0	
6906 -- -- Skata	0	
6909 -- -- Annar	0	
7000 -- Lifur og hrogn	0	
0303 Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:		
1000 -- Kyrrahafslax (<i>Oncorhynchus</i> spp.), þó ekki lifur og hrogn	0	
-- Annar lax, þó ekki lifur og hrogn:		
-- Silungur (<i>Salmo trutta</i> , <i>Salmo gairdneri</i> , <i>Salmo clarki</i> , <i>Salmo aguabonita</i> , <i>Salmo gilae</i>):		
2101 -- -- Eldissilungur	0	
2109 -- -- Annar	0	
-- Atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>) og Dónárlax (<i>Hucho hucho</i>):		
2201 -- -- Eldislax	0	
2209 -- -- Annar	0	
2900 -- -- Annars	0	
-- Flatfiskur (<i>Pleuronectidae</i> , <i>Bothidae</i> , <i>Cynoglossidae</i> , <i>Soleidae</i> , <i>Scophthalmidae</i> og <i>Citharidae</i>), þó ekki lifur og hrogn:		
-- Lúða (<i>Reinhardtius hippoglossoides</i> , <i>Hippoglossus hippoglossus</i> , <i>Hippoglossus stenolepis</i>):		
3101 -- -- Grálúða	0	
3102 -- -- Lúða	0	
3109 -- -- Önnur	0	
3200 -- -- Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	0	
3300 -- -- Sólfúra (<i>Solea</i> spp.)	0	
3900 -- -- Annar	0	
-- Túnfiskur (af ættkvíslinni <i>Thunnus</i>), röndótti túnfiskur eða randmagi (<i>Euthynnus (Katsuwonus) pelamis</i>), þó ekki lifur og hrogn:		
4100 -- -- Hvíti túnfiskur eða langugga túnfiskur (<i>Thunnus alalunga</i>)	0	
4200 -- -- Gulugga túnfiskur (<i>Thunnus albacares</i>)	0	
4300 -- -- Röndótti túnfiskur eða randmagi	0	
4900 -- -- Annar	0	
5000 -- Síld (<i>Clupea harengus</i> , <i>Clupea pallasii</i>), þó ekki lifur og hrogn ..	0	

	A %	E %
6000 – Þorskur (<i>Gadus morhua</i> , <i>Gadus ogac</i> , <i>Gadus macrocephalus</i>), þó ekki lifur og hrogn	0	
– Annar fiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
7100 – – Sardínur (<i>Sardina pilchardus</i> , <i>Sardinops</i> spp.), sardínellur (<i>Sardinella</i> spp.), brislingur eða spratti (<i>Sprattus sprattus</i>)	0	
7200 – – Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	0	
7300 – – Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	0	
7400 – – Makrill (<i>Scomber scombrus</i> , <i>Scomber australasicus</i> , <i>Scomber japonicus</i>)	0	
7500 – – Háfur og aðrir háfiskar	0	
7600 – – Áll (<i>Anguilla</i> spp.)	0	
7700 – – Sjóvartari (<i>Dicentrarchus labrax</i> , <i>Dicentrarchus punctatus</i>)	0	
7800 – – Lýsingur (<i>Merluccius</i> spp., <i>Urophycis</i> spp.)	0	
– – Annars:		
7901 – – – Loðna	0	
7902 – – – Langa	0	
7903 – – – Karfi	0	
7904 – – – Keila	0	
7905 – – – Steinbitur	0	
7906 – – – Skata	0	
7909 – – – Annar	0	
– Lifur og hrogn:		
8001 – – Þorskrogn til iðnaðar (kramin, sprungin)	0	
8002 – – Önnur hrogn til iðnaðar	0	
8003 – – Loðnuhrogn	0	
8004 – – Valin þorskrogn	0	
8005 – – Valin matarhrogn, önnur	0	
8006 – – Fisklifur	0	
8009 – – Annað	0	
0304 Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst:		
– Nýtt eða kælt:		
1011 – – Ýsa	0	
1012 – – Þorskur	0	
1013 – – Ufsi	0	
1014 – – Síld	0	
1015 – – Loðna	0	
1016 – – Karfi	0	
1017 – – Langa	0	
1018 – – Keila	0	
1019 – – Annar fiskur, kældur	0	
– Flatfiskur:		
1021 – – – Grálúða	0	
1022 – – – Lúða	0	
1029 – – – Annar	0	
1030 – – Annar	0	
– Fryst flök:		
2011 – – Síld	0	
2012 – – Loðna	0	
2013 – – Flatfiskur, blokkfrystur	0	
2014 – – Flatfiskur, önnur flök	0	
2015 – – Háfur	0	

	A %	E %
2016 -- Hámeri, blokkfryst	0	
2017 -- Hámeri, önnur flök	0	
2018 -- Karfi, blokkfrystur	0	
2019 -- Karfi, önnur flök	0	
2021 -- Langa, blokkfryst	0	
2022 -- Langa, önnur flök	0	
2023 -- Keila, blokkfryst	0	
2024 -- Keila, önnur flök	0	
2025 -- Skata, önnur	0	
2026 -- Steinbítur, blokkfrystur	0	
2027 -- Steinbítur, önnur flök	0	
2028 -- Ufsi, blokkfrystur	0	
2029 -- Ufsi, önnur flök	0	
2031 -- Ýsa, blokkfryst	0	
2032 -- Ýsa, önnur flök	0	
2033 -- Þorskur, blokkfrystur	0	
2034 -- Þorskur, önnur flök	0	
2039 -- Önnur	0	
-- Annað:		
9011 -- Karfahakk (marningur)	0	
9012 -- Lönguhakk (marningur)	0	
9013 -- Keiluhakk (marningur)	0	
9014 -- Steinbítshakk (marningur)	0	
9015 -- Ufsahakk (marningur)	0	
9016 -- Ýsuhakk (marningur)	0	
9017 -- Þorskhakk (marningur)	0	
9019 -- Aðrar tegundir, blokkfrystar	0	
9021 -- Gellur	0	
9022 -- Kinnar	0	
9023 -- Fiskfés	0	
9024 -- Úrgangur, ót.a.	0	
9029 -- Annars	0	
0305 Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu; fiskimjöl hæft til manneldis:		
1000 -- Fiskimjöl hæft til manneldis	0	
-- Lifur og hrogn, þurrkað, reykt, saltað eða í saltlegi:		
2001 -- Grásleppuhrogn, söltuð	0	
2002 -- Þorskhrogn, sykursöltuð	0	
2003 -- Önnur hrogn, sykursöltuð, ót.a.	0	
2004 -- Þorskhrogn, grófsöltuð, ót.a.	0	
2005 -- Loðnuhrogn, grófsöltuð	0	
2006 -- Önnur hrogn, grófsöltuð	0	
2009 -- Annað	0	
-- Fiskflök, þurrkuð, söltuð, í saltlegi en ekki reykt:		
3001 -- Usaflok	0	
3002 -- Þorskflok	0	
3009 -- Önnur	0	
-- Reyktur fiskur, þar með talin flök:		
4100 -- Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho)	0	

	A %	E %
4200 -- Síld (<i>Clupea harengus</i> , <i>Clupea pallasii</i>)	0	
-- Annað:		
4901 --- Silungur	0	
4902 --- Áll	0	
4909 --- Annars	0	
-- Þurrkaður fiskur, einnig saltaður en ekki reyktur:		
5100 -- Þorskur (<i>Gadus morhua</i> , <i>Gadus ogac</i> , <i>Gadus macrocephalus</i>)	0	
-- Annar:		
5901 --- Langa	0	
